








# Bændablaðið

5. tölublað 2025 • Fimmtudagur 6. mars • Blað nr. 675 • 31 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



**Helga Björg Helgadóttir, kúabóndi á Syðri-Hömrum 3 í Ásahreppi, vill byggja upp búskapinn þrátt fyrir að hafa lent í áföllum. Eiginmaður hennar, Guðjón Björnsson, lést í vinnuslysi við bústörf í mars 2023. Saman byggðu þau upp eitt afurðahæsta kúabú landsins og hefur Helga viðhaldið þeim árangri og bætt um betur. Á næstu misserum hyggst Helga reisa nýtt fjós á bænum.** *– Sjá nánar á síðum 32–33.* Mynd / Ástvaldur Lárusson

## Deilt er um dýravelferð

Forsvarsmenn Dýraverndarsambands Íslands eru ósáttir við að stjórnsýsla dýravelferðar verði áfram undir Matvælastofnun og vilja að hún verði óháð stjórnsýslu matvælaeftirlits. Þeir segja að sein eða engin viðbrögð við dýraníði séu dæmi um vanhæfi stofnunarinnar til að sinna skyldum sínum.

Lögfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands, sem jafnframt situr í Fagráði um velferð dýra fyrir hönd samtakanna, telur það að kljúfa dýravelferð frá Matvælastofnun hins vegar ekki skynsamlegt eða til þess fallið að styrkja velferð dýra. Innan stofnunarinnar sé yfirgripsmikil sérþekking og önnur starfsemi stofnunarinnar eigi mikla samleið með dýravelferð.

Dýraverndarsambandið leggur til að stofnuð verði sérstök Dýravelferðarstofa sem heyri undir ráðuneyti umhverfismála. Væri þannig klippt á hugsanleg hagsmunatengsl matvælaframleiðslu og dýravelferðar og henni gert hærra undir höfði. Til vara er lagt til að setja dýravelferð undir nýstofnaða Náttúruverndarstofnun, sem nú þegar hafi víðtækt hlutverk til verndar líffræðilegri fjölbreytni og sjái um stjórnun veiða á villtum fuglum og spendýrum.

Lögfræðingur Bændasamtakanna segir málaflokknum stýrt með ágætum hjá Matvælastofnun og ekki ástæða til að ætla að betur yrði að verki staðið annars staðar. */sá*

**– 20 –**

# Fæðufullveldi fer dvínandi

**„Ýmislegt bendir til þess að fæðufullveldi í Evrópu fari dvínandi," sagði Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði, á fundi um íslenska matvælaframleiðslu í síðustu viku.**

„Þessi þróun skapar hættu á dvínandi fæðufullveldi, þ.e. minni framleiðsla í Evrópu kallar á aukinn innflutning, svo Evrópa verður háðari matvælum sem framleidd eru undir öðrum reglum og kröfum sem ESB hefur ekkert að segja um."

Hækkandi tollar og viðskiptahindranir geta raskað aðgengi að innfluttum matvælum, sem gerir löndum mikilvægt að treysta á eigin framleiðslu, sagði Margrét enn fremur en í erindi sínu á fundinum talaði hún um mikilvægi fæðufullveldis þjóða við breyttar aðstæður í alþjóðasamfélaginu. Bandaríkin, eitt stærsta efnahagsveldi heims, geta með tollahækkunum haft áhrif á alþjóðaviðskipti og matvælaverð, sem getur bitnað á fæðuöryggi margra ríkja.

„Jafnframt hefur innrás Rússlands í Úkraínu truflað framboð á mikilvægum landbúnaðarafurðum eins og korni og áburði sem hefur leitt til hærra matvælaverðs. Þetta undirstrikar þörf ríkja fyrir að efla sjálfbæra matvælaframleiðslu og styðja við bændur í sínu heimalandi," sagði Margrét.

### *Fæðufullveldi sterkt en brothætt*

Fæðufullveldi snýst um rétt fólks til heilbrigðra og menningarlega viðeigandi matvæla sem framleidd eru með vistvænum og sjálfbærum aðferðum og rétt þeirra til að skilgreina eigin matvæla- og landbúnaðarkerfi. Fæðufullveldi einblínir á vonir og þarfir þeirra sem framleiða, dreifa og neyta matvæla, frekar en kröfur markaða og fyrirtækja – í matvælakerfum og stefnum.

Samkvæmt nýlegri samantekt frá Farm Europe er fæðufullveldi ESB í heild sinni áfram sterkt – en brothætt, sagði Margrét. „Sambandið er útsett fyrir geopólitískum sviptingum, loftslagsáhættu og aðgangi að fóðri og orku. Reyndar hefur sjálfsaflahlutfall ESB í fóðri farið hratt versnandi, sérstaklega hvað varðar ræktun í Frakklandi, Þýskalandi og á Ítalíu.

Þá eru þjóðir þar, líkt og hér, að horfa upp á fækkun bænda og versnandi afkomu þeirra. ESB á það einnig sameiginlegt með Íslandi að meðalaldur bænda fer hratt hækkandi."

### *Þarf að tryggja samkeppnishæfni*

Margrét velti sömuleiðis fyrir sér fæðufullveldi Íslands. „Við viljum vita hvaðan maturinn okkar kemur og undir hvaða kringumstæðum hann er framleiddur," svaraði Margrét. „Þar má t.d. nefna að hérlendis er notkun sýklalyfja og varnarefna með því lægsta sem þekkist innan OECD-landanna og vel er fylgst með kjörum og réttindum bænda og starfsfólks í matvælaframleiðslu. Við skilgreinum sjálf okkar eigið landbúnaðarkerfi og hvernig við viljum að maturinn sé framleiddur. Við höfum lítið um það að segja þegar kemur að innfluttum matvælum."

Margrét sagði enn fremur að til þess að styrkja fæðufullveldi Íslands þyrfti að efla sjálfbæra matvælaframleiðslu og styðja við innlendan landbúnað. „Við þurfum að tryggja samkeppnishæfni greinarinnar. Sé hún ekki tryggð verður íslenskur landbúnaður undir í keppni við innflutt matvæli, innlend framleiðsla dregst saman og við verðum háðari innfluttum matvælum. Þá höfum við ekki mikið að segja um framleiðsluaðferðir, lyfjanotkun, kjör þeirra sem að framleiðslunni standa, aðbúnað dýra og svo má lengi telja."

Fundurinn bar yfirskriftina „Íslensk matvæli – einkamál fárra eða hagsmunir allra?" en að honum stóðu Bændasamtök Íslands, Samtök ungra bænda, Samtök smáframleiðenda matvæla, Beint frá býli, Samtök afurðastöðva í mjólkurframleiðslu og Samtök fyrirtækja í landbúnaði. */ph*



Húsnæði SAH afurða á Blönduósi. Mynd / mþþ

# Uppsagnir á Blönduósi

**Kjarnafæði Norðlenska hefur sagt upp 22 starfsmönnum sem starfa við sláturhús SAH á Blönduósi. Um 250 milljóna króna tap fyrirtækisins á síðasta ári er m.a. rakið til þess að forsendur hagræðingar brustu.**

Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Kjarnafæðis Norðlenska, segir þetta hafa verið nauðsynlega hagræðingaraðgerð þar sem fyrirtækið var rekið með tapi á síðasta ári. Engin sauðfjárslátrun verður á Blönduósi í haust og mun önnur starfsemi dreifast á aðrar starfsstöðvar Kjarnafæðis Norðlenska, en fyrirtækið rekur sláturhús og kjötvinnslu á Húsavík og Svalbarðseyri og á tveimur stöðum á Akureyri.

### *Fimm starfsmenn áfram*

„Við erum með talsverða starfsemi á Blönduósi utan sláturtíðar og það tekur tíma að vinda þá starfsemi niður,“ segir Ágúst. Því var fimm starfsmönnum ekki sagt upp „enda talsvert verk fram undan bæði í áframhaldandi vinnslu til skamms tíma og frágangi ýmiss konar til lengri tíma.“ Ágúst telur að starfsemin verði orðin mjög lítil í lok þessa árs.

„Við áttum ágætisspjall við starfsfólkið sem var sagt upp og erum að vinna með því áfram og aðstoða það í atvinnuleit. Síðan stendur til boða að fólk flytji sig á aðrar starfsstöðvar fyrirtækisins. Þetta er gott starfsfólk og það er klárlega pláss fyrir það hjá okkur, en auðvitað tekur hver ákvörðun fyrir sig,“ segir Ágúst.

### *Mikil fækkun á dilkum*

Ágúst bendir á að framboð á sláturgripum hafi dregist umtalsvert saman á undanförnum árum sem hefur leitt til verri nýtingar á hverju sláturhúsi. „Það er búið að draga úr sauðfjárslátrun um yfir 150 þúsund dilka frá 2017. Það er ljóst að eigi greinin að vera samkeppnishæf verður hún að draga úr föstum kostnaði og lækka framleiðslukostnað. Það er vegna eðlilegrar kröfu bænda um ásættanlegt afurðaverð og afkomu, á sama tíma og samkeppni á markaði er mjög hörð og mikil krafa um að verðlagi sé stillt í hóf.“

### *Tjón vegna forsendubrests*

Afkoma Kjarnafæðis Norðlenska reyndist neikvæð sem nemur um 250 milljónum króna árið 2024.

Það kemur fram í frétt sem birtist á vef fyrirtækisins. Sagt er frá fundi stjórnar, sem fram fór 20. febrúar sl., og að mikil breyting hafi verið á afkomu félagsins samanborið við 2023 þegar hagnaður varð af rekstri.

„Stærstu áhrifaþættir versnandi afkomu eru miklar kostnaðarhækkanir á aðföngum, launum og þjónustu. Félagið tók þátt í viðleitni atvinnulífsins til að ná tökum á verðbólgu á Íslandi og hækkaði verð á sínum framleiðsluvörum að meðaltali minna en almenn verðlagsþróun og kostnaðarhækkanir gáfu tilefni til. Þá voru vaxtagjöld á árinu um 512 m.kr., sem er 47 m.kr. aukning frá árinu áður. Veldur þar hærra vaxtastig og hærri staða afurðalána vegna verðhækkana til bænda,“ segir í fréttinni.

Enn fremur segir þar að forsenda þess að talið var unnt að stilla verðbreytingum í hóf hafi verið áætlanir um mögulega hagræðingu sem breytingar á búvörulögum frá því í apríl í fyrra áttu að leiða af sér, en fyrirtækið hækkaði afurðaverð til sauðfjárbænda í síðustu sláturtíð um tólf prósent frá árinu áður.

„Tekin var ákvörðun um að greiða hluta væntrar hagræðingar út til neytenda og bænda fyrir fram, en ætlunin var að hefja hagræðingaraðgerðir í lok árs 2024. Í kjölfar dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í nóvember 2024 og tilmæla Samkeppniseftirlitsins, stöðvuðust allar stærri hagræðingaraðgerðir með tilheyrandi tjóni fyrir félagið. Sú óvissa sem skapast hefur um heimildir til hagræðingar hefur haft verulega truflandi áhrif á rekstur félagsins og ljóst að ef ekki verður unnt að hagræða verulega í rekstri, umfram það sem þegar hefur verið gert, mun það hafa neikvæð áhrif á getu félagsins til að halda aftur af verðhækkunum og draga úr greiðslugetu þess til bænda,“ segir í frétt Kjarnafæði Norðlenska.

*/ál -ghp*



Sorpeyðingarstöðin Kalka í Reykjanesbæ er eini lögformlegi móttökuaðili fyrir dýrahræ á Íslandi sem þarf að farga. Minna en helmingur þessa úrgangs fór á árinu 2023 til brennslu þar, þrátt fyrir að áætlað sé að stöðin geti tekið við um 90 prósentum af heildarumfanginu. Mynd / Kalka

# Kalka gæti tekið við mun meira af dýrahræjum

## – Skortur á innviðum aðalástæðan fyrir eftirlitsleysi með ólöglegri förgun

**Kalka sorpeyðingarstöð í Helguvík í Reykjanesbæ er eini lögformlegi móttökuaðili fyrir dýrahræ á Íslandi sem þarf að farga. Minna en helmingur þessa úrgangs fór á árinu 2023 til brennslu þar, þrátt fyrir að áætlað sé að stöðin geti tekið við um 90 prósentum af heildarumfanginu.**

Í síðustu tölublöðum hefur verið fjallað um gjaldtöku sveitarfélaga vegna þjónustu þeirra við söfnun á þessum úrgangi, sem þó flokkast sérstaklega sem „aukaafurðir dýra“ í regluverki úrgangsmála. Bændur bera ábyrgð á förgun sinna dýrahræja en heyrst hafa óánægjuraddir á meðal þeirra með gjaldtökuna og fyrirkomulag söfnunar.

### *Vandræðamál fyrir heilbrigðisnefnd Suðurlands*

Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson, sérfræðingur á sviði orkuskipta- og hringrásarhagkerfis hjá Umhverfis- og orkustofnun, segir í fyrri umfjöllun að sveitarfélög setji sér sínar reglur um fyrirkomulag úrgangsmála og þar með talinn farveg fyrir dýrahræ og -leifar.

Umsjón með almenna úrgangsregluverkinu á Íslandi er hjá Umhverfis- og orkustofnun. Matvælastofnun fer hins vegar með málefni aukaafurða dýra og um þær gildir viðamikið regluverk sem innleitt var úr Evrópulöggjöfinni um aukaafurðir dýra. En eftirlit með því að rétt sé staðið að förgun á þessum úrgangi og öðrum er í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.



Sigrún Guðmundsdóttir.

Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, sem heyrir undir heilbrigðisnefnd Suðurlands, segir að þetta sé vandræðamál. Innviði vanti til að hægt sé að standa að þessum málum eins og æskilegt væri. „Hér á landi skortir einfaldlega fleiri brennslustöðvar. Þessi mál hafa að sjálfsögðu verið skoðuð en heilbrigðisnefndirnar hafa í dag einungis það hlutverk að hafa eftirlit með flutningi á þessum úrgangi en úrræðin við förgun úrgangsins vantar – sem eru ekki á forræði heilbrigðisnefnda. Það þarf líka að samræma aðgerðir miklu meira með samráði og samstilltu átaki þeirra stjórnsýsluaðila sem koma að málunum til að hægt sé að koma þessu í lag. Mér skilst að það sé komin einhver vinna af stað í þá átt, án þess að vita alveg hvar hún stendur.“

### *Engum þurft að vísa frá Kölku vegna anna*

Jóhannes hefur bent á að lágt tilboðsverð í meðhöndlun á dýrahræjum og dýraleifum geti bent til þess að úrgangurinn endi í ólöglegri urðun.

Samkvæmt upplýsingum frá Ingþóri Karlssyni, rekstrarstjóra brennslu hjá Kölku, kostar 70 krónur á hvert kíló að farga dýrahræjum samkvæmt gjaldskrá. Því geti kostnaðurinn hlaupið á tugum þúsunda fyrir einn eða tvo gripi. Ingþór segir að engum hafi þurft að vísa frá vegna anna í stöðinni og hann telur að Kalka geti tekið við um 90 prósentum af heildarumfangi dýrahræja á Íslandi. „Það er einungis í þeim tilvikum þegar komið er með úldna skrokka sem þarf að vísa aðilum frá, enda samræmist ekki reglum okkar að taka við slíkum úrgangi,“ segir Ingþór.

Samkvæmt bráðabirgðatölum Umhverfis- og orkustofnunar fóru um 47 prósent af dýrahræjum á landsvísu til brennslu í Kölku á árinu 2023. Á árunum 2020 til 2022 var hlutfallið einungis um 13 prósent. */smh*

# Skoðað hvort uppsagnir séu liður í samruna KS og KN

**Samkeppniseftirlitið sendi Kjarnafæði Norðlenska og Kaupfélagi Skagfirðinga bréf á þriðjudag þar sem velt er upp hvort uppsagnir starfsmanna SAH afurða sé liður í samruna félaganna.**

Í tilefni af dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 18. nóvember sl. ritaði Samkeppniseftirlitið kjötafurðastöðvum og samtökum þeirra bréf. Þar voru fyrirmæli um að stöðva þegar í stað hvers konar aðgerðir eða háttsemi sem farið geta gegn samkeppnislögum og stofnast hafði til á grundvelli undanþáguheimilda sem Alþingi samþykkti sl. vor en dæmdar voru ógildar.

„Þegar héraðsdómur féll hafði samruni Kaupfélags Skagfirðinga (KS) á eignarhlutum í Kjarnafæði Norðlenska (KN) átt sér stað, en starfsemi SAH afurða á Blönduósi er í eigu síðarnefnda félagsins. Í tilefni af nýlegum fréttaflutningi af uppsögnum á starfsmönnum sláturhúss SAH afurða hefur Samkeppniseftirlitið ritað KS og KN bréf, dags. 4. mars sl., þar sem minnt er á efni fyrra bréfs frá 19. nóvember sl. Sérstaklega er minnt á að eftirlitið hafi beint því til afurðastöðva að stöðva aðgerðir sem tengdust m.a. samrunum afurðastöðva.

Jafnframt er í bréfinu áréttað að til skoðunar geti komið hvort kaup KS á KN hafi samræmst gildandi lögum, í ljósi dóms Héraðsdóms Reykjavíkur. Af sömu ástæðum geti á síðari stigum komið til athugunar hvort ráðstafanir í rekstri félaganna feli í sér brot á samkeppnislögum eða ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins. Uppsagnir á starfsfólki geta verið liður í framkvæmd samruna,“ segir í tilkynningu frá eftirlitinu. */ghp*





LAND CRUISER 250
KOMDU OG REYNSLUAKTU LAND CRUISER 250 HJÁ VIÐURKENNDUM SÖLUAÐILUM. SÖLURÁÐGJAFAR OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR.
Land Cruiser 250 er flaggskip Toyota. Útlitið er óður til fortíðar og undir kraftalegri yfirbyggingunni liggur ósigrandi torfærutæki.
Land Cruiser 250 er konungur jeppanna.
TOYOTA
LAND CRUISER 250
TOYOTA FÖRUM LENGRA
Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000
7
3+4 ÁBYRGÐ
3
ÁRA ÞJÓNUSTA
VEGAAÐSTOÐ
2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.

# Góð afkoma hjá SS

**Rekstrartekjur Sláturfélags Suðurlands hækkuðu um rúman hálfan milljarð milli áranna 2023 og 2024**

Samstæðuársreikningur SS var birtur þann 18. febrúar sl. Í honum kemur fram að rekstrartekjur félagsins árið 2024 reyndust 17.748 milljónir króna og hagnaður þess 872 milljónir króna sem er aukning frá fyrra ári. „Þessi hækkun er til komin vegna bættrar stöðu á veitinga- og smásölumarkaði. Útflutningur dróst hins vegar saman á lambakjöti og verð á áburði til bænda lækkaði umtalsvert sem dregur úr veltu á innflutningsvörum þrátt fyrir magnaukningu milli ára,“ segir í skýrslu stjórnar í ársreikningnum.

Samstæðuársreikningurinn samanstendur af ársreikningi SS og dótturfélaga þess, Reykjagarðs hf. og Hollt og gott ehf. SS er samvinnufélag og er tilgangur þess að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna.

„Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins. Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælafyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísu. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, matvælaiðnaði og innflutningi matvæla, áburðar og fóðurs,“ segir í ársreikningnum en 448 ársverk eru skráð hjá félaginu.



Kjötiðnaðarstöð SS er á Hvolsvelli.

Í lok ársins 2024 var fjöldi félagsaðila 2.307 talsins sem eiga yfir 1.000 krónur í stofnsjóði A-deildar. Hluthafar í stofnsjóði B-deildar voru 564 talsins. Stærsta hlutdeild í B-sjóði eiga Birta lífeyrissjóður (33,71%) og Landsbankinn (20,56%).

„Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að greiddur verði 14,77% arður af B-deild stofnsjóðs, þar af er verðbótarþáttur 4,77%, eða alls 29,5 milljónir króna og að reiknaður verði 14,77% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, alls 64,1 milljón króna,“ segir í skýrslu stjórnar en boðað hefur verið til aðalfundar föstudaginn 21. mars nk. í Goðalandi í Fljótshlíð. /ghp

# Tilnefnd til verðlauna

**Guðrún Hulda Pálsdóttir, ritstjóri Bændablaðsins, hefur verið tilnefnd til Blaðamannaverðlaunanna fyrir umfjöllun ársins 2024.**

Tilnefninguna hlýtur hún fyrir greinarskrif um einokun á íslenskum markaði með koltvísýring sem er nauðsynlegur í ylrækt.

Í umsögn dómnefndar segir að umfjöllunin varpi „ljósi á það hvernig einokunin hefur hamlandi áhrif á ylrækt á Íslandi og hvernig markaðsráðandi fyrirtæki hefur notfært sér aðstöðu sína á vafasaman hátt. Umfjöllunin er vel framsett og skrifuð af þekkingu um tiltölulega sérhæft málefni, með skírskotun í umræðu um fæðuöryggi á Íslandi,“ segir þar enn fremur.

Umfjöllun Guðrúnar Huldu birtist í nokkrum tölublöðum Bændablaðsins á síðasta ári. Þar segir frá því að mikil óánægja hafi verið meðal garðyrkjubænda vegna fyrirtækisins Linde Gas, sem var á þeim tíma eini aðilinn sem seldi koltvísýring. Þar kemur fram að bændur hafi ekki fengið „það magn af koltvísýringi sem þeir hafa skuldbundið sig til að kaupa og afhending hefur verið gloppótt“.

Bændur í ylrækt hafi lent í því að vera án koltvísýrings svo vikum skipti, en hann er lífsnauðsynlegur plöntum. Í gróðurhúsum, þar sem þéttleiki plantna er mikill, er koltvísýringi dælt inn til að auka vöxt og gæði plantnanna. Skortur á koltvísýringi kemur því niður á rekstraröryggi garðyrkjustöðva.

Í flokknum Umfjöllun ársins 2024 eru tvær aðrar tilnefningar. Þær hlutu Berghildur Erla Bernharðsdóttir, fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar, fyrir sjónvarpsþáttaröðina Vistheimilin, og Pétur Magnússon, RÚV, fyrir útvarpsþáttaröðina Skaða.

Verðlaunaafhending fer fram í Grósku kl. 17 þann 12. mars og eru viðurkenningar veittar í fjórum flokkum. Að auki við umfjöllun ársins er verðlaunað fyrir viðtal ársins, rannsóknarblaðamennsku ársins og blaðamannaverðlaun ársins. /ál




**Málþing:**

# Vill sjá fæðuöryggi rætt á matvælaþingi

## – Von er á tillögum um neyðarbirgðir fyrir landsmenn

**Í hugtakinu fæðuöryggi felast mörg og ólík viðfangsefni. Þau voru rædd á málþingi sem Landbúnaðarháskóli Íslands og Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands stóðu fyrir fimmtudaginn 20. febrúar sl. í Þjóðminjasafni Íslands.**

„Tilgangur málþingsins var að halda umræðunni lifandi og varpa ljósi á hve marga snertifleti fæðuöryggi hefur. Þess vegna fóru framsögumenn okkar yfir ólík viðfangsefni, skilgreiningu á fæðuöryggi, hvaða vinna hefur verið unnin, hvar við stöndum vel og hvar illa, næringarfræði og neyðarbirgðir heimila, fæðuöryggi í alþjóðlegu samhengi og stöðu okkar í því samhengi,“ segir Helgi Eyleifur Þorvaldsson, aðjunkt og brautarstjóri hjá LbhÍ, en hann var fundarstjóri málþingsins.



Fjölbreyttir snertifletir fæðuöryggis voru ræddir í pallborði málþingsins. Mynd / ghp

*Að bregðast við rofi á aðfangakeðju*

Þeir Jóhannes Sveinbjörnsson frá LbhÍ, Ólafur Ögmundarson frá HÍ og Torfi Jóhannesson frá Nordic Insight héldu erindi. Jóhannes útskýrði ýmis hugtök tengd fæðuöryggi og ræddi fæðukerfi heimsins út frá sjónarhóli hugtaksins. Hann fór yfir þá vinnu sem stjórnvöld hafa gengið í með útgáfu bæði skýrslu um fæðuöryggi á Íslandi og tillögum og greinargerð um aðgerðir til að auka fæðuöryggi á Íslandi.

Ólafur skýrði frá verkefni vinnuhóps sem móta á tillögur um tegundir og magn neyðarbirgða matvæla sem þyrftu að vera til staðar í landinu ef aðfangakeðjur rofna. Von er á niðurstöðum þeirrar vinnu á næstu misserum. Torfi ræddi virðiskeðjur út frá alþjóðlegu sjónarhorni og þær mögulegu ógnanir sem stæðu gagnvart fæðuöryggi á Íslandi.

„Málefnið hefur ótal snertifleti, eins og orkuöryggi, birgðastöðu olíu, birgðastöðu á hráefnum til fóðurgerðar og til manneldis, fjölda virkjana, fjölda hafna, fjölda flugvalla. Hvað gerist ef einn af okkar lykilinnviðum heltist úr lestinni?“ segir Helgi Eyleifur.

*Orkuöryggi ofarlega*

Að loknum erindum frummælenda tóku framsögumenn, ásamt Margréti Gísladóttur frá Samtökum fyrirtækja í landbúnaði og Sigurði Eyþórssyni frá matvælaráðuneytinu, þátt í pallborði. Fundarmenn vörpuðu fram fjölbreyttum spurningum sem tengjast málefninu, varðandi þætti eins og neyðarbirgðir, áhættusviðsmyndir, áburðarmál, framleiðslugetu með takmörkuðum aðföngum og þátt tollverndar en orkuöryggi og orkuinnviðir voru ofarlega í hugum fundarmanna.

Fundarstjórinn lauk þinginu með ákalli til stjórnvalda um að setja fæðuöryggið á dagskrá með afgerandi hætti. „Í raun þyrfti miklu stærra málþing til að fara skilmerkilega yfir alla þætti. Matvælaþing væri tilvalið. En það hefur líka mikil vinna verið unnin nú þegar og margar skýrslur skrifaðar. Það er alveg kominn tími til að stjórnvöld taki ábyrgð og komi verkefninu, að tryggja fæðuöryggi þjóðar, úr formi skýrsluskrifa í form framkvæmda og ábyrgðar á málaflokknum og þá helst í samstarfi við einkarekin fyrirtæki,“ segir Helgi Eyleifur. /ghp

# Skólpið tekið til kostanna

**Unnið er að valkostagreiningu varðandi lausnir fyrir endurbætur á skolphreinsun í Hveragerði.**

Eins og frá var greint í umfjöllun um LIFE ICEWATER-verkefnið og 3,5 milljarða króna styrk ESB til þess, í Bændablaðinu í febrúar, fékk Hveragerðisbær um 343 milljónir króna í sinn hlut. Er styrkurinn ætlaður í úrbætur á hreinsun fráveituvatns í Hveragerði en þar hafa fráveitumál verið í ólestri, eins og víðar. Samkvæmt fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar 2024–2026 er gert ráð fyrir kostnaði upp á 500 milljónir króna við endurbætur á fráveitunni.

LIFE ICEWATER-verkefnið stendur til ársins 2027. Mun styrkur ESB gera kleift að vinna að fjölbreyttum verkefnum til að flýta fyrir og bæta innleiðingu vatnaáætlunar á Íslandi.



Fyrir tilstuðlan ESB-styrks til bættra vatnsgæða á Íslandi mun Hveragerðisbær nú hefjast handa við að bæta hreinsun fráveituvatns í Hveragerði. Mynd / ghp

*Endurbótum lokið á þremur árum*

„Okkar hluti í ICEWATER-styrknum er til að standa straum af hluta kostnaðar við stækkun/endurbætur á skolphreinsistöð bæjarins. Það verkefni er í ferli í samstarfi við verkfræðistofuna Cowi en þar er nú unnið að valkostagreiningu varðandi lausnir í þeim efnum. Vonast er til að því verkefni verði lokið árið 2028 en það verður líklega eitthvað áfangaskipt svo hlutar gætu komist í gagnið fyrr,“ segir Höskuldur Þorbjarnarson, umhverfisfulltrúi Hveragerðisbæjar. Hann segir að partur af að þróa heildstæðar úrgangslausnir sé að koma öllu því sem fellur til við hreinsunina í sem umhverfisvænstan farveg. „Mjög stórt skref hefur nú þegar verið tekið með samstarfi okkar með umhverfis- og tæknisviði Uppsveita varðandi dreifingu á seyru til uppgræðslu. Í fyrra var talsvert magn notað í þessum tilgangi til tilrauna og vonandi verður allri seyru sem til fellur í ár og svo til framtíðar komið í þennan farveg,“ segir Höskuldur.

*Varmá verði brátt hreinni*

Jafnframt sé hugað að úrbótum á hreinsun á fráveituvatni en það felist í að bæta efnaástand og lífrænt ástand þess, og þar með Varmár. „Við höfum nú þegar aukið eftirlit með fráveitunni, sem og Varmánni, og stefnum að því að fara í enn frekari mælingar. Þessar mælingar má svo nota til að meta árangur þeirra aðgerða sem farið verður í varðandi stækkun/endurbætur á hreinsimannvirkjunum,“ segir hann enn fremur.

Eftirlit með örplasti er, að sögn Höskuldar, áhersla sem Umhverfisstofnun hafi komið með í LIFE ICEWATER-verkefnið og hún sé mjög áhugaverð. „Það er að verða sífellt meiri vakning um þá hluti og væri tilvalið að skoða það í þessu samhengi. Þessi hluti er mjög skammt á veg kominn eins og svo sem flest sem varðar örplast og hugsanleg áhrif þess. Þetta verður að vinna með þar til bærum aðilum á næstu fimm árum,“ segir Höskuldur að endingu. /sá

BYD
Stærsta rafbílamerki í heimi

# SEAL U

**Staðalbúnaður, brot af því besta:**

- 87 kWh rafhlaða
- 1300 kg dráttargeta
- 500 lítra farangursrými
- Drægni: 500-674 km (WLTP)
- 140 kWh hraðhleðsla 20-80% á 28 min




**Verð: 7.490.000 kr**
**Orkusjóður: -900.000 kr**

# 6.590.000 kr

www.byd.is - soludeild@vatt.is    Vatt ehf. / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

vatt ehf

Bændablaðið

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: www.bbl.is**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 13.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is – Þröstur Helgason throstur@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga:** thordis@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

# Öll þessi fæðuhugtök

**Undanfarinn mánuð hefur umfjöllun um matvæli verið skreytt ýmsum keimlíkum orðum. Á meðan viss hugtök eru orðin algeng í umræðunni eru önnur ný af nálinni.**

Enn er nokkuð um að hugtökunum fæðuöryggi og matvælaöryggi sé ruglað saman en skilgreining þeirra er þó ólík. Á meðan fæðuöryggi fjallar um aðgang að mat snýr matvælaöryggi að því hvort maturinn sé öruggur til neyslu.

Samkvæmt skilgreiningu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) er **fæðuöryggi (*e. food security*)** til staðar þegar allir menn, á öllum tímum, hafa raunverulegan og efnahagslegan aðgang að nægum, heilnæmum og næringarríkum mat sem fullnægir þörfum þeirra til að lifa virku og heilsusamlegu lífi.

**Matvælaöryggi (*e. food safety*)** er tryggt þegar matur er öruggur til neyslu. Matur er meðhöndlaður, matreiddur og geymdur þannig að hætta á matarsjúkdómum er í lágmarki. Matvæli eru varin fyrir sýkingarvöldum og efnasamböndum sem valdið geta neytendum heilsutjóni. Matvælaöryggi er hluti af fæðuöryggi.

> ... stöndugar þjóðir velji gjarnan að hafa hátt sjálfsaflahlutfall sem mikilvæga stoð í sínu fæðuöryggi ...

**Fæðusjálfstæði, (*e. food independency*)** er lýst sem getu þjóðar til að framleiða innanlands þá fæðu sem dugir til að fullnægja reiknaðri fæðuþörf. Er það burtséð frá því hvort þjóð velur að selja hluta af hinni framleiddu fæðu og kaupa aðra fæðu í staðinn.

Út frá því er hægt að reikna **sjálfsaflahlutdeild í fæðuframleiðslu (*e. food self suffiency*)** sem er tölulegt mat á fæðusjálfstæðinu. Þar er heildarframleiðslu fæðu í landinu deilt með heildarneyslu. Þetta má svo reikna fyrir einstaka fæðuflokka eða vörur.

Eins og fram kemur í skýrslu með tillögum og greinargerð um aðgerðir til að auka fæðuöryggi á Íslandi, sem unnin var af Landbúnaðarháskóla Íslands árið 2022, þá snýst mat og vöktun á almennu fæðusjálfstæði og sjálfsaflahlutfalli einstakra fæðuflokka ekki um að hafna alþjóðlegum viðskiptum með fæðu, heldur að þekkja bæði getu og raunveruleg afköst viðkomandi lands til eigin fæðuframleiðslu á hverjum tíma. Ýmsar rannsóknir sýna að stöndugar þjóðir velja gjarnan að hafa hátt sjálfsaflahlutfall sem mikilvæga stoð í sínu fæðuöryggi.

Á opnum fundi sem nokkur samtök sem tengjast íslenskum matvælum héldu í síðustu viku kynnti Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði, hugtakið **fæðufullveldi (e. *food sovereignty*)** fyrir áheyrendum.

Hugtakið kom fram á Matvælaþingi Sameinuðu þjóðanna í Róm árið 1996 af alþjóðlegri bændahreyfingu, La Via Campesina, sem lagði það fram sem andsvar við ríkjandi matvælastefnu sem hún taldi stjórnast um of af frjálsum markaði og stórfyrirtækjum. Hreyfingin vildi færa valdið aftur til bænda og neytenda með áherslu á framleiðslu í nærsamfélögum, sjálfbærni og réttláta skiptingu auðlinda. Hugtakið styður staðbundna matvælaframleiðslu og viðgang hefðbundinna landbúnaðarhátta, þar með talið vernd landbúnaðarlands og vatnsauðlinda.

Þannig snýst fæðufullveldi ekki aðeins um að tryggja nægt fæðuöryggi, heldur einnig að hafa stjórn á hvernig maturinn er framleiddur.

*Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri.*




# Trump hjólar í loftslagsmálin

Þröstur Helgason
throstur@bondi.is



**Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, hefur á undanförnum vikum unnið markvisst að því að snúa við stefnu Bandaríkjanna í loftslagsmálum.**

Þjóðin hefur verið dregin út úr Parísarsamningnum, vísindamönnum hefur verið bannað að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi, fjárframlög til loftslags- og umhverfisverkefna hafa verið fryst og opinberu starfsfólki í þessum geira verið sagt upp í þúsundatali.

Á fyrsta degi í embætti undirritaði Donald Trump Bandaríkjaforseti tilskipun að viðstöddum stuðningsmönnum í Washingtonborg þess efnis að draga Bandaríkin út úr Parísarsamningnum sem stofnað var til 12. desember árið 2015. Þetta var í annað sinn sem Trump undirritaði slíka tilskipun en það gerði hann einnig á fyrra kjörtímabili sínu. Joe Biden, fyrrverandi forseti, dró hins vegar úrsögn Bandaríkjanna til baka á kjörtímabili sínu og því beið Trump ekki boðanna þegar hann tók við á ný 20. janúar sl.

Um 40% alls útblásturs gróðurhúsalofttegunda er í Bandaríkjunum og Kína sem bæði fullgiltu samninginn 3. september 2016. Tilskipunin hefur því valdið talsverðum titringi eins og glöggt hefur mátt sjá á viðbrögðum við henni í erlendum fjölmiðlum á síðustu vikum.

### *Trump nú betur undirbúinn*

Að þessu sinni kemur Trump greinilega betur undirbúinn en á fyrra tímabilinu því eftir að hafa undirritað tilskipunina fylgdi hann henni eftir með því að banna fulltrúum sínum að sitja fundi á vegum Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC) eins og þeir höfðu gert á fyrra tímabilinu. Hann hefur sömuleiðis girt fyrir þátttöku bandarískra vísindamanna í Loftslagsþingi Sameinuðu þjóðanna (IPCC) sem nú undirbýr útgáfu stórrar skýrslu um stöðu mála, þeirrar sjöundu í röðinni.

Vangaveltur eru uppi um það að hve miklu leyti stjórn Trumps muni taka þátt í umræðum um loftslagsmál á kjörtímabilinu. Athygli vakti að fljótlega eftir valdatöku Trumps lýsti utanríkisráðherra hans, Marco Rubio, því yfir að Bandaríkin myndu ekki taka þátt í leiðtogafundi G20-ríkjanna seinna á árinu vegna þess að þar ætti að fjalla um jafnréttis- og loftslagsmál. „Hlutverk mitt er að vinna að hagsmunum Bandaríkjanna en ekki að sóa skattfé landsmanna eða gæla við andamerísk gildi,“ sagði hann á samskiptamiðlinum X af þessu tilefni.

### *Stefnu Bandaríkjanna snúið á haus*

Á síðustu dögum hafa enn frekari vísbendingar borist um að Trump sé alvara með andstöðu sinni gegn baráttu alþjóðasamfélagsins við hamfarahlýnun af manna völdum og raunar hvers konar umhverfisvá. New York Times (NYT) segir í ítarlegri grein frá því hvernig markvisst hefur verið dregið úr stuðningi við bæði aðgerðir og rannsóknir sem snúa að þessum málaflokkum. Segir í greininni að þar hafi stefnu Bandaríkjanna í loftslagsmálum verið snúið á haus með ákvörðunum sem gætu haft alvarlegar afleiðingar heimafyrir, jafnt sem um veröldina alla.

Aðgerðirnar hafa að sögn blaðsins miðað bæði að því að skera niður stuðning við aðgerðir gegn hamfarahlýnun og mengun en um leið hefur verið ýtt undir framleiðslu á jarðefnaeldsneyti. Segir jafnframt að aldrei fyrr hafi forseti Bandaríkjanna gripið til jafn skjótra aðgerða um nokkurn málaflokk.

### *Spjótum beint gegn vindorku*

Styrkir til verkefna í Afríku, á Suðurskautinu og víðar um heiminn hafi verið dregnir til baka en þessi verkefni miði öll að því að hægja á hlýnun. Trump beini spjótum sínum sérstaklega gegn vindorku sem sé styrkasta stoðin í öflun endurnýjanlegrar orku í Bandaríkjunum. Útgáfa starfsleyfa vindorkuvera á landi og legi í opinberri eigu hafi verið stöðvuð og því hótað að koma í veg fyrir uppbyggingu slíkrar starfsemi á landi í einkaeigu.

Þúsundum opinberra starfsmanna, sem starfa í loftslagsgeiranum, hefur verið sagt upp, segir í grein NYT, og verkefni sem miða að því að aðstoða menguð landsvæði hafa verið lögð niður. Umfjöllun um loftslagsmál á opinberum vefsíðum hafi sömuleiðis verið eytt.

### *„Við ætlum að bora“*

Regluverk um vinnslu jarðefnaeldsneytis hafi enn fremur verið rýmkað til þess að ýta undir meiri vinnslu. Jafnhliða hafi neyðarástandi í orkumálum verið lýst yfir sem veitt hafi forsetanum svigrúm til þess að flýta fyrir aukinni gas- og olíuvinnslu. „Við ætlum að bora, mín kæra, bora og gera allt það sem okkur hefur langað til að gera,“ sagði Trump skömmu eftir að hafa svarið embættiseiðinn.

Bandaríkin framleiða meiri olíu en nokkur önnur þjóð í sögunni og eru enn fremur mestu útflytjendur jarðefnagass í heiminum, bendir NYT á. Enn fremur kemur fram að olíuiðnaðurinn í Bandaríkjunum hafi lagt 75 milljónir dollara til kosningasjóðs Trumps. Aukna framleiðslu segir forsetinn ekki aðeins skila sér í meiri hagnaði olíuframleiðenda heldur einnig til almennra neytenda í lækkuðu verði, auk þess sem efnahagur Bandaríkjanna muni vænkast.

### *Viðbrögð mikil*

Viðbrögðin við aðgerðum Trumps hafa verið mikil og hefur í sumum tilvikum verið komið í veg fyrir að þær hefðu áhrif á verkefni sem unnið er að. Uppsagnir á þúsundum opinberra starfsmanna hafa þó tekið gildi hjá stofnunum á borð við Umhverfisverndarstofnun (Environmental Protection Agency), Orkustofnun (Department of Energy) og Sjávar- og loftslagsstofnun (National Oceanic and Atmospheric Administration) sem er helsta rannsóknamiðstöð Bandaríkjanna um loftslagsmál. Fjölda verkefna á vegum þessara stofnana hefur ýmist verið hætt eða frestað. Fjárfestingar í loftslags- og umhverfisverkefnum hafa sömuleiðis dregist saman á síðustu vikum, segir í NYT.

### *Tesla verður fyrir áhrifum*

Trump hefur einnig mælst til þess að opinber stuðningur vegna rafbílavæðingar verði lagður af, þar á meðal skattaafsláttur til kaupenda. Stjórn Trumps hefur að auki lagt til að 5 milljarða dollara framlög til uppbyggingar hins opinbera á hleðslustöðvum og öðrum innviðum fyrir rafbíla verði dregin til baka. Hvorutveggju myndu hafa áhrif á Teslu, fyrirtæki Elon Musks sem í stjórn Trumps fer fyrir sérstakri stofnun sem hefur það verkefni að hagræða í ríkisrekstri (DOGE).



Trump hefur dregið Bandaríkin út úr Parísasamningnum, vísindamönnum hefur verið bannað að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi, fjárframlög til loftslags- og umhverfisverkefna hafa verið fryst og opinberu starfsfólki í geiranum hefur verið sagt upp í þúsundatali. Mynd / Unsplash



Bræðurnir Andri Freyr Þórisson, framkvæmdastjóri Nesbús eggja, og Arnar Þórisson, forstjóri Líflands.



Jón Þór Marinósson og Þorbjörg Eva Ellingsen frá Hvítanesi í Hvalfirði.



Bjarni töframaður Baldvinsson var veislustjóri við kvöldverðinn. Hér sýnir hann spilagaldur með aðstoð Trausta Hjálmarssonar, formanns BÍ.

# Mannlíf á deildafundum

Búgreinadeildir Bændasamtaka Íslands (BÍ) héldu sína árlegu deildafundi á Hilton Nordica í Reykjavík dagana 27. og 28. febrúar. Þar leggja deildirnar línurnar fyrir Búnaðarþing hinn 20. og 21. mars, sem er stærsti viðburður í starfi BÍ. Að kvöldi fyrri dagsins var fundargestum boðið til hátíðarkvöldverðar. Deildir sauðfjárbænda og nautgripabænda funduðu báða dagana, en aðrar deildir kláruðu afgreiðslu sinna mála á fyrri deginum. /ál



Hafdís Sturlaugsdóttir frá Húsavík var heiðruð fyrir störf í stjórn sauðfjárbænda. Eyjólfur Ingvi Bjarnason, formaður deildarinnar, stendur við hlið hennar.



Sigríður Ólafsdóttir frá Víðidalstungu og Guðrún Björg Egilsdóttir frá Daufá.



Rafn Bergsson frá Stóru-Hildisey og Baldur Helgi Benjamínsson frá Ytri-Tjörnum.



Gætt var að því að fundarmenn fengju að borða. Birgir Þór Haraldsson og Eiður Gísli Guðmundsson standa hér fremst.



Kosið um málin hjá deild sauðfjárbænda. Eggert Stefánsson frá Laxárdal og Jón Ingi Ólafsson frá Þurranesi sitja hér fremst.



Skagfirðingarnir Ingi Björn Árnason, Björn Ólafsson og Elvar Örn Birgisson.



Starfsmenn Bændasamtaka Íslands. Hlynur Gauti Sigurðsson, Harpa Ólafsdóttir, Margrét Ágústa Sigurðardóttir og Örvar Þór Ólafsson.



Einar Kári Magnússon, Birgir Þór Haraldsson, Jóhannes Geir Gunnarsson, Steinþór Logi Arnarsson, Jón Bjarnason og Sigurjón Ragnarsson.



Málin rædd við kvöldverðarborðið. Hafliði Halldórsson, Sigríður Ólafsdóttir og Guðfinna Harpa Árnadóttir.



Sigrún Ólafsdóttir frá Hallkelsstaðahlíð og Þórhildur Þorsteinsdóttir frá Brekku.



Aðalsteinn Orri Arason frá Geitagerði, Reynir Þór Jónsson frá Hurðarbaki og Ágúst Ingi Ketilsson frá Brúnastöðum.

## Vísnahornið

Margir hafa ort um veðrið á Íslandi gegnum tíðina. **Jónas Hallgrímsson** orti þessar þrjár:

*Hóla bítur hörkubál,*
*hrafnar éta gorið,*
*tittlingarnir týna sál;*
*tarna´er ljóta vorið!*

*Út um móinn enn er hér,*
*engin gróin hola,*
*fífiltóin fölnuð er;*
*farðu´í sjóinn, gola!*

Svo þegar vorar birtir yfir:

*Sunnanvindur sólu frá,*
*sveipar linda skýja,*
*fannatinda, björgin blá,*
*björk og rinda ljómar á.*

Margar veðurvísur eru tengdar ákveðnum degi. Marteinsmessa er 11. nóvember. Ekki man ég hvernig viðraði þann dag í fyrra.

*Á Marteinsdag ef mundi loft*
*meður regn, eg segi,*
*veðradimmur verður oft*
*vetur frá þeim degi.*
(höf. ók.)

*Ef myrkt er loft á messu Páls*
*má þig við því óa*
*að heljartökin hörkubáls*
*hylji allt með snjóa.*
(höf. ók.)

Matthíasarmessa er nýliðin. Prýðisveður var þann dag. Höfundar eftirfarandi vísna eru ókunnir.

*Matthías þýðir oftast ís,*
*er það greint í versum,*
*annars kæla verður vís,*
*ef vana bregður þessum.*

*Matthías ef mjúkur er,*
*máttugt frost þá vorið ber,*
*vindur, hríð og veðrið hart*
*verður fram á sumarið bjart.*

Menn höfðu ótrú á blíðu í febrúar og töldu það vita á slæmt.

*Febris ef ei færir fjúk*
*frost né hörku neina,*
*kuldi sá þá kemur á búk,*
*karlmenn þetta reyna.*

*Ef hún góa öll er góð,*
*öldin skal það muna,*
*þá mun Harpa, hennar jóð,*
*herða veðráttuna.*

Það er alþekkt að hér áður bjóst fólk við eldgosafári, ef vel viðraði samfellt í nokkra daga.

*Sáttur lifi, sælt mitt bros,*
*sigið borða eilíft tros,*
*en komi ekki´í viku vos,*
*það vita mun á fár og gos.*
(mh)

Eftirfarandi vísu orti **Ólafur prestur Guðmundsson** (1537–1609), skáld og klerkur á Sauðanesi. Pápískan lifði í skilgreiningum ársfjórðunga.

*Klemens vottar vetur,*
*vorar á stóli Pétur.*
*Úrban sumar setur,*
*Symphorian haust getur.*

Ólafur mun hafa ort hina, alkunnu og fræðandi vísu.

*Ap., jún., sept., nó(v).*
*þrjátíu hver,*
*o.s.frv.*

**Umsjón: Magnús Halldórsson**
*mhalldorsson0610@gmail.com*



Tangi 18024 var rauðbrandskjöldóttur, kollóttur en hann hlaut nafnbótina Besta naut fætt árið 2018. *Mynd / Nautastöð BÍ*

# Tangi besta nautið

**Tangi 18024 frá Vestra-Reyni undir Akrafjalli hlaut nafnbótina besta naut fætt árið 2018 og viðurkenningu sem Nautastöð Bændasamtaka Íslands veitti á deildarfundi kúabænda.**

Ræktendur Tanga eru Lilja Guðrún Eyþórsdóttir og Haraldur Benediktsson en Guðmundur Jóhannesson, ráðunautur hjá RML, veitti þeim viðurkenninguna. Faðir Tanga er Lúður 10067 frá Brúnastöðum í Flóa og móðir er undan Kambi frá Skollagróf í Hrunamannahreppi.

Í umsögn um dætur Tanga kemur fram að þær séu nokkuð mjólkurlagnar með hátt hlutfall verðefna í mjólk. Þær séu heldur yfir meðallagi að stærð, meðalháfættar, boldjúpar og útlögumiklar með beina yfirlínu. Malirnar séu breiðar, beinar og þaklaga, fótstaða sterkleg og meðalgreið. Júgurgerðin sé góð, júgurfesta mikil og júgrin vel borin. Mjaltir séu meðalgóðar og lítið sé um mjaltagalla. Jafnframt er skap dætranna metið meðalgott og mjög fáir skapgallaðir gripir í dætrahópnum.



Lilja Guðrún Eyþórsdóttir og Haraldur Benediktsson, bændur á Vestra-Reyni. *Mynd / ghp*

Viðurkenningin var nú veitt í 41. skipti en þau voru fyrst veitt árið 1986, þá fyrir besta nautið sem fæddist árið 1979. Valið er framkvæmt af Fagráði í nautgriparækt og eftir innleiðingu erfðamengisúrvals er hún veitt á grunni erfðamats og afkvæmaprófunar. */ghp*

# Búvélasali nýr formaður FA

**Friðrik Ingi Friðriksson, forstjóri og eigandi Aflvéla og Burstagerðarinnar, var kjörinn formaður Félags atvinnurekenda á aðalfundi félagsins í síðustu viku.**

Hann stofnaði Aflvélar árið 2004, sem sérhæfði sig fyrst í sölu og þjónustu á vinnuvélum til snjóruðnings og vegahreinsunar, ásamt hreinsunar innanhúss.

Aflvélar keyptu þrotabú Jötun véla árið 2020 og hafa verið stór aðili í innflutningi og þjónustu á búvélum síðan þá. Aflvélar, og systurfyrirtæki þess, Búvélar, flytja inn vinsæl vörumerki eins og Valtra og Massey Ferguson.



Friðrik Ingi Friðriksson. *Mynd / FA*

Friðrik er með MBA-próf frá Háskólanum í Reykjavík og flugstjórnarpróf. Hann sat í stjórn FA sem meðstjórnandi frá 2010 til 2014 og aftur frá 2019 til 2025. Frá þessu er greint í fréttatilkynningu á vef FA. */ál*

GLUGGA GERÐIN
Við hjá Gluggagerðinni sérhæfum okkur í gluggum og útihurðum. Erum með innlenda framleiðslu og innflutning frá HCTC í Litháen.




566-6630 • www.gluggagerdin.is • gluggagerdin@gluggagerdin.is

## Sameyki:

# Starfsfólk LbhÍ og Hóla meðal ósáttustu starfsmanna ríkisins

**Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Hólum eru meðal neðstu ríkisstofnana í niðurstöðum vinnumarkaðskönnunar Sameykis. Skólarnir fá sérstaklega lágar einkunnir fyrir stjórnun og vinnuskilyrði.**

Sameyki heldur utan um mælingar á Stofnun ársins en árlega leggur það könnun fyrir starfsfólk hinna ýmsu stofnana og starfsstöðva. Matið er byggt á níu þáttum á innra starfsumhverfi þeirra; trúverðugleika stjórnenda, starfsanda, launakjörum, vinnuskilyrðum, sveigjanleika í starfi, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar og ánægju, stolti og jafnrétti.



Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri. Boðað var til starfsmannafundar í gær vegna niðurstöðu vinnumarkaðskönnunar. *Mynd / smh*

### *Óánægja meðal starfsmanna LbhÍ*

Samkvæmt niðurstöðum mælinga fyrir árið 2024 fékk Landbúnaðarháskóli Íslands þriðju lægstu einkunn meðal stærri stofnana ríkisins. Þar af mælist skólinn neðstur fyrir stjórnun og næstneðstur í flokknum launakjör.

Á fundi sem haldinn var meðal starfsmanna LbhÍ í kjölfar slæmra niðurstaðna sömu mælingar í fyrra kom fram að starfsfólk upplifði að stjórnunarhættir skólans hefðu breyst mjög í átt til „toppstjórnunar“ á síðustu árum og teymisvinna og ábyrgðardreifing væri í lágmarki. Einnig kom þar fram óánægja með hve hægt gengi að semja um laun og að lítið traust væri meðal starfsmanna að laun væru ákveðin af sanngirni.

Skólinn fær verri einkunn í ár en samkvæmt upplýsingum frá Ragnheiði I. Þórarinsdóttur, rektor LbhÍ, verða niðurstöðurnar ræddar innan skólans. „Við munum ræða niðurstöðurnar á framkvæmdastjórnarfundi og síðan fara yfir málið með starfsfólki,“ segir hún en boðað var til fundar með starfsfólki í gær, þann 5. mars, vegna niðurstöðu könnunarinnar.

### *Óásættanleg vinnuskilyrði í Hólaskóla*

Háskólinn á Hólum hlaut næstlægstu einkunn meðal meðalstórra ríkisstofnana og fékk m.a. lægstu einkunn fyrir vinnuskilyrði og var næstlægst í flokki sem metur starfsanda.

Hólmfríður Sveinsdóttir, rektor skólans, bendir á að fjöldi svarenda við skólann hafi aðeins verið 24 manns og vikmörk þar af leiðandi ansi há. „Það er ánægjulegt að sjá að starfsmenn upplifa meiri sveigjanleika og sjálfstæði í starfi í ár en í fyrra, sem eru atriði sem við höfum lagt áherslu á síðasta árið. Slæm upplifun starfsmanna af vinnuskilyrðum teljum við að samsvari þeirri óásættanlegu stöðu sem Háskólinn á Hólum hefur verið í síðastliðin ár varðandi húsnæði.“



Stórum hluta skólabyggingar á Hólum var lokað vegna myglu í lok árs 2023.

Hólmfríður segir að stór hluti skólabyggingarinnar á Hólum hafi verið lokaður af vegna myglu í lok ársins 2023 en á sama tíma þurfti fiskeldis- og fiskalíffræðideild skólans að flytja úr húsnæði sínu á Sauðárkróki yfir til Hóla. „Við það hafa vinnuskilyrði klárlega versnað, þegar starfsmannafjöldi helst óbreyttur en fermetrafjöldi hefur snarminnkað. Enn fremur er skólabyggingin á Hólum orðin ansi gömul með úreltar lausnir hvað varðar lýsingu, loftgæði og hljóðvist og það endurspeglast í upplifun starfsmanna af vinnuskilyrðum. Vegna þessa hefur fjöldi starfsmanna færst yfir í að vinna sína vinnu að mestu í fjarvinnu, sem einnig hefur áhrif á starfsanda innan skólans.“

### *Berjast fyrir bættu húsnæði*

Hólmfríður segir því gríðarlega mikilvægt að stjórnvöld tryggi nýtt húsnæði undir starfsemi Háskólans á Hólum, með veitingu fjármagns í nýja aðalbyggingu, lagareldishús á Sauðárkróki og uppbyggingu hesthúsasvæðisins á Hólum.

„Stjórnendur skólans hafa unnið ötullega að því að tryggja slíkar fjárveitingar síðastliðin ár og ýmsir áfangasigrar unnist, svo sem leyfi til áætlanagerðar og undirbúnings lagareldishúss á Sauðárkróki með fjárveitingu í fjárlögum 2025. Við munum halda áfram að berjast fyrir bættu húsnæði fyrir starfsmenn og þá sérstaklega með fjárveitingu fyrir nýrri aðalbyggingu eigi síðar en í fjárlögum 2026.“

## Skólarnir hluti af nýrri samstæðu

Starfshópur um hagræðingu í ríkisrekstri leggur til að Háskóli Íslands, Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands ásamt tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum og Landsbókasafni verði að háskólasamstæðu. Samkvæmt tillögunni mun sameiningin koma til framkvæmda árið 2027. Þetta kom fram í kynningu starfshópsins þann 4. mars. „Aðalávinningurinn felst í öflugri stofnunum sem bjóða betri þjónustu á landsvísu og eru betur samkeppnishæfar á alþjóðavettvangi. Fjármagn sem sparast nýtist til aukinnar skilvirkni í fjármögnun háskólastigsins,“ segir í umsögn með tillögunni.

### *Mikilvægar upplýsingar um starfsumhverfi vinnustaða*

Stofnun ársins er samstarfsverkefni Sameykis, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og fleiri stofnana og nær hún til um 35.000 manns á opinberum vinnumarkaði. Í ár tóku tæplega 17.400 manns þátt í könnuninni.

Niðurstöður könnunarinnar Stofnun ársins 2024 var tilkynnt á hátíð Sameykis þann 13. febrúar sl. en þær má einnig nálgast á vef félagsins. Þar segir að niðurstöður könnunarinnar veiti bæði mikilvægar upplýsingar um starfsumhverfi vinnustaða og samanburð við aðrar stofnanir.

Tilgangur með vali á Stofnun ársins er að taka eftir og verðlauna vinnustaði sem ná framúrskarandi árangri við stjórnun mannauðs. Þá nýtist könnunin stjórnendum til að vinna að umbótum í stjórnun og starfsumhverfi að því er fram kemur á vef Sameykis. */ghp*

# Upplýsingar uppfærðar um lambakjöt

**Eitt af þróunarverkefnum búgreina sem nýlega var veittur styrkur úr matvælaráðuneytinu er uppfærsla á Kjötbókinni.**

Það er Matís sem fær stuðninginn, enda eigandi og útgefandi bókarinnar. Óli Þór Hilmarsson er ritstjóri og segir hann að fjármagnið verði nýtt til að uppfæra efni bókarinnar, einkum lambakjötskaflann.

„Það sem þarf að gera er að uppfæra allar töflur um lambakjöt sem eru undir „ítarefni- mælingar“. Þetta eru upplýsingar sem fallið hafa til úr rannsóknum undanfarinna ára. Það verða teknar inn nýlegar upplýsingar úr skýrslu um efnainnihald lambakjöts; hlutfall kjöts, fitu og beina meðal annars,“ segir Óli. Hann segir að ýmsu þurfi líka að breyta í vefumsjónarkerfinu en Kjötbókin er aðgengileg á rafrænu formi á slóðinni kjotbokin.is.

Óli reiknar með að vinna fari af stað á næstu dögum og að uppfærslunni verði lokið fyrir haustið. „Við notum tækifærið og yfirförum alla þætti kaflans og bætum við upplýsingum um vörur,“ segir hann, en Kjötbókin varð 30 ára á síðasta ári.




„Það sem mun strax sjást af breytingum verða nýjustu uppfærslur á næringartöflum einstakra stykkja sem og nýtingartölum eftir kjötmatsgæðaflokkum. Trúlega bætum við upplýsingum um nýjar afurðir sem ekki eru í bókinni núna en það eru vörur sem komnar eru á markað í dag en voru ekki fyrir 15 árum.“ */smh*




## Sjóvá hefur tryggt ánægða viðskiptavini frá árinu 1918

Þetta er ein af fjölmörgum auglýsingum sem Jón Kristinsson teiknaði fyrir Almennar Tryggingar hf. á árunum 1945–1957 og birtar voru á Rafskinnu í miðbæ Reykjavíkur.

Almennar Tryggingar hf. voru stofnaðar árið 1943. Árið 1989 sameinaðist félagið Sjóvátryggingafélagi Íslands hf. sem hafði verið starfandi frá árinu 1918.

**Sjóvá** | sjova.is | 440 2000 | sjova@sjova.is

SJÓVÁ

# Deildafundir búgreina



Ný stjórn deildar eggjabænda: F.v. Geir Gunnar Geirsson, Arnar Árnason, Halldóra Hauksdóttir formaður og Andri Freyr Þórisson. Mynd / sá

## Krónutala tollverndar verði að hækka

**Eggjabændur leita leiða til að mæta vaxandi eftirspurn eftir íslenskum eggjum.**

Halldóra Hauksdóttir hjá Græneggjum verður áfram formaður deildar eggjabænda innan BÍ en Andri Freyr Pálsson verður varaformaður í stjórn. Meðstjórnendur eru Arnar Árnason, Hranastöðum og Geir Gunnar Geirsson á Vallá..

Um 250 þúsund varphænur eru nú í landinu og stórtæk uppbygging hefur verið undanfarin ár, einkum í Eyjafirði, á Kjalarnesi og suðvestursvæðinu. Stafar það ekki síst af því að við gildistöku reglugerðar um að hænur yrðu fluttar úr búrum yfir á gólf er að mestu búið að byggja búin aftur upp frá grunni frá því sem var. Það hefur verið eggjabændum gríðarlega kostnaðarsamt og þeir hafa gert það af eigin rammleik, án styrkja. Sérstaða búanna er að hver og einn eggjabóndi markaðssetur og selur sína framleiðslu þar sem engar miðlægar dreifingarleiðir eru í eggjaframleiðslu.

*Vaxandi eftirspurn*

Tollvernd er hluti af starfsskilyrðum eggjabúa og telja eggjabændur sem fyrr brýna þörf til að leiðrétta hana, þar sem krónutalan hafi ekki hækkað í mörg ár. Skemmst er að minnast stórfellds innflutnings af eggjum frá Danmörku í fyrra sem átti að bæta upp tímabundna vöntun á innlendum eggjum í verslanir.

Nokkuð var rætt á fundinum um eggjaskortinn sem knúði innflutninginn og voru menn sammála um að eftirspurn eftir íslenskum eggjum væri talsvert að aukast og neytendur gerðu sér æ ljósari grein fyrir hollustu þeirra og hreinleika. Þar að auki sé notkun sýklalyfja óþekkt í íslenskum eggjabúskap. Sýnt þótti að neytandinn tæki fyrst íslensk egg úr hillum verslana. Eggjabændur þyrftu að skoða í sameiningu hvernig best væri að mæta vaxandi eftirspurn.

Að sögn Halldóru var mikil umræða á deildarfundinum um mikilvægi markvissrar stefnumótunar um framtíðarsýn íslensks landbúnaðar.

*Skýrsluhaldið þungt*

Skýrsluhaldið var sagt mörgum þungt í vöfum og ekki mikill hvati til að stækka búin. Það tæki afar langan tíma að koma t.a.m. nýsköpun af stað.

Bornar voru saman bækur um hvort þrengsli í útungun væru áhyggjuefni en svo virtist ekki vera þar sem rýmkast hefði um.

Ekki voru samþykktar sérstakar ályktanir á deildarfundinum og engar lagabreytingar gerðar. */sá*

MARKAÐSSJÓÐUR SAUÐFJÁRAFURÐA

Íslenskt lambakjöt auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn vegna 2025.

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874

Styrkhæf eru matarverkefni sem stuðla að aukinni verðmætasköpun íslenskra sauðfjárafurða. Nýsköpun, vöruþróun, kynningar-og markaðsstarf er styrkt.

**Umsóknarfrestur til og með 16. mars n.k.**

Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins fást hjá framkvæmdastjóra á haflidi@icelandiclamb.is



**Sauðfjárbændur:**

## Samningsmarkmið svipuð og áður

**Deildarfundur sauðfjárbænda samþykkti þau áhersluatriði sem verða höfð til hliðsjónar við gerð nýrra búvörusamninga.**

„Það var almenn sátt um þau markmið sem voru þar sett á blað," segir Eyjólfur Ingvi Bjarnason, formaður deildarinnar. Sauðfjárbændur vilja halda samningum sínum við hið opinbera í stórum atriðum óbreyttum, en Eyjólfur segir þá vera vanfjármagnaða eins og þeir eru í dag. Búgreinadeildin leggur áfram áherslu á að stærstur hluti af stuðningsgreiðslum verði í gegnum greiðslumark, gæðastýringu og býlisstuðning.



Stjórn deildar sauðfjárbænda ásamt varamönnum. Á myndinni eru frá vinstri: Sveinn Finster Úlfarsson, Birgir Þór Haraldsson, Magnús Helgi Loftsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Ásta Fönn Flosadóttir, Jónmundur Magnús Guðmundsson, Sigurborg Hanna Sigurðardóttir og Sigríður Ólafsdóttir. Mynd / ál

*Skoða breytta útfærslu greiðslumarks*

„Svo kom inn ný tillaga um að það væri horft frekar til framleiðslu á kílóum kjöts á hvert ærgildi í staðinn fyrir ásetningshlutfall. Það var samþykkt, en það á eftir að útfæra hver framleiðsluskyldan á að vera ef þetta er eitthvað sem viðsemjandinn vill," segir Eyjólfur.

Samkvæmt umræðum fundarins finnst honum sennilegt að miðað verði við 10 til 12 kíló lambakjöts fyrir hvert ærgildi. „Þetta styður við loftslagsvegvísi Bændasamtakanna sem miðar að því að framleiða sem mest af matvælum á sem hagkvæmastan hátt fyrir þann pening sem ríkið deilir út." Í dag þurfa bændur að eiga að lágmarki 0,6 vetrarfóðraðar kindur fyrir hvert ærgildi greiðslumarks til að fá óskertar beingreiðslur.

Eyjólfur bætir við að á fundinum hafi verið samþykkt tillaga um örmerki. Þó svo að endanleg útfærsla sé ekki komin á hreint sé þetta skref í þá átt að fastsetja örmerkjanotkun í sauðfé. „Markmiðið er að stuðla að vinnusparnaði og einfalda kerfið þannig að þetta muni henta bændum jafnt sem sláturleyfishöfum og allir hagnast á þessu."

*Litlar breytingar á stjórn*

Fyrir fundinn voru fjórar nefndir búnar að vinna úr 71 tillögu. Þar voru þær ýmist sameinaðar, felldar niður af ýmsum ástæðum eða lagðar fyrir deildarfundinn. Þær tillögur sem voru samþykktar af deildarfundinum verða ýmist sendar áfram til Búnaðarþings eða ræddar áfram af stjórn deildarinnar sem sendir þær til viðkomandi aðila.

„Það skiptir máli að bændur komi saman og ræði sín hagsmunamál og hver stefnan á að vera í framhaldinu. Þó að það sé hægt að halda alla svona fundi á netinu þá skiptir líka máli að hittast í eigin persónu. Það verða öðruvísi skoðanaskipti þannig," segir Eyjólfur. Kosið er um formann deildarinnar annað hvert ár, en Eyjólfur hefur setið í því embætti síðan í fyrra og á eitt ár eftir af kjörtímabilinu. Meðstjórnendur eru fjórir og er kosið um helming þeirra annað hvert ár. Birgir Þór Haraldsson var kjörinn til stjórnarsetu og kemur hann nýr í stjórn í staðinn fyrir Hafdísi Sturlaugsdóttur sem gaf ekki kost á sér. Ásta Fönn Flosadóttir var í stjórn áður og var kosin til þess að sitja áfram. Aðrir meðstjórnendur eru Magnús Helgi Loftsson og Sigurborg Hanna Sigurðardóttir og var ekki kosið um þau á þessum fundi. Kosið var um varamenn og er sá fyrsti Sigríður Ólafsdóttir, annar varamaður er Sveinn Finster Úlfarsson og þriðji varamaður er Jónmundur Magnús Guðmundsson. */ál*

## Ný stefna skógarbænda

**Staða skógarbænda er góð að mati að mati Laufeyjar Leifsdóttur, varaformanns búgreinadeildar skógarbænda (SkógBÍ). Þess megi glögglega sjá merki í virku starfi deildarinnar, en ný stefna hennar var samþykkt á deildarfundi.**

Alls voru 28 fulltrúar og gestir á fundinum auk starfsmanna. „Umræður voru uppbyggjandi og málefnalegar," segir Laufey Leifsdóttir en hún kynnti fjölbreytt verkefni deildarinnar síðasta árs. Hún segir fjölda tækifæra liggja í loftinu næstu misserin.



Hátt í þrjátíu skógarbændur mættu á deildarfund SkógBÍ. Mynd / sp

*Sækja um aðild að CEPF*

„Ef dregið er saman í nokkur orð það helsta sem fjallað var um má nefna að ný stefna skógarbænda BÍ var samþykkt. Ætlunin er að stefnan verði í sífelldri mótun og megi og eigi að endurskoða milli deildarfunda ef þurfa þykir. Samþykkt var að deildin sækti formlega um aðild að samtökum skógarbænda í Evrópu, CEPF. Ef af líkum lætur ganga skógarbændur BÍ formlega í samtökin á vordögum og við það opnast á enn frekara samstarf við Norðurlöndin og aðrar Evrópuþjóðir. Margar tillögur fundarins snerust um stjórnsýslu og fagsvið skógræktar. Má þar helst nefna áherslu á að sveitarfélög afgreiði framkvæmdaleyfi greiðlegar til skógræktar, krafa um að gögn úr Skógarskrá Lands og skógar yrðu aðgengilegri almenningi, tillögu um leið til að greina ágreining vegna ágangsbúfjár, samræmingu tölu- og kortagagna milli stofnana ríkisins og áherslu á ræktun fjölbreytts gæðaviðar."

*Áherslumál til framtíðar*

Þá var ný skýrsla Skógarbændafélagsins á Suðurlandi, „Úr skógi, skógarafurðir á Íslandi", kynnt. „Áhyggjur af geitum inn á skógræktarlönd og kolefnismál voru einnig til umræðu. Kynnt var umfangsmikil vinna BÍ við greiningu á áherslumálum skógarbænda til framtíðar, og vakti hún mikla athygli," segir Laufey og vísar þar í erindi Ragnheiðar Bjarkar Halldórsdóttur.

Sú breyting varð á stjórn deildarinnar að Guðmundur Sigurðsson, fulltrúi Vesturlands, vék úr stjórn eftir þriggja ára stjórnarsetu. Í hans stað kom Rúnar Vífilsson, en hann hefur setið áður í stjórn skógarbænda, á árunum október 2019 og fram í febrúar 2022. Einnig vék Björn Bjarndal Jónsson úr sæti varamanns fyrir fulltrúa Sunnlendinga og í hans stað kom Kári Steinn Karlsson. */ghp*

can-am®




ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.

# Deildafundir búgreina



Hörður Harðarson í Laxárdal, fyrrverandi formaður Félags svínabænda, og Ingvi Stefánsson í Teigi, formaður deildar svínabænda hjá Bændasamtökum Íslands, á deildarfundi búgreinarinnar á dögunum. Mynd / smh

## Kalla eftir úttekt á stöðu greinarinnar

**Á deildarfundi svínabænda á dögunum var samþykkt ályktun þar sem lýst er þungum áhyggjum af starfsumhverfi greinarinnar.**

Skorað er á atvinnuvegaráðherra að skipa starfshóp til að skila skýrslu um stöðu greinarinnar og koma með tillögur til úrbóta. Í greinargerð með ályktuninni segir að eftirspurn eftir svínakjöti hafi aukist jafnt og þétt á síðustu árum. Á sama tíma hafi innlend framleiðsla staðið í stað og aukinni eftirspurn því verið mætt með innflutningi. Mikilvægt sé að fá greiningu á því hvað valdi þessari þróun.

*Þróun tollverndar og markaðshlutdeild*

Skoða þurfi nokkur atriði í því samhengi, til að mynda þróun tollverndar og markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu í samanburði við innflutning síðustu tíu árin. Kortleggja þurfi rekstrarumhverfi greinarinnar og gera samanburð á ýmsum rekstrarþáttum greinarinnar á Íslandi miðað við aðstæður í innflutningslöndum, eins og í Danmörku, Þýskalandi og Litáen. Auk þess verði starfshópnum sérstaklega falið að skoða kröfur sem snúa að dýravelferð, þá er meðal annars verið að vísa í atriði eins og lausagöngu gyltna og geldingar, kröfur um fjarlægðarmörk svínabúa frá mannabústöðum, sýklalyfjanotkun og fjárfestingastuðning.

Þá skuli starfshópurinn skoða úrgangsmálin og þær kröfur sem gerðar eru til greinarinnar í samanburði við annan rekstur á Íslandi.

Lagt er til að í starfshópnum sitji einn fulltrúi frá atvinnuvegaráðuneytinu, einn frá Matvælastofnun og einn frá Bændasamtökum Íslands.

*Óbreytt stjórn*

Stjórn svínadeildar Bændasamtaka Íslands verður óbreytt eftir deildarfundinn; Ingvi Stefánsson, Teigi verður áfram formaður, Geir Gunnar Geirsson frá Stjörnugrís varaformaður og Sveinn Jónsson frá Matfugli ritari. Í varastjórn verða þau Björgvin Þór Harðarson og Petrína Þórunn Jónsdóttir, Laxárdal og Andrés Kristinsson, Hraukbæ.

Ingvi Stefánsson og Björgvin Þór Harðarson voru kjörnir búnaðarþingsfulltrúar.

Ingvi segir að þessi atriði sem birtast í ályktuninni frá deildarfundinum séu mál sem brenni á svínabændum. „Við höfum lengi barist fyrir því að fá skipaðan starfshóp til að fara yfir starfsumhverfi greinarinnar og að gerður yrði þessi samanburður við rekstrar- og aðbúnaðaraðstæður í þeim löndum sem við keppum við. Við teljum að það sé betra að koma þessum atriðum bara fyrir í einni ályktun heldur en að dreifa þeim á mörg mál," segir Ingvi. */smh*




### Nautgripabændur:

## Skipa starfshóp um áhrif innflutnings

**Skipa á starfshóp til að greina áhrif af hugsanlegum innflutningi á erfðaefni úr erlendu mjólkurkúakyni á íslenska mjólkurframleiðslu samkvæmt tillögu sem samþykkt var á deildarfundi kúabænda.**



Stjórn og varastjórn NautBÍ. F.v.: Atli Már Traustason, Davíð Logi Jónsson, Rafn Bergsson formaður, Reynir Þór Jónsson, Sigrún Hanna Sigurðardóttir, Jón Örn Ólafsson og Erla Rún Guðmundsdóttir. Á myndina vantar Sigurbjörgu Ottesen. Mynd / ál

Alls voru 45 tillögur afgreiddar frá fundinum. Samþykkt var tillaga um helstu áherslumál nautgripabænda við gerð nýs búvörusamnings, sem eru að viðhalda núverandi framleiðslustýringakerfi, að megnið af stuðningnum verði áfram framleiðslutengdur, að stórauka fjármagn í samningana, auka tollvernd, að fjármagn fari ekki úr nautgripasamningnum í önnur málefni, að hagræðingarkrafa verði tekin út og fleira.

Þá var því beint til stjórnar BÍ að tengja áherslumál búvörusamninganna við umræðuna um fæðuöryggi og að aðgerðir og áherslumál bænda séu loftslagsvænar.

*Vilja hefja vinnu við verndaráætlun*

Skorað er á ríkisstjórn Íslands að tryggja fæðuöryggi í landinu með því að til séu nægar birgðir þeirra aðfanga sem eru nauðsynlegar til að halda landbúnaði í landinu gangandi í að lágmarki sex mánuði.

Stjórnvöld eru hvött til að hefja þegar vinnu við verndaráætlun fyrir íslenska mjólkurkúakynið. Lagt var til að gerð verði samanburðarrannsókn á íslensku nautgripakjöti og innfluttu erlendu nautgripakjöti er varðar eiturefni þungamálma og efnainnihald og einnig að rannsókn yrði gerð á heilnæmi íslenskrar mjólkur með tilliti til mjólkurópóls. Þá er stjórn NautBí gert að beita sér fyrir að fá upprunavottunina PDO og/eða PGI á mjólkurvörur framleiddar úr mjólk úr íslenska kúakyninu.

*Standa á vörð um landbúnaðarland*

Þá er skorað á sveitarfélög í dreifbýli að standa vörð um að gott landbúnaðarland verði ekki tekið úr landbúnaðarnotkun. Einnig voru samþykktar tillögur sem fjalla um afleysingar í landbúnaði, lánsfé til jarðakaupa, nýliðun, tryggingamál og tollvernd, heimavinnslu og heimaslátrun, upprunamerkingar, og fullvinnslu hliðarafurða.

Félagsmenn Bændasamtakanna geta nálgast samþykktar tillögur og rökstuðning með þeim á Mínum síðum á bondi.is.

Breytingar urðu á stjórn NautBÍ. Bessi Freyr Vésteinsson fór úr stjórn en í hans stað var Sigrún Hanna Sigurðardóttir kjörin í stjórn. Aðrir stjórnarmeðlimir voru endurkjörnir en það eru Sigurbjörg Ottesen, Reynir Þór Jónsson og Jón Örn Ólafsson. Erla Rún Guðmundsdóttir, Atli Már Traustason og Davíð Logi Jónsson voru kjörin í varastjórn.

*/ghp*

## Flokkun fiskeldismannvirkja rædd hjá landeldisbændum

**Fasteignaskattar og úrgangsmál voru hitamál á deildarfundi landeldisbænda.**



Landeldisbændur á deildarfundi. Mynd / sp

Helst bar á góma umræður varðandi flokkun á fiskeldismannvirkjum til fasteignaskatta. Sagði formaðurinn, Bjarki Már Jóhannsson, að stærð og fjöldi mannvirkja í landeldi sé mikill og ljóst að flokkun mannvirkjanna á lóðum fyrirtækjanna hafi áhrif á afkomu fyrirtækja sem það stunda.

„Landeldi á laxi er landbúnaður og fiskeldistankar sannarlega húsnæði undir dýrahald. Því er rétt að horfa til þess að tankarnir sjálfir, sem og nauðsynlegur búnaður fyrir eldið, falli í sama flokk og aðrar byggingar sem nýtast undir dýrahald," sagði Bjarki.

*Mikil tækifæri í nýtingu úrgangs*

Þá voru úrgangsmál rædd í þaula. Áætlað er að framleiðsla landeldis verði komin í um 100-150 þúsund tonn á næstu fimm árum og því vonast til að sá úrgangur sem til fellur geti nýst sem hagkvæm uppspretta áburðar. Mikil tækifæri geti falist í úrganginum ef þannig verður tekið á málum en fram kom á fundinum að árlegur innflutningur af tilbúnum áburði hérlendis er um 50 þúsund tonn.

Gestur fundarins, Ragnheiður Björk Halldórsdóttir, sem leitt hefur vinnu við gerð loftslagsvegvísis bænda hjá BÍ, kynnti verkefnið Terraforming LIFE, sem miðar að þróun nýrrar aðferðar til að framleiða áburð og lífgas úr þeim lífræna úrgangi sem til fellur við landeldi og úr landbúnaði.

*Ung búgrein*

Fundarmenn voru sammála um að með ofangreint í huga væri mikilvægt að hafa skýra sýn, skapa bæði tíma og raunhæfa tímalínu, m.a. svo hægt væri að byggja upp innviði, enda landeldi ung búgrein.

Engar breytingar urðu á stjórninni en fundinn sátu formaðurinn, Bjarki Már Jóhannsson, Lárus Ásgeirsson, Jóhannes Gíslason, Hallgrímur Steinsson, Stefán Þór Winkel Jessen auk Ragnheiðar Bjarkar Halldórsdóttur og Gyðu Pétursdóttur, sem mun stýra hluta verkefnisins Terraforming LIFE fyrir hönd BÍ. */sp*

# Styrkir til skóg-ræktar



## Milljón plöntur

Nýmörk er sjóður á vegum verslunarinnar sem styrkir skógræktarverkefni einstaklinga og félagasamtaka um land allt.

Markmið verkefnisins er að setja niður eina milljón plöntur á næstu árum og gefa þannig einstaklingum og félagasamtökum kost á að byggja upp eigin skóg þar sem áherslan er lögð á bindingu kolefnis.

Upplýsingar um styrki og rafrænt umsóknar-eyðublað er að finna á Nymork.is

Nýmörk

POKASJÓÐUR

NÝMÖRK ER VERKEFNI POKASJÓÐS SEM HEFUR FRÁ ÁRINU 1996 VEITT MEIRA EN 3.000 MILLJÓNUM TIL GÓÐRA MÁLEFNA.

# Deildafundir búgreina



Málefni alifugla skoðuð ofan í kjölinn. F.v. Jón Magnús Jónsson, Reykjabúinu, Guðmundur Svavarsson, Reykjagarði, og Ingvar Guðni Ingimundarson, kjúklingabóndi á Vatnsenda. Mynd / sá

## Innflutningur og tollaumhverfi vágestir

**Á deildarfundi alifuglabænda benti allt til að Jón Magnús Jónsson, bóndi og eigandi Reykjabúsins og Ísfugls, tæki við formennsku af Guðmundi Svavarssyni, framkvæmdastjóra Reykjagarðs, sem yrði þá varaformaður.**

Eftir miklar umræður var hins vegar ákveðið að halda framhaldsfund síðar og stefnt á hann nú í vikunni.

Því frestuðu alifuglabændur kosningu nýrrar stjórnar á deildarfundinum og munu mögulega fresta henni fram yfir Búnaðarþing, eða uns niðurstaða fæst í félagsgjöld deildarinnar, sem þykja óeðlilega há, og tilhögun mála á Búnaðarþingi, væntanlega fulltrúafjölda deildarinnar.

Guðmundur og Jón Magnús verða búnaðarþingsfulltrúar. Á framhaldsfundi átti jafnframt að ganga frá ályktunum deildarinnar.

### *Örbúskapur á evrópskan mælikvarða*

Þrjú fyrirtæki eru í alifuglarækt og öll suðvestan- og sunnanlands; Reykjagarður, Matfugl og Ísfugl. Hvert þeirra rekur eigið sláturhús og annast sína markaðssetningu og dreifingu á vörum. Auk þess eru eldishús dreifð um sama svæði. Ísfugl kaupir sína framleiðslu frá bændum og tengdum aðilum.

Tollaumhverfið er alifuglabændum hugleikið enda er kostnaður við framleiðsluna hér á landi umtalsvert meiri en í nágrannalöndum okkar og Evrópu. Er það ekki síst stærð búanna sem skiptir þar máli, íslensku búin teljast nánast örbúskapur, sé horft til annarra landa.

### *Geta illa keppt við innflutning*

Innflutningur á kjúklingakjöti nam um 1.800 tonnum í fyrra. Sagði Jón Magnús í erindi á opnum fundi um íslensk matvæli, sem BÍ stóðu fyrir 26. febrúar, að verndartollar væru alifuglabændum afar mikilvægir en hefðu staðið í sömu krónutölu í tugi ára.

„Íslensk fyrirtæki eru langt frá að vera samkeppnishæf í verði við stór fyrirtæki í Evrópu. Í alþjóðlegu samhengi er þetta lítill markaður og við eigum í vök að verjast – en nágrannar okkar ná okkur aldrei hvað varðar hreinleika vörunnar, sýklalyfjanotkun o.þ.h.," sagði hann.

Ákvarðanir stjórnvalda um innflutning væru greininni afar erfiðar og hefðu ruðningsáhrif yfir í aðra innlenda kjötframleiðslu. Ísland væri lokað markaðssvæði yfirfullt af kjöti, með innlenda framleiðslu sem ekki gæti flætt á milli landa. Innflutningur tæki alla aukningu sem orðið hefði í greininni hérlendis.

Styrk greinarinnar telja forsvarsmenn vera gæði, gott heilbrigði bústofna og ferskleika vörunnar ásamt því að notkun lyfja sé óveruleg og notkun sýklalyfja engin í kjúklingaræktinni.

Áskorun greinarinnar væri að gera íslenska framleiðslu hagkvæmari og stækka hlutdeild alifuglabænda á innanlandsmarkaði. */sá*






Geitfjárbændur:

## Fagráð verði stofnað

**Hákon Bjarki Harðarson, frjótæknir og bóndi að Svertingsstöðum 2 í Eyjafirði, er nýr formaður deildar geitfjárbænda innan BÍ.**

Hákon tekur við af Brynjari Þór Vigfússyni í Gilhaga. Meðstjórnendur eru Anna María Flygenring í Hlíð II í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sem var formaður um fimm ára skeið, og Jóhanna Bergmann Þorvaldsdóttir á Háafelli í Borgarbyggð.

Á fundi deildarinnar 28. febrúar voru samþykktar nokkrar ályktanir. Þ.á.m. um að haldið yrði áfram með þá vinnu sem unnin hefur verið í að arfgerðargreina íslenska geitfjárstofninn í leit að vernd gegn riðu. Leita skuli eftir fjármagni til niðurgreiðslu á greiningu sýna svo kostnaði fyrir bændur sé haldið í lágmarki.

Fundurinn ályktaði sömuleiðis um að stofnað skyldi fagráð í geitfjárrækt og það starfrækt og fjármagnað sem sama hætti og önnur búgreinafagráð.



Hákon Bjarki Harðarson, Svertingsstöðum, nýr formaður deildar geitfjárbænda í BÍ, fyrir miðju ásamt Guðmundi Frey Kristbergssyni t.v. og Reyni Þorbjarnarsyni t.h., Háafelli. Mynd / sá

### *Kostnaður við skýrsluhald brengli tölur*

Talsverðar umræður urðu á deildarfundinum um skýrsluhald fyrir geitfé. Var það samdóma álit að kostnaður við skýrsluhaldsforritið Heiðrúnu hefði áhrif á fjölda notenda og skráningu í forritið. Því væru tölur mjög á reiki, m.a. um fjölda geitfjár í landinu. Var ályktað um þetta og bent á að í Noregi hafi sú leið verið farin að búfjárstofnar í útrýmingarhættu fái aðgang að skráningarforritum gjaldfrjálst. Leita skuli eftir opinberu fjármagni til fullrar niðurgreiðslu á skýrsluhaldi til að tryggja nákvæmt utanumhald fyrir íslenska geitfjárstofninn.

Á fundarmönnum brann einnig að framþróun yrði ekki möguleg í geitfjárrækt nema að aukin aðkoma yrði frá afurðastöðvum, sem ýtti undir og auðveldaði bændum að koma afurðum á markað. Var því ályktað um að komið yrði á virku samtali varðandi móttöku á gripum til sláturhúsa og afurðastöðva um vinnslu og sölu á afurðum geita.

### *Greininga óskað fyrir geitfjárrækt*

Þá var fjallað um hversu hamlandi það væri að greining á tekjum og gjöldum geitfjárræktar væru að miklu leyti ókunn. Leggjast þyrfti í greiningarvinnu sem nýttist við hagsmunagæslu og næstu búvörusamninga. Óljóst væri hversu mikið kæmi til greinarinnar umfram búvörusamninga, frá afurðatekjum og geitabændum sjálfum. Þá þyrfti að greina gjöld geitfjárræktar, m.a. í hlutfalli við aðrar búgreinar. Var BÍ því falin slík greiningarvinna og athugun á hver utanaðkomandi stuðningur þurfi að vera til að greinin dafni, þar sem geitastofninn sé í útrýmingarhættu.

Síðast, en ekki síst, krafðist fundurinn aukins stuðnings við geitfjárrækt. Geitfjárbændur falli oft ekki undir kröfur varðandi fjárfestingar-, ræktunar- og verkefnastuðning sem nýtist bændum eða greininni. Nauðsynlegt væri að huga að því hvar greinin gæti komist að í núverandi stuðningskerfi og/eða að nýir flokkar yrðu stofnaðir utan um greinina. */sá*

## Hrossabændur vilja aðkomu að búvörusamningum

**Nokkuð fámennt var á fundi hrossabænda á deildarfundi búgreina en þar var rætt um framtíð WorldFengs, félagskerfið, sæðingar, forsendur tilnefninga til ræktunarbús ársins og aðskilnað kynbótadómara.**

Nanna Jónsdóttir, formaður deildarinnar, kynnti greinargóða skýrslu stjórnar. Kom hún þar meðal annars inn á að endurskoða þurfti félagskerfið og brúa bilið á milli deildar hrossabænda, fagráðs og hrossaræktarsamtaka víðs vegar um land.



Nanna Jónsdóttir fer yfir skýrslu stjórnar og störf deildarinnar. Mynd / hf

### *Uppfæra þarf upprunaættbókina*

Málefni WorldFengs, upprunaættbók íslenska hestsins, voru rædd en brýnt þykir að fara í vinnu við að uppfæra gagnagrunninn. Stjórn deildarinnar var falið að finna þriðja aðila til að rýna og vinna hugmyndir um hvernig WorldFengur geti litið út til framtíðar.

Átta tillögur voru teknar fyrir og inniheldu samþykktar tillögur meðal annars að halda þyrfti áfram að vinna við þróun á nýju innheimtukerfi félagsgjalda en ákvarða þarf þær forsendur sem eigi að liggja fyrir til að meta veltu félagsmanna í deildinni. Fagráði er ætlað að endurskoða reglur varðandi útreikninga á tilnefndum ræktunarbúum ársins. Mörgum hugmyndum var velt upp og óskaði Nanna eftir því að fá sendar hugmyndir frá fulltrúum að fundi loknum. Samþykkt var tillaga sem fól í sér að stjórn búgreinadeildarinnar ítreki nauðsyn þess að hrossabændur fái verulega aukna aðkomu að búvörusamningum. Ein tillaga fékk þó nokkra umræðu en sú fjallaði um aðskilnað kynbótadómara. Var hún felld með tveggja atkvæða mun.

### *Vinnureglur við sæðingar*

Sigríður Björnsdóttir, sérgreinadýralæknir hrossa, hélt áhugavert erindi um sæðingar á hryssum. Mikil aukning hefur verið á notkun sæðinga í hrossrækt og því velt upp að skoða þyrfti vinnureglur til framtíðar. Tiltölulega fáir hestar eignast mjög mörg afkvæmi og því var velt upp spurningunni hvort aukna árvekni þurfi gagnvart virkri stofnstærð. Einnig var rætt um útflutning á hrossasæði.

Kosnir voru tveir nýir fulltrúar í stjórn deildar hrossabænda. Guðný Helga Björnsdóttir bauð sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu og var Ólafur Sigurgeirsson kosinn nýr inn í stjórn. Ný stjórn er því eftirfarandi; Nanna Jónsdóttir, formaður, Guðný Helga Björnsdóttir, Jón Vilmundarson, Ólafur Sigurgeirsson, Agnar Þór Magnússon og varamenn eru Sonja Líndal Þórisdóttir, Þórdís Ingunn Björnsdóttir og Ragnhildur Loftsdóttir. */hf*



LANDSHÚS
Síðan 2013
ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR
HRÍM HEILSÁRSHÚS
Hrím er splunkunýtt hús úr smiðju Landshúsa. Húsið er stílhreint, bjart og hannað í nútímastíl.
Húsið hentar vel sem sumarhús eða sem heilsárshús. Hægt er að breyta húsinu á ýmsa vegu og ráða stærð þess.
NÝTT
Íslenskt Jöklahús með stórum gluggum í nútímastíl
JÖKLAR GESTAHÚS
Henta vel sem gestahús, starfsmannahús, auka herbergi, heimaskrifstofa eða sem útleigueining í ferðaþjónustu. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.
NÝTT
Jöklar Burst
Jöklar íslensku húsin
Jöklar Flat
KLETTAR HEILSÁRSHÚS
Klettar eru sterkbyggð hefðbundin timburgrindarhús með rúmgóðu svefnlofti. Húsin afhendast ósamsett, að hluta í forsmíðuðum einingum og að hluta sem forsniðið efni.
Uppsetning húsanna er afar fljótleg.
Vorpantanir hafnar á öllum húsunum okkar
Tryggðu þér pláss!
EFLA
Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á húsunum okkar samkvæmt íslenskri byggingar-löggjöf.
UPPSETNINGARTEYMI
Vísum á vana uppsetningaraðila með mikla reynslu af húsunum okkar.
Húsið á myndinni er af gerðinni Klettar 80 sem reist var 2019 á Vesturlandi.
STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN
Landshús - Sími 553 1550 - www.landshus.is
Öll verð má finna á heimasíðu okkar
LANDSHÚS
Síðan 2013

# Deildafundir búgreina



Stjórn minkabænda. Frá vinstri: Hjalti Logason, Veronika Narfadóttir og Björn Harðarson formaður. Mynd / ál

## Lyfta heildinni með samstarfi

**Eitt af helstu málunum sem voru rædd á fundi loðdýrabænda var áætlun um dýraskipti til þess að koma í veg fyrir skyldleikaræktun.**

Á landinu eru eingöngu sex minkabú og eiga þau samtals rúmlega 8.500 læður. Eftir hrun minkaræktarinnar í Danmörku hefur lokast fyrir innflutning á kynbótadýrum og er nauðsynlegt fyrir greinina að bregðast við til að forðast skyldleikaræktun.

„Fyrir okkar búgrein skiptir máli að halda skyldleikaræktun í hófi með reglulegum skiptum á dýrum,“ segir Björn Harðarson, formaður deildar loðdýrabænda og minkabóndi í Holti í Flóa. Á deildarfundinum kynnti Ditte Clausen, ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, tillögu að ræktunaráætlun sem miðar að því að lyfta heildinni.

Björn gerir fastlega ráð fyrir að allir minkabændur taki þátt í dýraskiptum þó svo að endanleg útfærsla ræktunaráætlunarinnar hafi ekki verið útfærð. Næstu skref felist í því að Ditte leggist yfir gögn frá öllum minkabúunum og leggi til hvernig best er að standa að kynbótum. „Ég geri ráð fyrir að allir taki þátt,“ segir Björn, því hagur bændanna sé mikill.

Miðað við horfur á mörkuðum segir Björn minkabændur spá tíu til fimmtán prósenta hækkun á minkaskinnum á næstu misserum. Á nýlegum uppboðum hafa fengist að meðaltali í kringum 5.000 krónur fyrir hvert minkaskinn, en hann segir að til að standa undir öllum kostnaði þyrftu minkabændur að fá 9.000 krónur á skinn.

Litlar breytingar urðu á stjórn deildar loðdýrabænda á fundinum. Í aðalstjórn, ásamt Birni, eru áfram Veronika Narfadóttir úr Túni og Hjalti Logason frá Neðri-Dal. Varamenn í stjórn eru Rúna Einarsdóttir frá Torfastöðum 2 og Bjarni Stefánsson úr Túni.

Björn bætir við að loðdýrarækt falli vel að loftslagsmarkmiðum Bændasamtaka Íslands. „Við nýtum lífrænan úrgang sem annars færi í urðun og breytum í útflutningsvöru. Nokkurn veginn allt okkar fóður er innlent.“ /ál

### Garðyrkjubændur:

## Erfið staða námsins

**Þungt hljóð var í fulltrúum garðyrkjubænda á deildarfundi búgreinarinnar vegna stöðu garðyrkjunámsins á Reykjum sem nú er undir Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSU).**

Í máli Axels Sæland, formanns deildarinnar, kom fram að eftir að starfsmenntanámið á Reykjum var fært frá Landbúnaðarháskóla Íslands árið 2022 hafi skólastarfið farið hratt hnignandi og væri svo komið að það væri verulega vanfjármagnað sem kæmi niður bæði á kennsluaðstöðu og viðhaldi á tækjum og húsnæði. Ein birtingarmyndin væri sú að einungis fjórir nemendur af um 100 væru þar í staðnámi.



Ný stjórn garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands; Guðni Þór Guðjónsson, Eygló Björk Ólafsdóttir, Óli Björn Finnsson, Axel Sæland formaður, Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir og Helgi Ármannsson varamaður. Mynd / smh

„Staða garðyrkjunámsins er afar veik, Reykir búnir að vera olnbogabarn menntakerfisins í langan tíma og ekki séð fyrir endann á því á meðan umgjörðin er ekki betri. En í grunninn vantar varanlega framtíðarsýn fyrir staðinn og námið sem þar fer fram. FSU hefur verið að leita leiða til að aðlaga námið þeirra starfi en finnur hvorki leiðir til hagræðingar né eflingar námsins,“ segir Axel um stöðuna.

*Núverandi samningar ekki vaxtarhvetjandi*

Axel fór á fundinum yfir sérstakar áherslur garðyrkjubænda í aðdraganda næstu búvörusamninga, eftir að núverandi samningstíma lýkur í lok árs 2026. „Við setjum fjögur atriði á dagskrá sem okkar helstu mál; tryggingarvernd, tollvernd, fjárfestingarstuðning og nýliðun. Öll þessi atriði passa með hinum búgreinunum. Svo þarf búvörusamningur að fara að snúast um hvernig við náum fram aukinni framleiðslu þar sem mikil eftirspurn er eftir öllum afurðum garðyrkjunnar. En núverandi samningar eru ekki vaxtarhvetjandi,“ segir hann.

Um nýliðun segir að hana þurfi að efla og styrkja grundvöll til kynslóðaskipta innan garðyrkjunnar. Núverandi nýliðunarstuðningur sé ógagnsær og ómarkviss og hafi ekki hvetjandi áhrif til nýliðunar. Tryggja þurfi gagnsæi við stuðningsúthlutanir og greiðan aðgang að fjármögnun á lægri vöxtum en þekkist í dag. Nýliðar í garðyrkju taki oftast við búum í rekstri og þurfi þá oft að bera háan viðhalds- eða framkvæmdakostnað á fyrstu árum rekstrarins. Tækniþróun sé ör innan landbúnaðarins og svigrúm þarf að vera fyrir nýliða til að hámarka framleiðni rekstursins með innleiðingu viðeigandi tækninýjunga.

*Stöðugur afkomubati í blómum og salati*

Ívar Ragnarsson, ráðgjafi hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) á rekstrar- og umhverfissviði, kom á fundinn og gerði grein fyrir rekstrarniðurstöðum garðyrkjunnar fyrir árið 2023.

Helstu niðurstöður úr rekstrarverkefninu eru þær að afkoma ársins á heildina litið fyrir alla garðyrkjuna var 22,5 prósentum betri en árið á undan og sú besta á fimm ára tímabilinu þar á undan. Í yfirliti Ívars kom fram að garðyrkjan sé að meðaltali minna skuldsett en aðrar búgreinar. Afkoman var heldur lakari í ylræktinni en rótargrænmetinu á því ári sem skýrist meðal annars af meiri uppskeru í útiræktuninni. Stöðugur afkomubati hefur verið á undanförnum árum í framleiðslu á blómum og salati.

„Rekstrargreining RML er alltaf áhugaverð og þar sýndi sig svart á hvítu núna hvað útiræktin er sveiflukennd grein. Árið 2023 var gott ár í útirækt og allt var með bændum og því verður afar fróðlegt að sjá hvernig 2024 kemur út þar sem það var afar erfitt ár veðurfarslega,“ segir Axel.

*Axel áfram formaður*

Axel verður áfram formaður garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands, en hann er blómabóndi á Espiflöt í Reykholti.

Þau Óli Björn Finnsson í Heiðmörk Laugarási, Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir hjá Sólskins grænmeti, Flúðum og Eygló Björk Ólafsdóttir, Vallanesi á Fljótsdalshéraði munu áfram starfa með honum í stjórn. Jón Helgi Helgason, kartöflubóndi á Þórustöðum í Eyjafirði, fer úr stjórn og Guðni Þór Guðjónsson, kartöflubóndi hjá Garðagulli í Þykkvabænum, kemur nýr inn. /smh

Skaftárhreppur

**Auglýsing um skipulag**

**Deiliskipulag Tjarnargígs**

*skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010*

Tekið fyrir tillaga að deiliskipulagi fyrir Tjarnargíg.
Um er að ræða gerð deiliskipulags fyrir aðstöðu fyrir ferðafólk í Laka í Skaftárhreppi, sem er innan Vatnajökulsþjóðgarðs.
Ráðgert er að gera 34 bílastæði, auk tveggja bílastæða fyrir fatlaða og bílastæði fyrir tvær rútur.
Deiliskipulagið skilgreinir tvo byggingarreiti.

Ofangreind tillaga liggur frammi til kynningar á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 4 á skrifstofutíma sveitarfélagsins.
Að auki er hægt að nálgast tillöguna undir skipulagsgátt undir málsnúmerinu 225/2025
Málið er til kynningar frá og með 3. mars til 14. apríl 2025
Athugasemdum og ábendingum skal skila í skipulagsgátt undir viðeigandi málsnúmerum eða á netfangið klaustur@klaustur.is.

**Skipulagsfulltrúi Skaftárhrepps**
**Óskar Örn Gunnarsson**



Kvíaból í Köldukinn er ákaflega vel upp byggt bú, byggingar reisulegar, skipulega raðað og snyrtimennska og mikill myndarbragur viðhafður í hvívetna. Mynd / Aðsend

## Kvíaból fyrirmyndarbú ársins

**Kvíaból í Köldukinn var útnefnt fyrirmyndarbú nautgripabænda árið 2025 á deildarfundi NautBÍ.**

Á Kvíabóli búa þau Haukur Marteinsson og Ingiríður Hauksdóttir og stunda þar mjólkurframleiðslu ásamt framleiðslu nautakjöts auk gras- og kornræktar.

Í rökstuðningi með viðurkenningunni kemur fram að árangur búsins hafi vakið eftirtekt, kýrnar mjólki með miklum ágætum og meðalnyt hafi verið yfir 7 þús. kg undanfarin ár, eða vel yfir meðaltali landsins.

„Árangur í framleiðslu nautakjöts hefur ekki verið síðri en þar hefur búið skipað sér í fremstu röð þrátt fyrir að framleiðslan byggi einkum á alíslenskum gripum. Sem dæmi eru 97 gripir sem fargað hefur verið á síðustu 12 mánuðum með ríflega 290 kg fallþunga við 590 daga aldur sem er fyllilega sambærilegt við árangur búa sem byggja sína framleiðslu á holdablendingum,“ sagði Rafn Bergsson, formaður búgreinadeildar nautgripabænda, þegar hann veitti þeim Hauki og Ingiríði viðurkenninguna.



Ingiríður Hauksdóttir og Haukur Marteinsson veittu viðurkenningunni viðtöku. Mynd / ghp

Hægt verður að fylgjast með búskapnum á Kvíabóli á Instagram Bændablaðsins næstu daga en viðtal við Ingiríði og Hauk má nálgast á bls. 55. /ghp




# Nú er framtalið þitt opið á *skattur.is*

## Skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til 14. mars

### Auðkenning

Unnt er að auðkenna sig með tvenns konar hætti, þ.e. með rafrænum skilríkjum og með veflykli Skattsins.

Skatturinn mælir með að rafræn skilríki séu notuð við auðkenningu.

### Upplýsingar á framtali

Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum. Athuga skal sérstaklega hvort einhverjar upplýsingar vanti inn á framtal, s.s. verktakatekjur.

Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

### Aðgengilegar leiðbeiningar

Leiðbeiningar er að finna á *skatturinn.is*. Einnig er auðvelt að kalla fram skýringar við einstaka kafla eða reiti í framtalinu sjálfu.

**Eftirfarandi framtalsaðstoð er í boði:**

**Símaþjónusta í 442-1414**
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

**Sendu okkur tölvupóst**
Þú getur sent okkur tölvupóst á póstfangið *framtal@skatturinn.is*

**Spurðu Ask**
Hann getur líka leiðbeint þér með framtalið

Skatturinn

# Þróun á kjötframleiðslu styður ekki við markmið stjórnvalda um aukið fæðuöryggi

**Harpa Ólafsdóttir**
harpa@bondi.is



**Talsvert hefur verið fjallað um mikilvægi fæðuöryggis landsins að undanförnu, bæði út frá auknum stríðsátökum í heiminum sem og aukinna náttúruhamfara. Það blasir því við að spyrja hver sé staðan í framleiðslu landbúnaðarafurða.**

Áhyggjur vekur að svo virðist sem að áfram sé þróunin í þá átt að kjötframleiðsla á mann fari minnkandi hér á landi sé horft til fjölda íbúa og þeirra ferðamanna sem dvelja hér hlutfallslega á hverju ári. Ef tekið er tímabilið frá 2017 til ársins 2024 þá var kjötframleiðsla á mann sem seld var til neyslu innanlands 81 kg árið 2017 en var komin niður í 68 kg árið 2023 og hélst óbreytt árið 2024.

Á sama tíma hefur innflutningur á nautakjöti og alifuglakjöti aukist verulega. Þannig voru flutt inn 1.398 tonn af alifuglakjöti 2017 en 2.021 tonn árið 2023 en aðeins minna árið 2024, eða 1.877 tonn. Samtals nam aukning á innfluttu alifuglakjöti 34% fyrir tímabilið 2017 til 2024. Þá voru flutt inn 853 tonn af nautakjöti 2017 og 1.356 tonn árið 2024 sem samsvarar 59% aukningu fyrir tímabilið.

Árið 2020 þegar hrun var í fjölda ferðamanna vegna heimsfaraldursins, dróst innflutningur tímabundið saman á helstu kjöttegundum og þá sérstaklega á svínakjöti.

Sú staðreynd að kjötframleiðsla hafi dregist saman hér á landi frá 2017 til 2023 á sama tíma og innflutningur á kjöti hefur aukist er í andstöðu við stefnu stjórnvalda þar sem Landbúnaðarstefna til 2040 kveður á um að fæðuöryggi verði tryggt og að draga eigi verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Sú hvatning stjórnvalda í endurnýjuðum búvörusamningi frá árinu 2020 til aukinnar ræktunar á grænmeti á Íslandi virðist ekki hafa dugað til, því samkvæmt tölum Hagstofunnar þá hefur framleiðsla á íslensku grænmeti haldist nokkuð óbreytt undanfarin misseri og nemur um þriðjungi af neyslu grænmetis í landinu.

Það er því mikilvægt að horfa til leiða sem hvetur til aukinnar sjálfbærni í íslenskum landbúnaði, hvort heldur horft er til kjöt- eða grænmetisframleiðslu.

Þá þarf einnig að bera saman gæði innlendra og erlendra landbúnaðarafurða þar sem neytendur eru almennt að fá mun betri gæði þegar þeir kaupa íslenskar landbúnaðarafurðir þar sem notkun sýklalyfja í íslenskri landbúnaðarframleiðslu er almennt umtalsvert minni en í innfluttum landbúnaðarafurðum.















Tollalög:

# Áform dregin til baka

**Áform fjármála- og efnahagsráðherra um frumvarp til breytingar á tollalögum, þar sem gera átti innflutning á mjólkurosti með viðbættri jurtafitu tollfrjálsan, hafa verða afturkölluð að sinni.**

Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra tilkynnti um þetta á Facebook-síðu sinni föstudaginn 21. febrúar. Áformin voru birt í Samráðsgátt stjórnvalda 10. febrúar og rann umsagnarfrestur út mánudaginn 24. febrúar.

*Áhyggjur bænda af neikvæðum áhrifum*

Í Facebook-færslu Hönnu Katrínar kom fram að hún hafi heyrt áhyggjur bænda af mögulegum neikvæðum áhrifum breytinganna á einhvern hluta innlendrar framleiðslu og samkeppnisstöðu bænda.

Í framhaldinu hefði hún átt samtal við Daða Má Kristófersson fjármála- og efnahagsráðherra og í kjölfarið ákvað hann að afturkalla áformin um breytingar að sinni og hefja frekari skoðun málsins og eiga samráð við hagaðila með það að markmiði að geta sameinað alþjóðlegar skuldbindingar, hagsmuni bænda og neytenda í málinu.



Mynd / Pixabay

*Frekari skoðun og öflun gagna*

Í svari fjármála- og efnahagsráðuneytisins við fyrirspurn um málið segir að ástæða þess að ákveðið var að staldra við séu fyrrgreindar áhyggjur bænda af mögulegum neikvæðum áhrifum. „Nú hefst frekari skoðun málsins og samráð haft við hagaðila með það að markmiði að geta sameinað alþjóðlegar skuldbindingar, hagmuni bænda og neytenda í þessu máli.

Frekari skoðun felst í því að afla gagna og eiga samtal við samtök bænda, innflytjenda og neytenda á grundvelli þeirra gagna sem aflað verður um innflutning, tollflokkun og alþjóðlegar skuldbindingar sem henni tengjast.“ */smh*

# HALTU KULDANUM ÚTI

limtrevirnet.is

Traustar hurðir með áratuga reynslu við krefjandi íslenskar aðstæður



- Lindab hurðir henta sérstaklega vel fyrir búskap og dýrahald.
- Stuttur afgreiðslutími og fjölbreytt úrval lita.
- Krispol er hagkvæmur kostur fyrir skemmur og önnur rými.
- Uppsetning í boði sem getur aukið endingu og gæði hurðanna.

**Skoðaðu úrvalið á Limtrevirnet.is**

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Hurðadeild: 412 5370 | Netfang: hurdir@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnes

**Dýravelferð:**

# Tekist á um hvar málefni dýravelferðar eigi að liggja

## – Unnið með að Neyðarlínan taki við tilkynningum um dýraníð




**Steinunn Ásmundsdóttir**
steinunn@bondi.is


**Dýraverndarsamtök Íslands telja að færa eigi stjórnsýslu dýravelferðar frá Matvælastofnun vegna vanhæfis hennar í að bregðast við erfiðum málum. Lögfræðingur í Fagráði um velferð dýra er því ósammála og segir sérþekkingu innan stofnunarinnar skipta sköpum.**

Forsvarsmenn Dýraverndarsambands Íslands (DÍS) eru ósáttir við að stjórnsýsla dýravelferðar verði áfram undir Matvælastofnun (MAST) og vilja að hún verði óháð stjórnsýslu matvælaeftirlits. Þeir segja að sein eða engin viðbrögð við dýraníði séu dæmi um vanhæfi stofnunarinnar til að sinna skyldum sínum.

Lögfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands, sem jafnframt situr í Fagráði um velferð dýra fyrir hönd samtakanna, telur það að kljúfa dýravelferð frá MAST hins vegar ekki skynsamlegt og ekki bæta um betur. Innan MAST sé yfirgripsmikil sérþekking og önnur starfsemi stofnunarinnar eigi mikla samleið með dýravelferð.

Hugmynd er um að Neyðarlínan taki við tilkynningum almennings í gegnum 112 um slæman aðbúnað eða vonda meðferð dýra og er það í skoðun hjá viðkomandi ráðuneyti.



**Stjórnsýsla dýravelferðar liggur hjá Matvælastofnun og sögð vera fyrir því góð rök. Dýraverndarsamband Íslands telur þó nauðsynlegt að stjórnsýsla dýravelferðar verði óháð stjórnsýslu matvælaeftirlits.** Teikning / Hlynur Gauti

***Til stóð að taka dýravelferð af MAST***

Til stóð að færa dýravelferð undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra en skv. tillögu um breytta skipan ráðuneyta, sem hefur verið til umfjöllunar á Alþingi, virðist hafa verið hætt við það.

Þegar forsetaúrskurður um skiptingu starfa ráðherra í ríkisstjórn Kristrúnar Frostadóttur leit dagsins ljós í desember 2024 mátti sjá að umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra myndi m.a. fara með stjórnarmálefni sem heyra undir matvælaráðuneytið skv. d-lið 4. töluliðar forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta, þ.e. málaflokkinn „velferð dýra“. Í greinargerð tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta segir hins vegar: „Þá hefur, frá því að ríkisstjórnin var mynduð, verið fallið frá því að breyta heiti innviðaráðuneytisins og færa málaflokkinn dýravelferð milli matvælaráðuneytis og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.“ DÍS leggst eindregið gegn þeim viðsnúningi.

***Dýravernd og dýravelferð í forgang***

DÍS hvatti stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd til að standa með því markmiði sem birtist við myndun núverandi ríkisstjórnar: að gera stjórnsýslu dýravelferðar óháða stjórnsýslu matvælaeftirlits. Þannig væru send skýr skilaboð um að málefni dýraverndar og dýravelferðar væru tekin alvarlega og þau hluti af forgangsmálum nýs þings og ríkisstjórnar í takt við nýja tíma.



„Nýlegar fréttir af viðbragðsleysi Matvælastofnunar þegar tilkynnt var um folald í neyð eru nýjasta dæmið af fjölmörgum um mikilvægi þess að gera stórar kerfisbreytingar í þágu velferðar dýra. Dýraverndarsamband Íslands telur gríðarlega mikilvægan hluta af þeim úrbótum vera að gera stjórnsýslu dýravelferðar óháða stjórnsýslu matvælaeftirlits,“ segir m.a. í umsögn sem DÍS skilaði til Alþingis 18. febrúar sl., þar sem stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd er hvött til að standa með velferð dýra og færa málaflokk dýravelferðar frá MAST.

> ...ótalmörg dæmi ... þar sem fólk lýsti því hvernig eftirlit væri of veikt til að það nái að tryggja velferð dýra ...

***Vonir bundnar við skýr skilaboð***

Andrés Ingi Jónsson er framkvæmdastjóri Dýraverndarsambandsins. „Þegar verkaskipting ráðherra núverandi ríkisstjórnar var opinberuð í desember, þá kom fram að málaflokkur dýravelferðar ætti að færast til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Þessu fagnaði Dýraverndarsambandið, enda væri það skref í átt að þeim úrbótum sem við höfum talað fyrir til að stórefla eftirlit með velferð dýra.

Það voru því vonbrigði að sjá ríkisstjórnina beygja af þeirri braut þegar tillaga um formlega breytingu á ráðuneytum var tekin til umfjöllunar Alþingis, en við bindum enn vonir við að þingnefndin standi með upphaflegu markmiði ríkisstjórnarinnar og sendi skýr skilaboð um að málefni dýraverndar og dýravelferðar séu tekin alvarlega,“ segir Andrés.

***Veikt eftirlit***

DÍS lét, að sögn Andrésar, vinna úttekt á reynslu af búfjáreftirliti ásamt tillögum til úrbóta, sem var kynnt vorið 2023.

„Tilefnið voru ótalmörg dæmi sem komið höfðu inn á borð til Dýraverndarsambands Íslands, þar sem fólk lýsti því hvernig


Afslátturinn gildir eingöngu í vefverslun af tvöföldum og þreföldum sorptunnuskýlum sem koma með hurðum, lokum og pumpum.
Gildir til og með 16. mars 2025 eða á meðan birgðir endast.

BM·VALLÁ



TVÖFALT SKÝLI
Verð nú:
288.129 kr.
Verð áður: 360.161 kr.

20%
NETAFSLÁTTUR AF TVÖFÖLDUM OG ÞREFÖLDUM SORPTUNNUSKÝLUM Í VEFVERSLUN Á BMVALLA.IS

FRÍ HEIMSENDING INNAN STÓR-HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

ÞREFALT SKÝLI
Verð nú:
432.193 kr.
Verð áður: 540.241 kr.



SKANNAÐU FYRIR NÁNARI UPPLÝSINGAR OG AFHENDINGU

bmvalla.is bmvalla@bmvalla.is 412 5000

eftirlit væri of veikt til að það nái að tryggja velferð dýra. Þarna er um margþættan vanda að ræða, sem endurspeglast íw því að í úttektinni komu fram heilar 17 tillögur til úrbóta. Þar ber hæst hugmynd um að setja á fót Dýravelferðarstofu Íslands og þannig að skilja eftirlit með dýravelferð frá starfsemi MAST. Með þessu mætti gera dýravelferð hærra undir höfði og klippa á hugsanleg hagsmunatengsl matvælaframleiðslu og dýravelferðar," segir hann.

Aðrar mikilvægar tillögur megi nefna, svo sem að leyfisskylda allt búfjárhald á Íslandi, auka eftirlitstíðni, ekki síst óboðað eftirlit með alifuglum og svínum, og tryggja skilvirka og skjóta verkferla og aukinn málshraða þegar upp komi grunur um illa meðferð á dýrum.

*Klippt á hagsmunatengsl*



Segja samtökin í umsögn sinni að með Dýravelferðarstofu mætti „aðskilja eftirlit með dýravelferð frá starfsemi MAST. Hin nýja stofnun myndi heyra undir umhverfisráðuneytið í stað matvælaráðuneytis [atvinnuvegaráðuneytis, innsk.blm.] eins og nú gildi fyrir MAST. Þannig yrði gerður meiri greinarmunur á því þjónustuhlutverki sem MAST sinnir núna og eftirlitshlutverki þess. Stjórnsýsla dýravelferðar yrði þannig óháð stjórnsýslu matvælaöryggis. Slíkt mun stórauka traust almennings á eftirliti með dýravelferð á Íslandi."

Þá kemur fram í umsögninni að ef ekki sé vilji til að stofna sjálfstæða Dýravelferðarstofu, líkt og lagt er til í fyrrgreindri úttekt, mætti finna eftirliti með dýravernd og dýravelferð stað hjá hinni nýstofnuðu Náttúruverndarstofnun sem nú þegar hafi víðtækt hlutverk til verndar líffræðilegrar fjölbreytni og sjái um stjórnun veiða á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Ágúst Ólafur Ágústsson, lögfræðingur og hagfræðingur, vann áðurnefnda úttektarskýrslu fyrir DÍS vorið 2023. Tillaga samtakanna um að koma dýravelferð fyrir í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu sé í samræmi við fyrirkomulag í mörgum nágrannaríkjum Íslands. Þegar rýnt sé í verkefni ráðuneytisins skv. forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, sé þar nú þegar að finna málaflokka sem eigi skýra samleið með dýravelferð, svo sem verndun lífríkis og líffræðilegrar fjölbreytni, erfðabreyttar lífverur og veiðistjórnun og vernd og friðun villtra dýra og villtra fugla.



Haustið 2023 birti Ríkisendurskoðun stjórnsýsluúttekt á eftirliti MAST með velferð búfjár. Fjallað var um hana í áliti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar á 154. löggjafarþingi. Skv. DÍS er niðurstaða Ríkisendurskoðunar í grundvallaratriðum í takt við úttektarskýrslu sambandsins. „Þó að ekki sé gengið svo langt að leggja til uppskiptingu Matvælastofnunar segir í úttektinni: „MAST þarf að leggja aukna áherslu á að stjórnsýsluleg framkvæmd verði ekki á kostnað velferðar dýra." Dýraverndarsambandið tekur undir þessa niðurstöðu Ríkisendurskoðunar en telur farsælustu leiðina til að ná þessu markmiði vera fullan aðskilnað verkefnanna miðað við að færa eftirlit með dýravelferð til annarrar stofnunar," segir í umsögn sambandsins til Alþingis.



Andrés Ingi Jónsson.

*Yfirgripsmikil sérþekking*

Sagt hefur verið að flókið og jafnvel ógerlegt sé að kljúfa stjórnsýslumál dýravelferðar frá MAST. En fyrir því liggja fleiri rök.

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur og sjálfbærnisérfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands, situr í fagráði um velferð dýra hjá MAST, fyrir hönd Bændasamtakanna. „Ég tel réttast að ég tjái mig um málið út frá mínum bakgrunni og sérþekkingu en ég er bæði búfræðingur og lögfræðingur og mín sérþekking liggur í búfjárhaldi. Út frá þessum forsendum er ég skipaður, fyrir hönd Bændasamtakanna, í Fagráð um velferð dýra," útskýrir Hilmar.

„Í mínum huga er það að kljúfa dýravelferð frá MAST fyrst og fremst skrýtin hugmyndafræði og í öllu falli óskynsamlegt. Innan MAST er yfirgripsmikil sérþekking á búfé enda bakgrunnur margra starfsmanna þar dýralækningar eða önnur menntun tengd búfé.

Dýralækningar, sjúkdómavarnir og fleiri þættir tengdir búfjárhaldi eru stór hluti af starfsemi MAST og eru málefnasvið sem eiga eðlilega mikla samleið með dýravelferð," segir Hilmar.

Ný stofnun sem hefði það eina hlutverk að sinna dýravelferð þyrfti, að sögn Hilmars, alltaf að vera mönnuð með svipuðum hætti og MAST er nú þegar og hafa sömu innviði. „Eftirlitið er nú þegar mjög kostnaðarsamt og það hlýtur alltaf að vera enn dýrara að færa það á fleiri hendur af því þá er erfiðara að samnýta þekkingu, tæknilausnir og slíkt, fyrir utan flækjustigið sem myndi fylgja því fyrir alla aðila að búa til fleiri stofnanir eða síló innan stjórnsýslunnar," segir hann jafnframt.

*Tilfærsla málaflokksins breyti engu*

Hilmar veltir líka fyrir sér hver þessi knýjandi þörf sé fyrir nýja stofnun eða aðrar útfærslur til að sinna



Hilmar Vilberg Gylfason.

dýravelferð. „Þessum málaflokki er sinnt með miklum ágætum hjá MAST og langstærstur hluti eftirlits hefur ekkert annað í för með sér en eðlilegar og sjálfsagðar ábendingar um það sem betur má fara. Ábendingar sem bændur bregðast við og lagfæra eftir því sem þarf," segir hann og heldur áfram:

„Alvarleg tilvik sem snúa að dýravelferð eru sem betur fer afar fátíð, enda sýnist mér miðað við tilkynningar frá MAST að verið sé að fást við í kringum þrjú svoleiðis mál að meðaltali á mánuði, sem þarf ekki að endurspegla fjölda þeirra búa sem um ræðir, þar sem MAST verður eðlilega að fylgja stjórnsýslulögum og grípa fyrst til vægasta úrræðis s.s. sekta til að knýja fram úrbætur, áður en farið er í að nýta úrræði eins og vörslusviptingu. Ef við setjum þessi mál í eitthvert samhengi þá erum við kannski að tala um alvarleg tilvik hjá 20-30 búum á ári sem getur varla talist hátt hlutfall í ljósi þess að á árinu 2023 var MAST með eftirlit með 5.768 búum," segir Hilmar enn fremur.



Auðvitað megi alltaf gera betur en vandséð að hægt væri að koma alfarið í veg fyrir að alvarleg mál geti komið upp. Hann segist ekki sjá nein rök fyrir því að breyting yrði á því, eða viðbrögðum við því, þó ný stofnun yrði til eða málaflokkurinn aðskilinn öðru

> ... að kljúfa dýravelferð frá MAST er fyrst og fremst skrýtin hugmyndafræði ...

eftirliti með einhverjum hætti. Hið sama eigi við hvort sem um sé að ræða búfjárhald eða gæludýrahald.

*Aðgerðir til bóta*

„Ég hef í mínum störfum innan Fagráðsins, hjá Bændasamtökunum og í gegnum setu í Samstarfsráði MAST, átt mörg gagnleg samtöl um það hver staðan sé á eftirliti með velferð dýra og hvar mörk þess liggja hvenær eftirlit er nægilega vel sinnt. Niðurstaðan mín megin er alltaf sú sama, sem er að eftirlitinu sé vel sinnt og að þær breytingar sem gerðar hafa verið hjá MAST um aukna áherslu á áhættumiðað eftirlit séu jákvæð skref," segir Hilmar. Allt eftirlit er byggt á áhættu- og eftirlitsflokkun þar sem þunga eftirlitsins er beint þangað sem áhætta er mest og frammistaða verst.

Hann hafi talað fyrir því að eftirlitið verði tæknivætt til að minnka kostnað og auka skilvirkni. „Flest bú á landinu eru komin með góðar nettengingar og þannig ekkert því til fyrirstöðu að ábyrgðaraðilar á búfjárhaldi geti fengið MAST-app í símann hjá sér. Þar gætu verið aðgengilegir tékklistar sem bændur myndu fara yfir og senda eftirlitinu og síðan myndi MAST gera stikkprufur út frá sínum forsendum um áhættumiðað eftirlit og auðvitað út frá ábendingum sem þeim kunna að berast. Ég sé fyrir mér að meira og minna allt búfjáreftirlit geti farið fram með þessum hætti þ.e. einfalt og skilvirkt og ekki verið að fara ítrekað í kostnaðarsamar eftirlitsheimsóknir á bú þar sem allt er í góðu lagi," segir Hilmar.

*Tilkynni illa meðferð í 112*

Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra kynnti sér starfsemi MAST á dögunum, í heimsókn til Hrannar Ólínu Jörundsdóttur, forstjóra stofnunarinnar. MAST er með tíu starfsstöðvar á landsbyggðinni auk höfuðstöðva og útibús í Reykjavík. Kemur fram í fregn á vef Stjórnarráðsins að matvælaráðuneyti eigi í viðræðum við dómsmálaráðuneyti um að kanna möguleika þess að Neyðarlínan taki við tilkynningum almennings í gegnum 112 um slæman aðbúnað eða vonda meðferð dýra. Þar með verði til staðar einföld og skilvirk leið ef þurfi að koma tilkynningu um dýr í hættu á framfæri.

Haft var eftir Hönnu Katrínu í áðurnefndri fregn að mikilvægi MAST hafi farið vaxandi. „Stofnunin sinnir eftirliti með framleiðslu og útflutningi matvæla og hefur yfirumsjón með matvælaeftirliti á vegum sveitarfélaga, auk þess að sinna heilbrigði og velferð dýra á landsvísu og eftirliti með störfum dýralækna. Velferð dýra skipar sífellt stærri sess í umræðunni og þær kröfur sem gerðar eru til MAST hafa aukist í samræmi við það. Við leggjum því áherslu á að stofnunin hafi nauðsynleg úrræði til að takast á við síbreytilegt og krefjandi hlutverk," sagði hún. ■



## Orku- og loftslagsmál:

# Varað við hraðri orkuuppbyggingu með vindmyllugörðum

## – Efnaverkfræðingur telur að huga þurfi betur að vetnis- og lífeldsneytisframleiðslu í orkuskiptaferlinu

**Egill Einarsson efnaverkfræðingur segir að óráðlegt sé að framleiða rafeldsneyti eins og ammóníak með vindorku, til orkuskipta fyrir skipaflota og þungaflutninga, eins og áform eru um í vindorkuverkefnum sem eru nú í skipulagsferli.**

Egill Einarsson hefur á undanförnum vikum birt tvær greinar í Bændablaðinu um orku- og loftslagsmál, þar sem vikið er meðal annars að hagkvæmni ýmissa orkugjafa og sett í samhengi við áform um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Þar kemur fram að með því að nota rafmagn til framleiðslu á ammóníaki nýtist aðeins um fjórðungur upprunalegu orkunnar þegar það er svo brennt sem eldsneyti.

Egill bendir á hversu óhagkvæmt rafeldsneyti er í framleiðslu og áform um framleiðslu þess óraunhæf en þær tegundir rafeldsneytis sem eru þar fremst á blaði séu ammóníak og metanól. Nauðsynlegt sé að benda á ýmsa vankanta varðandi nýtingu og notagildi þessara efnasambanda. T.d. er orkuþéttleiki einungis helmingur af því sem er í jarðefnaeldsneyti og heildarnýting um 16%. Vegna lágs orkuinnihalds hentar það ekki í flugvélar en kannske í skip en þróun þeirra er skammt á veg komin og til dæmis er líklegt að skipta þurfi um vélar í þeim skipum sem fara yfir í ammóníak.



**Egill Einarsson efnaverkfræðingur varar við áformum um stóraukna raforkuframleiðslu í vindorkugörðum og segir framleiðslu á rafeldsneyti eins og ammóníaki mjög óhagkvæma.** Mynd / smh

### *Horfir til blandaðra leiða*

Þegar Egill er spurður um hvað hann telji vænlegustu kostina í stað rafeldsneytis, segist hann helst horfa til blandaðri leiða og bein nýting vetnis, þótt það sé einnig flokkað sem rafeldsneyti, geti orðið álitlegur orkugjafi þar sem nýtni þess sé tvöfalt meiri í gegnum efnarafal en með brennslu á rafeldsneyti. Hann hefur bent á að útreiknað kostnaðarverð á rafeldsneyti hérlendis sé tvisvar til þrisvar sinnum hærra miðað við orkuinnihald en á jarðefnaeldsneyti og þar er raforkukostnaður helsti kostnaðarliðurinn. Því ætti ekki að útiloka innflutning á rafeldsneyti sem framleitt er með ódýrri raforku. Til dæmis fer verð á sólarorku ört lækkandi og framleiðsla þess gæti orðið hagkvæmari kostur í sólríkum löndum en að framleiða það hér.

Grunnatriðið í þessari umræðu sé hins vegar spurningin um orkuþörf Íslendinga, en núverandi stjórnvöld og fyrri tali á þann veg að taka þurfi risastór skref í orkuöflun á næstu áratugum og þar er fyrst og fremst verið að vísa til uppbyggingar rafeldsneytis. Með því til dæmis að leggja stór og verðmæt landsvæði undir vindmyllugarða sé verið að fórna meiri verðmætum fyrir minni.

„Það er mikill þungi í þeirri umræðu að það sé knýjandi orkuskortur í landinu og til stuðnings þeim sjónarmiðum og stórhuga áformum um orkuöflun eru notuð mjög háleit alþjóðleg markmið í loftslagsmálum og vísað í skuldbindingar. Það hefur til dæmis verið talað um að það þurfi jafnvel að tvöfalda raforkuframleiðsluna á frekar stuttum tíma. Ég ætla ekkert mikið að lýsa skoðunum mínum á ráðstöfun eða forgangsröðun á þeirri raforku sem er til staðar í landinu í dag. Lágmarkskrafan er að framboð á raforku fylgi fjölgun þjóðarinnar og að nægileg raforka sé til staðar fyrir smáiðnað eins og garðyrkju og fiskiðnað. Það hlýtur þó að vera eðlilega krafa Íslendinga að almenningur sé í einhvers konar forgangshópi um aðgengi og kjör á raforkunni sem er til ráðstöfunar, umfram erlenda stóriðju til að mynda.“

### *Við erum umhverfissóðar*

Egill segir að samt sem áður sé ljóst að það sé ákveðinn skortur á orku hér á landi. Hann geri ekki lítið úr þeim skoðunum að það þurfi að virkja meira, en það sé þessi áróður um þörf fyrir stóraukna og hraða orkuuppbyggingu sem hann setji spurningarmerki við. „Ég hef gagnrýnt þessa leið sem Ísland fór með Evrópusambandinu í markmiðum sínum um kolefnishlutleysi árið 2040, þegar ljóst sé að Ísland sé meðal fremstu þjóða í framleiðslu á endurnýjanlegri orku með um 99 prósent af raforku framleiddri með þeim hætti og 80 prósent af heildarorku endurnýjanlega. Ég gagnrýni að þessar skuldbindingar séu notaðar til að þjóna þeim málstað að það þurfi að stórauka raforkuframleiðsluna með vindmyllugörðum.

Vandinn er auðvitað að við notum mikið af jarðefnaeldsneyti og það gerir það að verkum að losun okkar samkvæmt viðmiðun ESB er tæplega helmingi meiri á hvert mannsbarn en er að meðaltali í Evrópusambandinu. Neysludrifið kolefnisspor okkar er svo enn stærra, en 71 prósent þeirrar losunar er vegna innflutnings sem reiknast á kolefnisbókhald framleiðsluríkisins. Þannig að í þessum skilningi má alveg halda því fram að Íslendingar séu algjörir umhverfissóðar en mörg sóknarfæri til þess að breyta því,“ segir Egill.

Að sögn Egils er ljóst að með því að hagræða í orkubúskapnum í landinu og horfa til nýrra leiða í orkuöflun, megi draga verulega úr innflutningi á jarðefnaeldsneyti. „Við erum með þessar alþjóðlegu skuldbindingar og þurfum að sýna ábyrgð í því að nálgast markmið þeirra, en það getum við gert með slíkum aðferðum og um leið með hóflegum hætti. Þær leiðir sem hægt væri að fara er frekari rafvæðing á bílaflotanum, betri nýtni á rafmagni með nýjum tæknilausnum og notkun metans og lífeldsneytis í flutningabílum og fiskiskipum, en í þessum geira er um 45 prósent kolefnislosunar Íslands.

Þá er nauðsynlegt að byggja upp vetnisframleiðslu til að anna þeim hluta sem ekki er hægt að fullnægja með öðrum hætti. Flutningaskip og flugflotinn eru sérstakt viðfangsefni sem ekki er á beinni ábyrgð stjórnvalda.“

### *Miklir möguleikar með lífeldsneyti*

Egill bendir á að mikið hráefni til lífeldsneytisframleiðslu sé til staðar í landinu, metan sé líka aukaafurð úr slíku ferli og það sé mjög vannýttur umhverfisvænn orkugjafi. „Við erum með mikið magn af lífrænu efni eins og þörunga, plöntuleifar, úrgang eins og dýrahræ og sláturúrgang sem fellur til og vel mætti nýta til lífeldsneytisframleiðslu, auk mykju, seyru og annars lífræns úrgangs. Eins og fram hefur komið í umfjöllun Bændablaðsins fer stór hluti af dýrahræjum ólöglega til urðunar í dag, en mætti hæglega nýta til framleiðslu á lífeldsneyti.

Ríkið þarf auðvitað að koma inn og hjálpa til við innviðauppbygginguna því kolefnisbókhaldið af slíkri orkuframleiðslu er alltaf mjög hagstætt.“ /smh





ALDREI RAFMAGNSLAUS!*
Þegar rafmagn fer af, tekur Bluetti vara-rafmagnskerfið við á andartaki og ekkert rof verður á rekstri heimilis eða fyrirtækis. Ljós, öryggiskerfi, sendabúnaður, dælur og mjaltavélar, fá sitt rafmagn frá Bluetti vara-rafmagnskerfinu á sekúndubroti (10 millisek).
BLUETTI
EP2000
BLUETTI
HV800
BLUETTI
B700
BLUETTI
B700
Allt að
155
kWs
BLUETTI VARA-RAFMAGNSKERFI
• 10 ára ábyrgð
• Einfalt að tengja við rafmagnstöflur
• Uppsetningarkostnaður lágur
• Engin rekstrarkostnaður
• Engin viðhaldskostnaður
• Eftirlit með rekstri kerfis í símanum/app
• Hægt að stækka kerfi eftir þörfum
• Hægt að hlaða með sólarsellum
• Hægt að hlaða með vindmyllum
• Allt að 155 kWs
• Einn fasi eða þriggja fasa
• Stuttur afgreiðslufrestur
BLUETTI
Hrein og örugg íslensk orka
*Miðast við rafmagnsleysi frá dreifikerfi innan þess tíma sem kerfið var sett saman fyrir
Bluetti á Íslandi: JH Vinnustofa ehf - 680 6000 - www.bluetti.is - jax@jax.is

## Reyðarfjörður:

# Feðgin ætla sér stóra hluti

### – Ný garðyrkjustöð á rótum hinnar gömlu

Magnús Hlynur Hreiðarsson
magnushlynurh@gmail.com



**Nýir eigendur hafa tekið við rekstri garðyrkjustöðvarinnar á Reyðarfirði sem hingað til hefur verið kölluð Blómahornið.**

Stöðin hefur breytt um nafn með nýjum eigendum en nafnið er Ilmbjörkin garðyrkjustöð en eigendur hennar eru feðginin Kristín Snorradóttir og Snorri Styrkársson á Reyðarfirði.



Feðginin Kristín Snorradóttir og Snorri Styrkársson í nýju garðyrkjustöðinni sinni á Reyðarfirði, Ilmbjörkinni garðyrkjustöð. Mynd / Aðsend

*Sagan*

Saga garðyrkjustöðvarinnar á Reyðarfirði nær aftur til ársins 2003, eða þegar Sólskógar reistu fyrsta gróðurhúsið, einfalt plasthús, sem markaði upphafið að ræktunarstarfseminni. Þremur árum síðar stækkaði stöðin enn frekar með byggingu „græna aðalhússins“, sem hefur síðan verið hjarta starfseminnar. Árið 2009 tók Anna Heiða Gunnarsdóttir við rekstrinum og gaf stöðinni nýtt nafn, eða Blómahornið. Hún hélt áfram að þróa aðstöðuna og bætti við öðru gróðurhúsi til að auka framleiðslugetuna og fjölbreytni í plöntuframboði. Í dag eru þrjú gróðurhús á lóðinni, auk sölusvæðis þar sem viðskiptavinir geta kynnt sér og keypt fjölbreyttar plöntutegundir. Stöðin hefur þróast úr einfaldri ræktunaraðstöðu í blómlega og lifandi garðyrkjustöð, sem þjónar Austfjörðum.

*Mikið úrval í stöðinni*

Þegar Kristín er spurð út í starfsemi stöðvarinnar hjá nýjum eigendum er hún fljót til svars. „Ilmbjörkin garðyrkjustöð er fjölbreytt garðyrkjustöð sem býður upp á mikið úrval af sumarblómum, pottaplöntum, fjölæringum, trjám og runnum, sem hentar íslenskum aðstæðum. Við leggjum mikla áherslu á að bjóða viðskiptavinum persónulega ráðgjöf og fræðslu um val og umhirðu plantna. Stöðin er einnig hugsuð sem vettvangur þar sem fólk getur notið umhverfisins, fengið innblástur og lært meira um garðyrkju. Við viljum stuðla að því að garðyrkja sé aðgengileg fyrir alla, óháð reynslu og aðstæðum.“

*Miklir möguleikar*

Kristín og pabbi hennar keyptu stöðina síðastliðið haust eftir að hafa haft augastað á henni í þó nokkurn tíma og litið á hana sem spennandi tækifæri. „Við teljum að í stöðinni séu margvíslegir möguleigr vaxtarsprotar í frekari framleiðslu. Garðyrkjustöðin er mikilvæg fyrir samfélagið og við vildum tryggja að hún héldi áfram að þjóna svæðinu. Við ákváðum að gefa stöðinni nýtt nafn, Ilmbjörkin garðyrkjustöð, sem endurspeglar tengsl við íslenska náttúru og nýtt upphaf,“ segir Kristín.

> Garðyrkjustöðin er mikilvæg fyrir samfélagið og við vildum tryggja að hún héldi áfram að þjóna svæðinu ...

*Olíukyndingunni skipt út*

Þau eru spurð hvort einhverjar breytingar verði á stöðinni með nýjum eigendum.

„Já, við stefnum á töluverðar endurbætur og uppbyggingu. Við erum búin að setja upp varmadælukerfi, sem gerir okkur kleift að halda stöðinni opinni stærstan hluta ársins og skiptum þannig út olíukyndingu fyrir vistvæna lausn. Við fengum styrk frá Uppbyggingarsjóði Austurlands til að fjármagna þetta verkefni. Það leiðir til þess að við aukum sjálfbærni stöðvarinnar og lækkum rekstrarkostnað til lengri tíma litið,“ segir Kristín og bætir við að það standi til að auka vöruúrvalið og framleiðsluna með fleiri plöntutegundum, sem henta íslenskum aðstæðum. Einnig sé verið að horfa til þess að nýta aðalgróðurhúsið undir frekari starfsemi, eins og í aðdraganda jóla og fleira.

*Vefverslun í þróun*

Feðginin eru nú að vinna að því að þróa nýja vefverslun þar sem fólk getur skoðað og pantað plöntur, auk þess að fá ráðgjöf um val og umhirðu. „Vefurinn mun bjóða upp á notendavæna og öfluga lausn fyrir garðyrkjuáhugafólk, m.a. með plöntuleit þar sem notendur geta auðveldlega fundið plöntur eftir skilyrðum eins og þoli, hæð, notkun, blómlit og fleiri breytum. Markmið okkar með vefnum er að gera garðyrkju aðgengilegri og auðveldari fyrir alla sem hafa áhuga á að rækta fallegt og heilbrigt umhverfi í kringum sig,“ segir Kristín.

*Mikill ræktunaráhugi á Austurlandi*

Feðginin segja mikinn áhuga á ræktun á Austurlandi og sífellt fleiri leggi rækt við garðinn sinn, hvort sem það er til fegrunar, matjurtaræktunar eða umhverfisvænna lausna. „Það má þó alltaf bæta úr því, og einmitt þess vegna er ég hér til að veita fólki innblástur, þekkingu og aðgang að góðum plöntum sem henta íslenskum aðstæðum með áherslu á veðurfarið á Austurlandi,“ segir Kristín hlæjandi.

*Sumarið undirbúið*

Kristín og Snorri eru núna að undirbúa sumarið með sáningu og ræktun sumarblóma en opna stöðina formlega á sumardaginn fyrsta með opnunarhátíð, þar sem þau munu kynna starfsemina, bjóða upp á léttar veitingar og taka fagnandi á móti gestum. „Við erum spennt og full tilhlökkunar fyrir þessu verkefni. Það er bæði áskorun og mikil tækifæri að taka við garðyrkjustöð og byggja hana upp með nýrri sýn. Við sjáum mikla möguleika í að þróa starfsemina áfram, auka framboð plantna og auka þjónustu við viðskiptavini. Þó verkefnið krefjist mikillar vinnu er það ótrúlega gefandi. Við hlökkum til að byggja upp langtímasamband við viðskiptavini okkar og styðja við enn grænna og fallegra umhverfi á Austurlandi,“ segir Kristín. ■




PORSCHE
Láttu drauminn rætast núna.
Örfáir Cayenne E-Hybrid sýningabílar á sérkjörum.
Nú er tækifærið til að eignast glæsilegan Cayenne E-Hybrid með allt að 90 km* drægni á rafmagni. Örfáir sýningabílar á sérkjörum einungis í mars. Gott uppítökuverð í boði fyrir þinn bíl.**
Söluráðgjafar okkar taka vel á móti þér og hjálpa þér að finna þinn drauma Cayenne.
Skannaðu QR - kóðann til að skoða úrvalið.
Plug-in Hybrid
Fjórhjóladrif
470 hestöfl
4.9 sek. í hundrað
Loftpúðafjöðrun
8 gíra sjálfskipting
3.500 kg. dráttargeta
650 Nm hámarkstog
Forhitun með appi
*Samkvæmt WLTP miðað við blandaðan akstur.
**Uppítökuverð er háð skilyrðum og hvert tilfelli metið fyrir sig. Bílabúð Benna áskilur sér rétt á að hafna uppítöku.
Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.
Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | S: 590 2000 | benni.is | porsche.is | Opið virka daga frá 9:00 til 17:00 og laugardaga frá 12:00 til 16:00
Bílabúð Benna

## Kvenfélagið Baugur:

# Virkni félagslífsins fyrir öllu



**Sigrún Pétursdóttir**
sigrunpeturs@bondi.is



Ljós og skuggar leika listir sínar í nyrstu byggð Íslands. Mynd / Markaðsstofa Norðurlands.

**Við heimskautsbauginn, rúma fjörutíu km frá landi, liggur nyrsta byggð Íslands, Grímsey. Þótt fámenn sé er félagslífið í fullum blóma, t.a.m. Kvenfélagið Baugur sem er nær sjötíu ára.**

Ljós og skuggar leika listir sínar á þessum fámenna stað, en íbúafjöldinn telur um 20 manns að vetrarlagi en er heldur meiri þegar tekur að sumra. Þarna er þó rótgróið samfélag sem heldur utan um mikið og gott félagslíf, þar eru starfandi bæði Kiwanisklúbburinn Grímur svo og kvenfélagið Baugur, stofnað árið 1957.

Yfir veturinn eru það sex til átta konur sem halda uppi öflugu starfi kvenfélagsins og segir formaðurinn, Anna María Sigvaldadóttir, ávallt eitthvað um að vera og mæting sé þétt og góð á alla viðburði þótt samfélagið sé ekki stórt.

„Um þessar mundir er auðvitað haldið þorrablót, það hefur haldist öll þau 34 ár sem ég hef búið hér – og það er mikil skemmtan. Við höfum haft þann háttinn á að gestir koma hver og einn með sinn þorramat. Það getur nefnilega verið svo bagalegt að kaupa heilmikinn mat og sitja svo uppi með hann ef veðrar allt í einu þannig að þurfi að fresta blótinu. Fólk hefur tekið vel í þetta og mætingin afar góð. Nú í ár fengum við hljómsveitina Í góðu lagi frá Húsavík auk annarra skemmtiatriða, en við höfum alltaf haft þann háttinn á að gera góðlátlegt grín að hvert öðru, sýnum vídeósketsa og þar fram eftir götunum. Þetta er siður hér á þorranum,“ segir Anna María.

### *Nauðsynlegt að halda samfélaginu virku*

„Almennt þá eldum við tvisvar í mánuði ofan í Kiwanismenn þegar þeir halda fundi og sömuleiðis fyrir þá mánaðarlegu fundi sem við höldum sjálfar. Saltkjöt og baunir, páskakaffi, sjávarréttakvöld og sólstöðuhátíð í kringum 21. júní. Sjómannadagurinn er haldinn hátíðlegur, karlakór Eyjafjarðar kom hingað í fyrra og söng fyrir kaffihlaðborði. Þegar við vorum hérna fleiri búsett þá voru spilakvöld einu sinni í mánuði og við spiluðum vist.

Jólahlaðborð er svo í okkar höndum fyrir jólin og jólaball milli jóla og nýárs, mjög vel mætt á hvort tveggja – Kiwanismenn taka að sér skötuveisluna á Þorláksmessu. Félagslífið er öflugt eins og ég nefndi áðan og ef við viljum halda því lifandi verðum við að halda áfram að vera virk í samfélaginu þótt við séum fámenn. Það er bara þannig. Auðvitað er í dag meira flakk á fólki en áður, lítið mál að skjótast inn eftir og fara á tónleika – sem var ekki hér áður fyrr þegar fólk fór ekki í land nema að nauðsyn bæri til,“ segir Anna María og hlær.



Sameiginlegt jólahlaðborð Kiwanismanna og kvenfélagsins. Myndir / Einkaeign

Samfélagið hefur alla tíð haldið upp á 11. nóvember, afmælisdag Willard Fiske, velgjörðarmann eyjarinnar, og þá er boðið upp á heitt súkkulaði og kökur. „Þetta er siður sem hefur haldist hér frá því að elstu menn muna og sama hve mannfjöldinn er mikill í eyjunni,“ segir Anna María. Willard Fiske var bandarískur ritstjóri og fræðimaður sem féll fyrir landi okkar og þjóð, lærði íslensku og dvaldi á Íslandi um hríð 1879. Við andlát sitt ánafnaði hann Grímsey heilmiklum auðæfum, samfélaginu til heilla.

### *Fjarvinna og styrkir ýmissa málefna*

„Hvað varðar styrki þá erum við duglegar að styrkja almenn málefni þó við séum sjaldnast með bein verkefni. Við styrkjum til dæmis unga konu sem er búsett hérna, Drífu Ríkarðsdóttur, en hún gerði sér lítið fyrir og setti þrjú Íslandsmet í kraftlyftingum á Reykjavíkurleikunum í fyrra.



Anna María Sigvaldadóttir.

Við höfum styrkt hana bæði á HM og EM. Sama gildir um krakka héðan sem eru að fara í keppnisferðir, við höfum styrkt hollvinasamtök og mataraðstoð RKÍ í fjöldamörg ár. Í rauninni þegar fólk leitar til okkar þá reynum við að verða að liði. Ef það er jarðarför í Grímsey þá gefum við undantekningalaust erfidrykkjuna.

Kirkjan í Grímsey, Miðgarðskirkja, brann fyrir nokkrum árum en er nú að mestu byggð aftur. Kvenfélagið Baugur veitti þangað bæði fjármagni auk heilmikils vinnuframlags. Til viðbótar gáfu þær kirkjunni timburklæðninguna að innan auk þess að standa fyrir söfnun með happdrættisvinningum og söfnuðu þannig tæpri milljón.

„Að lokum verð ég að nefna að við í kvenfélaginu fengum styrk fyrir nokkrum árum og höfum í félagsheimilinu útbúið herbergi þar sem hægt er að vinna fjarvinnu. Þar eru tölvur, hækkanleg skrifborð og góð aðstaða fyrir hvern þann sem hefur áhuga á að koma og leigja sér rými fyrir lítinn pening. Við viljum að fólk geti unnið héðan eins og annars staðar í fjarvinnu,“ segir Anna María.

Næsta víst er að tilhugsunin um fjarvinnu frá þessum fallega stað heilli marga og því ekki úr vegi að kanna þann möguleika, vitandi af blómstrandi félagslífi í bland við þá innri ró. ■



Messað hefur verið í Miðgarðskirkju, sem er á góðri leið með að vera komin í samt lag eftir bruna fyrir nokkrum árum. Kvenfélagið hefur veitt þangað bæði vinnuframlagi og peningum auk annars.



Listaverkið Orbis et Globus var sett niður á heimskautsbauginn í Grímsey haustið 2017. Um er að ræða kúlu sem er 3 metrar í þvermál og á að færast um eyjuna í samræmi við skrykkjóttar hreyfingar heimskautsbaugsins þar til hann yfirgefur eyjuna árið 2047 eða því sem næst, segir á vefsíðu Grímseyjar.




FAICOM ITALY
Skannaðu og skoðaðu
Þú færð vönduðu FAICOM slönguhjólin á rubix.is
RUBIX
Dalvegur 32a | Kópavogi | s: 522 6262 | rubix.is@rubix.com | rubix.is


MHG VERSLUN
KJARNABORVÉLAR - GÓLFSAGIR - VEGGSAGIR - KJARNABORAR - STEINSAGARBLÖÐ
Tyrolit FSG513P
Malbikssög - bensínknúin
500mm blað
Sögunardýpt 19,5cm
Tyrolit DME22SU
Kjarnaborstandur
Hám. borunardýpt 160mm
Tyrolit FGE280
Gólfslípivél
Slípiflötur 28cm
Tyrolit VCE2400
Iðnaðarryksuga 2,4 kW
Hönnuð fyrir gólfslípun
TYROLIT
Tyrolit FSE811
Gólfsög - rafknúin
Sögunardýpt 32cm
Tyrolit steinsagarblöð
Tyrolit TS40 Precut
Steinsög - rafknúin
Sögunardýpt 16,5cm
Tyrolit Ringsaw TR40
Steinsög - rafknúin
Sögunardýpt 30cm
MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is

## Strandir:

# Aukið virði garðyrkjuafurða í Stóra-Fjarðarhorni

## – Einu garðyrkjubændurnir í útiræktun grænmetis á Vestfjörðum

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



**Einu garðyrkjubændurnir í útiræktun grænmetis á Vestfjörðum búa í Stóra-Fjarðarhorni í Kollafirði á Ströndum og fengu þeir nýlega stuðning til að auka virði garðyrkjuafurða sinna.**

Ábúendurnir Ágúst Helgi Sigurðsson og Guðfinna Lára Hávarðardóttir eru með blandaðan búskap, sauðfjárrækt að uppistöðu en einnig í nautgriparækt og garðyrkju. Matvælaráðuneytið úthlutaði þeim nýlega þróunarstyrk til að leita nýrra úrvinnsluleiða með annars flokks garðyrkjuafurðir þeirra til aukinnar verðmætasköpunar, sem hingað til hafa verið nýttar í gripafóður á býlinu.

***Prófuðu útirækt fyrst 2020***

Guðfinna segir að þau hjónin hafi keypt jarðirnar Stóra-Fjarðarhorn og Þrúðardal árið 2016. „Þá var þar sauðfjárbú sem hefur jafnt og þétt stækkað og er enn í dag aðalbúgreinin. „Við hófum markvissa ræktun á Angus-nautgripum eftir að nýtt erfðaefni var flutt til landsins. Árið 2022 fengum við okkar fyrstu hreinræktuðu gripi og höfum ræktað nautgripi síðan þá. Við byrjuðum að prófa okkur áfram með útiræktun árið 2020 og höfum svo smám saman verið að finna okkar fjöl þar. Síðasta sumar vorum við meira í neðanjarðarræktun sem kom sér vel þar sem tíðarfarið var mjög erfitt fyrir garðyrkju á okkar svæði.

Samhliða fjölbreyttum búskap höfum við sett upp vinnslurými með leyfi frá Mast þar sem hentar vel að vinna bæði úr kjöti og garðávöxtum. Það er Byggðastofnun og byggðaþróunarverkefninu Sterkum Ströndum að þakka að þessi matvælavinnsla varð til. Við höfum ýmist selt afurðirnar í verslanir eða beint til neytenda. Á næstu vikum stefnum við á að opna betur sýnilega sölugátt á vefnum til að bæta utanumhald og við tökum glöð á móti nýjum viðskiptavinum.“



**Ágúst og Guðfinna með Hvannar Smára, Hávarð Blæ, Veigar Þorra, Írisi Jökulrós og Vordísi Nótt.** Myndir / Aðsendar

***Auka virði grænmetisins***

„Hingað til höfum við nýtt annars flokks garðyrkjuafurðir í fóður fyrir eigin gripi en langar að sjá hvaða aðferðir eru raunhæfar til að auka virði þeirra og auka þannig geymsluog sölutíma vörunnar,“ útskýrir Guðfinna áfram.

„Við munum beita gamalgrónum aðferðum í bland við nýstárlegri leiðir til að prófa okkur áfram í nýtingu annars flokks afurða. Til dæmis höfum við aðgang að frostþurrkara sem opnar fjölmargar úrvinnsluleiðir. Samhliða þessu erum við að skoða hvort og þá hvernig afurðirnar okkar geta hentað mismunandi viðskiptavinum. Kosturinn við að vera lítil vinnsla er að við getum hreyft okkur hratt og svarað kalli. Markmið okkar er að halda úti störfum á svæðinu svo við erum sífellt að leita leiða til að byggja upp fjölbreyttan viðskiptavinahóp sem getur orðið til þess að um heilsársvinnslu verði að ræða.

Við erum sömuleiðis sífellt að leita leiða til að tengja búgreinarnar sem best saman og reyna að samnýta tilfallandi kostnað þannig að hann verði sem minnstur og samlegðaráhrifin verði sem mest.“

***Ýmislegt að læra***

Að sögn Guðfinnu tekur tíma að koma búgreinum af stað frá byrjunarpunkti. „Það tekur til dæmis rúmlega tvö ár að framleiða einn nautgrip frá því kýr er sædd og þar til kálfurinn fer í slátrun, vonandi sem vel holdfyllt ungnaut.

Sömuleiðis með garðyrkjuna. Við höfum þurft að afla okkur allrar reynslu sjálf enda einu aðilarnir í útiræktun á Vestfjörðum. Það þarf að læra inn á það að rækta við sjávarmál en sömuleiðis að læra inn á að nýta þau tækifæri sem það býður upp á. Við höfum aldrei ætlað okkur að keppa í magnframleiðslu heldur frekar einblína á sérstöðuna. Þess vegna sóttum við til dæmis um styrk úr þróunarfé garðyrkjunnar til að leita nýrra lausna og fylla í göt á markaði með nýrri framsetningu og auknu virði afurða okkar.“

***Fjölbreyttur búskapur***

Guðfinna segir að þau séu nú með um 700 kindur og 25 nautgripi á öllum aldri og verktakafyrirtæki sem sinnir allri almennri jarðvinnu, efnisflutningum og landbúnaðarverktöku. „Í garðyrkjunni reynum við að hafa fleiri tegundir en færri í ræktun sérstaklega því við erum enn að læra hvað hentar aðstæðunum okkar. Það eru ekki allar tegundir í ræktun á hverju ári en markmiðið er að bjóða upp á grænmeti í næsta nágrenni og þá þurftum við að horfa á fjölbreytni frekar en magn af hverri tegund. Við ræktum bæði hefðbundnar appelsínugular gulrætur og einnig önnur litaafbrigði, en gulrætur eru okkar aðalgrein ásamt kartöflum og næpum. Við höfum ræktað alls konar ofanjarðartegundir og munum halda því áfram. Þær tegundir sem hafa gengið hvað best hjá okkur eru káltegundir ýmiss konar, eins og blómkál, brokkolí, hvítkál, rauðkál, kínakál, grænkál, blöðrukál og toppkál, möguleikarnir eru óþrjótandi.

Framtíðarsýnin er björt og við teljum að það verði áfram eftirspurn eftir íslenskum matvælum. Við verðum áfram óhrædd við að fjárfesta í íslenskum landbúnaði og munum vonandi halda áfram að fá hugmyndir og líklega framkvæma þær flestar. Það verður fréttaefni þegar við hættum að fá hugmyndir,“ segir Guðfinna Lára Hávarðardóttir í Stóra-Fjarðarhorni á Ströndum. ■



**Fallegur haustdagur í Kollafirði.**







## Erum að taka við pöntunum fyrir vorið núna

Aðeins 10-12 vikna afgreiðslufrestur. Pantaðu tímanlega, við gefum frábær tilboð.
Sendið fyrirspurnir á gluggar@husa.is

### Söluráðgjafar um land allt

**Höfuðborgarsvæðið**
Jón Birgir Jóhannsson
Söluráðgjafi, Smali
660 3024 / jbj@husa.is

Mikael Pétursson
Söluráðgjafi
660 3026 / mikael@husa.is

**Norðurland**
Guðsteinn Jónsson
Söluráðgjafi
660 3142 / gudsteinn@husa.is

**Austurland**
Aðalsteinn Hákonarson
Söluráðgjafi og skáld
766 2929 / adalst@husa.is

**Vesturland**
Valdimar Ólafsson,
Söluráðgjafi og loðdýrabóndi
660 3199 / valdi@husa.is

**Vestfirðir**
Slavyan Yordanow
664 3645 / slavyan@husa.is

**Suðurland**
Ársæll Jónsson
Söluráðgjafi
660 3188 / arsaellj@husa.is

**Suðurnes**
Markús Gunnarsson
Söluráðgjafi og fyrrum smali
664 3638 / markus@husa.is

**Þjónusta fyrir þig**



Sveinn Sigurðsson
Söluráðgjafi,
Fagmannaverslun
Sími: 841 0775
sveinns@husa.is



Laxveiðisaga:

# Gríðarleg áhrif á mótun landbúnaðar í Borgarfirði

## – Laxveiði um helmingur af heildartekjum landbúnaðar í Borgarbyggð

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



**Landbúnaðarsafn Íslands á Hvanneyri er með í undirbúningi sýningu um sögu laxveiða í Borgarfirði frá öndverðu.**

Sýning, byggð á rannsókn á sögu laxveiða í Borgarfirði, á að varðveita sögu og menningu laxveiða, sem mun ekki hafa verið gert áður hér á landi með viðlíka hætti.

Væntanleg sýning verður sett upp í kjallara safnsins, í 120 m² rými og opnar með vori, eða um svipað leyti og borgfirskar ár verða opnaðar veiðimönnum. Um er að ræða þemasýningu þar sem m.a. náttúru- og líffræði laxins, netaveiðum í Hvítá, þróun atvinnugreinarinnar og veiðisögum verða gerð skil. Vonir eru bundnar við að sýningin geti staðið til framtíðar í safninu.



**Anna Heiða Baldursdóttir, doktor í sagnfræði og sérfræðingur hjá Landbúnaðarsafninu á Hvanneyri, hefur rannsakað laxveiðar.** Mynd / Aðsend


**Rannsókn leiddi í ljós að laxveiði hefur haft gríðarleg áhrif á hvernig landbúnaður mótaðist í Borgarfirði.** Mynd / Pixabay



**Laxveiðiminjar á Landbúnaðarsafninu.** Mynd / Aðsend

### *Aftur til Skallagríms á Borg*

Anna Heiða Baldursdóttir, doktor í sagnfræði og sérfræðingur hjá Landbúnaðarsafninu, segir sögu laxveiða í Borgarfirði vera þriggja ára rannsóknarverkefni innan safnsins.

„Þar eru laxveiðar í Borgarfirði skoðaðar út frá mörgum þáttum, s.s. sögu, menningu, efnahag, náttúru- og líffræði. Verkefnið nær til sveitarfélagsins Borgarbyggðar þótt áherslan sé á þær ár sem renna í Hvítá/Borgarfjörð. Nánar tiltekið Hvítá, Langá, Gljúfurá, Gufuá, Norðurá, Þverá/Kjarará, Reykjadalsá, Flókadalsá, Grímsá/Tunguá og Andakílsá. Svæðið er því frá uppsveitum Borgarfjarðar og vestur á Mýrar,“ útskýrir hún.

Saga laxveiða í Borgarfirði nær til landnáms Skallagríms á Borg á Mýrum. Í Egils sögu segir m.a. að árnar hafi iðað af fiski og Skallagrímur sett menn við árnar til að gæta þessarar dýrmætu auðlindar. Borgfirðingar og Mýramenn hafa því alla tíð nýtt laxinn, annaðhvort fyrir matbjörg heimilisfólksins eða sem söluvöru, þó í mismiklum mæli, að sögn Önnu Heiðu.



### *Hvítárvallabóndi milliliður*

„Það má segja að á seinni hluta 19. aldar hafi Borgarfjörður orðið nokkurs konar miðpunktur laxveiða á Íslandi. Um 1860 fór skoskur verslunarmaður, James Ritchie, að venja komur sínar í Borgarfjörð til að kaupa lax af bændum til niðursuðu. Hann reisti til að mynda hús í Borgarnesi og flutti það reyndar síðar upp að Grímsárósum, til að sjóða niður lax. Viðskipti hans sköpuðu vináttu við bóndann á Hvítárvöllum, Andrés Andrésson Fjeldsted, sem lærði ensku og leiddi af sér að hann varð milliliður fyrir leigu enskra og skoskra stangveiðimanna á borgfirskum ám, eins og Grímsá, Langá og Norðurá,“ segir hún.



Þetta sé í raun upphaf stangaveiði hér á landi þótt vissulega hafi svipuð þróun farið af stað í stöku ám í kringum landið. Anna Heiða lýsir því hvernig vinsældir borgfirsku ánna uxu óðfluga á 20. öld og menn fóru að mynda félagsskap um veiðarnar í gegnum veiði- og fiskræktarfélög, þar sem markmiðið var fiskrækt og efling veiðanna með t.d. framkvæmdum eins og laxastigum og vatnsmiðlun. Þannig hafi komist á það form sem þekkist í dag, þar sem veiðifélög leigja út veiðarnar og þjónustu við veiðimenn ásamt því að vernda og efla íslenska laxastofninn.

„Laxauðugar borgfirskar ár, viðskipti Ritchies, enskukunnátta Andrésar, myndun veiðifélaga og uppbygging ánna urðu þannig til þess að hér fór af stað hröð þróun sem varð til þess að laxveiðar eru í dag gríðarlega öflug og mikilvæg atvinnugrein fyrir Borgarbyggð og þróun landnýtingar og landbúnaðar þar. Því til dæmis má nefna að tekjur af henni eru um 50% af heildartekjum landbúnaðar í Borgarbyggð,“ segir Anna Heiða jafnframt.

Rannsóknin hefur, að hennar sögn, leitt í ljós að laxveiði hefur haft gríðarleg áhrif á hvernig landbúnaður mótaðist í héraðinu. Tekjur af auðlindinni skipti bændur á svæðinu miklu máli og hafi átt sinn þátt í að héraðið er fyrst og fremst landbúnaðarmiðað svæði með áherslu á sauðfjárrækt. Eins megi nefna hve mikilvægt það sé að gæta vel að þessari auðlind. „Laxveiðar og velgengni þeirra eru ekki sjálfsagt mál og margar hættur sem steðja að greininni, eins og loftslagsbreytingar, aukið sjókvíaeldi, ásælni fjársterkra aðila að landnæði og vatnsréttindum,“ segir hún enn fremur.



### *Saga laxanýtingar stórmerkileg*

„Fyrir mig persónulega, sem kem að þessu verkefni fyrst og fremst sem sagnfræðingur og í öðru lagi sem íbúi við eina af þessum veiðiám, með afar takmarkaða þekkingu á veiðimálum, finnst mér tilraunir manna til að nýta lax á mismunandi hátt í gegnum tíðina stórmerkilegar,“ segir Anna Heiða og heldur áfram: „Hér má nefna fjárfestingar Einars Þórólfssonar, sem var mögulega Mýramaður eða Lunddælingur og fyrsti borgari Reykjavíkur, í söltun laxa á seinni hluta 18. aldar. Starfsemi hans stórjók útflutning á söltuðum laxi og voru fjárfestingarnar miklar, eins kaup á skipum og bygging verksmiðju. Sumir halda því jafnvel fram að umsvifin hafi verið meiri en Innréttingarnar sem voru á svipuðum tíma í Reykjavík,“ segir hún. Ástæðuna fyrir því megi jafnvel rekja til þess að viðskipti Einars enduðu illa. „Hann fór lóðbeint á hausinn eftir u.þ.b. einn og hálfan áratug og talið er að hann hafi fyrirfarið sér í kjölfarið úti í Kaupmannahöfn,“ hnýtir hún við.

Henni þykir sömuleiðis merkilegt hve gamlar fiskirannsóknir og fiskrækt eru. „Þær hafa verið stundaðar hér á svæðinu frá lokum 19. aldar. Fyrirbærið veiðifélag er líka stórmerkilegt, sérstaðan við að félagsaðild að þeim er skylda og hvernig samtakamáttur þessara einstaklinga getur haft mjög jákvæð áhrif á margan hátt,“ segir hún.

### *Skotar horfa til Íslands*

Hún fór ásamt safnstjóranum, Ragnhildi Helgu Jónsdóttur, til Skotlands síðasta sumar, þar sem þær kynntu sér reynslu Skota af laxveiðum og félagsmálum og rannsóknir á sviði safna og fiskræktar. „Þau sem við hittum þar litu hýru auga til íslenska fyrirkomulagsins hvað varðar veiðifélögin, enda er vandamál þar að menn komi sér saman um veiðarnar og nýtingu ánna. Eins var líka áhugavert að sjá að þær hættur sem steðja að greininni hér og umræður um náttúruverndarmál eru afar líkar þeim sem hafa verið, eða eru, í brennidepli í Skotlandi. Það væri því ráð fyrir Íslendinga að ráðfæra sig við kollega sína í Skotlandi í hverju hætturnar leynast hvað þessi mál varðar,“ segir Anna Heiða að endingu.

Auk munnlegrar geymdar, skjala og ljósmynda, var í rannsókninni aflað ýmissa gripa til að nýta á sýningunni. Má þar nefna fyrsta stóráa-laxateljarann sem notaður var í Norðurá og var þá hinn eini sinnar tegundar í heimi. /sá



# Husqvarna®

**Há Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi**

- Eigum jarðvegsþjöppur á lager uppí 500 kg
- Þjónustuverkstæði og varahlutir

ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5


**Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög**
Sögunardýpt 19 cm


**Husqvarna DM230 Kjarnaborvél**
150mm Max


**Husqvarna K770 14" Steinsög/hellusög**
Sögunardýpt 12,5 cm


**Husqvarna K970 16"**
Sögunardýpt 15,5 cm


**Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa**
97 kg, 500 mm plata


**Husqvarna FS 400 LV gólfsög bensín**
Sögunardýpt 16,2 cm


**Husqvarna Rammer Hoppari LT6005 bensín**
230mm plata, 69kg


**Husqvarna Trowel BG 245**
Slípivél, vinnslubreidd 60 cm


**Husqvarna K4000 Steinsög, 230v**
Sögunardýpt 12,5 cm


**Husqvarna K3600 Steinsög, vökvadrifin**
Sögunardýpt 27 cm


**Husqvarna K7000 Ring rafmagnssög**
Sögunardýpt 32,5 cm


**Husqvarna K7000 Pre Cut rafmagnssög**
Sögunardýpt 14,5 cm

HÁ VERSLUN

Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opið mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

**Husqvarna Construction Products**
Gólfsagir, jarðvegsþjöppur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar, slípivélar, garðverkfæri, golfbílar, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5



# Límtréshús, bogahús og færanlegar byggingar

## Hýsi.is


Færanlegar byggingar


Bogahús


Límtréshús

HÝSI
BYGGJUM BETUR



Helga Björg Helgadóttir, kúabóndi á Syðri-Hömrum 3. Hún missti eiginmann sinn, Guðjón Björnsson, í vinnuslysi á bænum í mars árið 2023. Þrátt fyrir mikil áföll hefur hún haldið búrekstrinum áfram og var með annað afurðahæsta kúabú landsins á síðasta ári. Myndir / ál

# Vill byggja upp búskapinn þrátt fyrir áföll

## – Missti eiginmanninn í vinnuslysi en hefur viðhaldið árangri sem þau náðu saman

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



**Helga Björg Helgadóttir, bóndi á Syðri-Hömrum 3 í Ásahreppi, rekur annað afurðahæsta kúabú landsins. Hún tók við búinu árið 2013 ásamt eiginmanni sínum, Guðjóni Björnssyni, en hann lést af slysförum í mars 2023.**

Helga hefur haldið búrekstrinum gangandi ásamt fjölskyldu sinni og viðhaldið miklum árangri sem hún og Guðjón náðu saman, en undanfarin ár hafa kýrnar á Syðri-Hömrum 3 verið meðal þeirra nythæstu á landinu. Á síðasta ári var meðalnytin eftir hverja árskú 8.833 lítrar, sem er annar besti árangurinn á landsvísu.

„Það var í janúar árið 2013 sem við byrjuðum með 25 kýr," segir Helga. Í dag eru að jafnaði 44 mjólkandi kýr í fjósinu. Á bæjartorfunni búa tengdaforeldrar Helgu og bróðir tengdamóður hennar. „Þegar við tókum við var þetta félagsbú," segir hún og tóku Guðjón og Helga við einum hluta þess og rak frændi Guðjóns kúabú á sömu bæjartorfunni þangað til fyrir nokkrum árum.

### *Var mjög passasamur*

Guðjón lést þann 17. mars árið 2023. Þá var hann að gefa kúnum morgungjöfina og var að vinna aftan við dráttarvél þegar lyftan fór af stað með þeim afleiðingum að hann festi höfuðið í þrítengibeislinu sem stöðvaði blóðflæðið. „Það var einhver rofi á skrýtnum stað og hann þurfti að teygja sig á bak við. Við það kom beislið aftan að honum og greip í höfuðið. Það var kalt og hann var með traktorinn á inngjöf, þannig að þetta gerðist hratt," segir Helga.

Glussakerfið í þessum traktor var bilað og þurfti Guðjón að komast í áðurnefndan rofa til að fá vökvaflæðið á réttan stað. „Hann var mjög passasamur og það var enginn göslagangur á honum. Þetta er eitthvað sem ég hefði aldrei búist við að myndi gerast hjá honum," segir Helga. Hún telur of algengt að bændur forgangsraði ekki viðgerðum á tækjabúnaði sem geti skapað meiri hættu. „Ef þú ætlar að vera að vesenast eitthvað, dreptu þá á vélinni áður," bætir Helga við.

### *Fjölskyldan brást strax við*

„Þegar hann dó var ekki búið að gefa kúnum, það var ekki búið að gefa kálfum, þrífa skítinn eða reka kýrnar sem fara ekki í róbótinn sjálfar. Ég var svo heppin að ég gat hringt í bróður minn [sem er bóndi í Súluholti í Flóa] og hann kom og fór í fjósið. Fjölskyldan fór í fjósið fyrstu dagana á eftir og ég fór svo mjög fljótlega sjálf með stuðning með mér. Ég veit ekki hvað ég hefði gert ef ég hefði ekki haft fólk í kringum mig sem kunni þetta. Ef ég hefði ekki haft bróður minn þá hefði ég þurft að fara strax í fjósið," segir Helga.

Helga segist vera þakklát fyrir Vigdísi Häsler, sem var framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands þegar Guðjón lést. „Hún kom hingað og gat leiðbeint mér. Þegar maður missir maka er alls konar sem þarf að huga að. Það var allt skráð á Guðjón af því að reksturinn var ekki í félagi. Þá lenti ég í því að þurfa að sækja um nýtt mjólkursöluleyfi og Matvælastofnun þurfti að taka allt út aftur," segir Helga.

Þegar hún þurfti að standa í allri þessari pappírsvinnu og byrja mikið til upp á nýtt velti Helga fyrir sér þeim möguleika að hætta búskap, en skömmu eftir andlátið hafi hlutir sem eru yfirleitt ekki erfiðir verið mikil áskorun. Það hafi komið á Helgu þegar eftirlitsmaður Matvælastofnunar spurði hvort hún væri vön búskap, en þá var hún búin að reka bú í áratug ásamt því að vera alin upp á kúabúi. Í úttektinni hafi verið gerð krafa um smávægilegar úrbætur og þurfti Helga að leita sér að iðnaðarmönnum á sama tíma og hún var að syrgja eiginmanninn.

„Mér fannst þetta svo yfirþyrmandi," segir hún, en lendingin hafi verið að halda búrekstri áfram, sérstaklega til þess að lágmarka umrótið í lífi barnanna. „Ég held að það hefði verið ein sorgin í viðbót ef ég hefði hætt með kýrnar," segir Helga. Tæpum tveimur mánuðum fyrir andlát Guðjóns kom upp bruni í fjárhúsunum og drápust allar kindurnar sem var mikið áfall fyrir fjölskylduna.

### *Erfitt að fagna sigrunum ein*

Næstu mánuði léttu margir undir með Helgu. „Við vorum, held ég, aldrei ein allt sumarið. Það var ekki fyrr en um haustið sem við þurftum að fara að búa okkur til okkar rútínu sjálf – ég og krakkarnir," segir hún. „Tengdapabbi kemur yfirleitt alltaf í fjósið og tengdamamma er mjög dugleg að passa krakkana. Það er mjög mikill stuðningur að hafa þau." Faðir Helgu kemur jafnframt til að aðstoða við vinnu í kringum vélar, en hún viðurkennir að það sé sú hlið búskaparins sem hún hefur minnstan áhuga á og það sé áskorun að hafa ekki Guðjón með sér í því. „Ég var meira í skepnunum sjálfum."

Helga segir að til þess að geta haldið áfram sé mikilvægt að taka einn dag í einu. „En oft verður þetta ofboðslega yfirþyrmandi og maður er gjörsamlega búinn á því, bæði líkamlega og andlega. Ef eitthvað erfitt gerist þá verður það svo margfalt erfiðara. Það er svo erfitt að takast á við hlutina einn og hafa engan til þess að grípa þá með sér. Eins er erfitt þegar það gerast góðir hlutir, þá hefurðu engan til að fagna sigrunum með."





Guðjón Björnsson ásamt börnunum þremur í nóvember 2022. Sá elsti heitir Helgi Björn og er tólf ára í dag. Stefán Orri er tíu ára og Heiðdís Rún er þriggja ára. Mynd / Aðsend



Helga áformar að byggja nýtt fjós á næstu misserum til þess að fækka þeim verkþáttum sem krefjast líkamlegrar vinnu, en hún segir starfið oft geta verið erfitt þegar hún er ein.

### *Ætlar að byggja nýtt fjós*

„Það er í rauninni fyrst núna sem ég er farin að hugsa um meira en að komast í gegnum dagana. Ég er búin að vera aðeins að skoða að byggja nýtt fjós,“ segir Helga, en hún hefur fundað með fyrirtæki sem þjónustar bændur við smíði stálgrindahúsa. „Þetta er svo erfitt í þessu fjósi. Það er alls konar aðstaða sem gæti verið betri, bæði fyrir mig og kýrnar. Ég hef til dæmis ekki aðstöðu fyrir geldkýr sem er mjög erfitt. Ég væri til í að vera með betri kálfaaðstöðu. Þegar þú ert að vinna svona mikið einn þá er þetta erfitt, sérstaklega af því að ég er með svo gömul hús og þetta er svo mikið á höndina.“

Helga segist ætla að reyna að vera bjartsýn á framtíðina og byggja upp búskapinn. Hún hefur þegar hafið smíði á nýrri vélaskemmu og reiknar hún með að framkvæmdir við nýtt fjós hefjist í fyrsta lagi á næsta ári.

### *Hugsar um kýrnar sem einstaklinga*

Eins og hefur komið fram voru Guðjón og Helga með mjög nytháar kýr og hefur Helga haldið því eftir andlát Guðjóns. Aðspurð um hvað liggi að baki þessum árangri segir Helga: „Við höfum alltaf mjólkað umframmjólk. Þá getum við losað okkur við þá gripi sem eru verri, en þeir þurfa að skila miklu til að standa undir kostnaði. Þú vilt hafa færri og betri gripi.

Svo snýst þetta líka um að hugsa um kýrnar sem einstaklinga og þekkja gripina sína vel. Það gildir ekki það sama um allar hvernig þú meðhöndlar þær.“ Helga nefnir til að mynda að geldstaða kúnna eigi ekki alltaf að vera sú sama og einnig þurfi að huga að því hversu hratt er aukið við fóður eftir burð. Helga lætur líða lengur á milli burða hjá þeim kúm sem hún veit að halda mjólkinni vel á mjaltaskeiðinu en eiga oft erfitt fyrst eftir burð. „Það tekur tíma að ná þeim góðum og þá eru þær góðar lengur.“

Fóðrunin skiptir jafnframt miklu máli og og gefur Helga kúnum einu sinni til tvisvar á dag og passar upp á að hafa heyið ekki of lengi hjá þeim. „Ef þær vilja það ekki þá er það tekið út og sett nýtt. Þær eru prinsessur,“ segir Helga og hlær. Þegar þau tóku við búinu á sínum tíma voru flest túnin á bænum orðin gömul en Guðjón og Helga lögðu sig fram um að rækta eitthvað upp á hverju ári. Hún segir að Guðjón hafi haft meiri áhuga á jarðrækt á meðan hún sinnti kynbótum á kúastofninum.

### *Önnur manneskja núna*

Helga segir skyndilegt andlát Guðjóns hafa breytt henni mikið.



Helga og Guðjón við mjaltaþjóninn í lok febrúar 2023. Hún ólst upp á Súluholti í Flóa en Guðjón var frá Syðri-Hömrum í Ásahreppi. Mynd / Aðsend

„Maður verður einhvern veginn önnur manneskja, það er bara svolítið þannig. Ég hef alltaf verið manneskjan sem er alveg sama um hvað fólki finnst um mig. En fyrst eftir að hann dó missti ég rosamikið sjálfstraust,“ segir hún og hafði hún þá áhyggjur af því hvað fólki fyndist um það sem hún gerði.

„Þetta gerir mann þrautseigari. Maður hugsar meira um að gera hluti sem veita manni gleði og sleppa hinu. Oft var maður að fresta hinu og þessu en ég lifi kannski meira í núinu en ég gerði,“ segir hún. Helga segist jafnframt ekki taka neinu sem sjálfsögðum hlut. „Maður heldur alltaf að þetta slæma

> „Hann var mjög passasamur og það var enginn göslagangur á honum ...

gerist fyrir einhvern annan, ekki mann sjálfan.“

Það að vera einstætt foreldri í landbúnaði hafi í för með sér enn fleiri áskoranir. „Það er kannski fótboltamót á fjósatíma og þú þarft að redda því. Það getur alltaf verið belja að bera og þú þarft að keyra á æfingu, eða það er einhver bekkjarhittingur eða foreldraviðtöl.“ Þetta geti verið ákveðin togstreita því hún sé eina foreldrið og vilji vera til staðar fyrir börnin, en á sama tíma geti verið álagspunktar eða þörf á eftirfylgni í búrekstrinum.

„Mitt helsta markmið er að koma börnunum í gegnum þetta á sem heilbrigðastan hátt,“ segir Helga og vill hún að þau geti horft til baka og hugsað að þau hafi upplifað góða æsku þrátt fyrir að hafa misst föður sinn. „Að vera einstætt foreldri er, held ég, alveg nógu erfitt, en þegar þú ert með börn í sorg þá er það enn erfiðara. Þegar börn eru búin að upplifa svona missi þurfa þau meiri stuðning,“ segir hún.

Guðjón var á fertugasta aldursári þegar hann lést, en Helga er 37 ára í dag. Þau eignuðust þrjú börn: Helga Björn, tólf ára, Stefán Orra, tíu ára, og Heiðdísi Rún, þriggja ára. Helga á rætur að rekja til Súluholts í Flóa, en Guðjón ólst upp á Syðri-Hömrum. ■


SEGWAY AT5



#1 mest selda hjól í sínum flokki á landinu árið 2024*

500cc - 39 hestöfl - 44Nm tog

12” álfelgur - 25” dekk

1.449.000 með vsk.

SEGWAY AT6



#1 mest selda hjól í sínum flokki á landinu árið 2024*

570cc - 44 hestöfl - 48Nm tog

14” beadlock felgur - 26” dekk

1.799.000 með vsk.

SEGWAY AT10



nýtt!

1000cc - 97 hestöfl - 92Nm tog

14” beadlock felgur - 27” dekk

2.299.000 með vsk.

**Öll Segway hjólin eru tveggja manna og götuskráð** (T3 dráttarvél), með læsanleg mismunadrif framan og aftan, með dráttarkúlu og spili, handahlífum og sætisbaki. **Við sendum öll hjól án aukakostnaðar á næstu afgreiðslustöð Samskipa.**

HESJA

**Hafnarfjörður:** Selhella 1 - **Sími 546 0415** | **Akureyri:** Frostagata 2 - **Sími 415 6415**

nánari upplýsingar á **hesja.is** | **hesja@hesja.is**

*Skv. skráningartölum Samgöngustofu fyrir árið 2024 eru AT5 mest skráðu 400-500cc fjórhjólin og AT6 mest skráðu 500-600cc fjórhjólin í T3 flokknum.

# Þörungar, þang og þari í fóðri nautgripa?


Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

**Fyrir nokkrum árum kom út áhugaverð skýrsla frá Matís sem fjallaði um niðurstöður rannsóknar á því hvernig nýta mætti þang sem fóðurbæti fyrir nautgripi.**

Markmiðið með þessu verkefni var þríþætt; í fyrsta lagi að auka nyt mjólkurkúa og kanna gæði og efnainnihald kúamjólkur eftir þanggjöf, í öðru lagi að nota þang sem steinefnagjafa í fóður og í þriðja lagi að fá joðríka mjólk frá kúnum. Niðurstöður leiddu í ljós að þanggjöf gæti haft jákvæð áhrif á mjólkurframleiðsluna.

Framleiðsla á bæði náttúrulegum og ræktuðum þörungum, þangi og þara er gríðarlega umfangsmikil víða í Asíu svo dæmi sé tekið, en þessi búgrein er þó minna útbreidd í Evrópu. Í þessari grein verður samheitið „þörungar“ notað fyrir umfjöllunina til einföldunar og þá ekki gerður greinarmunur á þörungum, þangi eða þara enda eru þörungar samheiti yfir tugþúsundir tegunda vatna- og sjávargróðurs. Áhugi á nýtingu þörunga hefur stóraukist í Evrópu og raunar um allan heim undanfarin 5-10 ár. Ástæðurnar eru aukinn áhugi á nýtingu sjávarauðlinda og um leið horft til þeirrar gríðarlegu framleiðslugetu næringarefna sem sjórinn og strandlengjurnar hafa. Þá binda þörungar kolefni auk þess sem þá má nýta til að framleiða orku og prótein, lífvirk efni, heilsueflandi efni og margt fleira. Þessi áhugi á vinnslu og sérvinnslu þörunga hefur svo leitt til þess að þetta sjávarfang er nú einnig áhugavert, eða öllu heldur enn áhugaverðara en áður, sem fóður fyrir skepnur.



**Rannsakað hefur verð í Bandaríkjunum að með því að gefa kúm fjörugrös, allt að 6% af heildaráti þurrefnis, þá minnkaði metanlosun þeirra um 14% án þess að það bitnaði á nyt kúnna.** Mynd / Pixabay

*Heppilegt fóður?*

Næringarlega séð hafa sumar þörungategundir mikla möguleika sem fóður fyrir jórturdýr og alþekkt er að bæði kýr og kindur gæða sér oft á þara sé það í boði við strendur landsins þar sem gripirnir eru á beit. En notkun slíks sjávarfangs sem fóður getur einnig borið með sér margar áskoranir enda er þurrefnisinnihaldið lágt og á sama tíma afar hátt hlutfall steinefna. Þá geta þörungar mögulega borið með sér þungmálma auk þess sem þetta þarf ekki endilega að vera sérlega ódýrt fóður t.d. vegna flutningskostnaðar. En af hverju þá að ræða þetta yfirhöfuð?

*Danir áhugasamir*

Undanfarin ár hafa danskir vísindamenn unnið að því að rannsaka hvernig megi sem best nýta þörunga sem fóður fyrir nautgripi og þá ekki síður hvaða tegundir henti best enda er um hundruð tegunda að velja í raun. Ástæðan fyrir áhuga danska vísindafólksins á þörungum er að ýmsar rannsóknir hafa t.d. sýnt fram á að þang getur mögulega dregið úr sótspori nautgriparæktar en þarlend stjórnvöld hafa sett nokkuð stífar kröfur á danskan landbúnað hvað sótspor snertir, sem svo aftur skýrir áherslurnar sem vísindafólkið hefur.

*Fjörugrös draga úr metanlosun*

Fjörugrös, Chondrus crispus, er rauðþörungur sem vex víða við strendur Atlantshafsins og m.a. á Íslandi við strendur sunnan og suðvestan lands. Þessi þörungur hefur öldum saman verið nýttur til manneldis og ýmsar afurðir unnar úr honum. Vinnsla á þessum þörungi er því víða nokkuð almenn og því tiltölulega gott aðgengi að honum fyrir bændur. Það hefur nefnilega verið rannsakað í Bandaríkjunum að með því að gefa kúm fjörugrös, allt að 6% af heildaráti þurrefnis, þá minnkaði metanlosun þeirra um 14% án þess að það bitnaði á nyt kúnna. Þessi tegund þörungs gæti því verið áhugaverð, sé fóðrun hennar hagkvæm, til að draga úr framleiðslu á metani úr vömb.

*Fóðrun með þörungum*

Þrátt fyrir að þetta sjávarfang hafi verið notað sem fóður og beitargróður um langa hríð hefur afar takmörkuð þekking verið fyrir hendi um fóðurgildi þess. Norsk rannsókn bendir til þess að þörungar geti verið heppilegir sem próteingjafar í fóðri nautgripa en finna þarf rétta tegund enda getur bæði próteininnihaldið og öskuinnihaldið verið afar breytilegt á milli tegunda. Með öðrum orðum þarf að finna heppilega tegund sem ekki er of há í steinefnum. Þá er þurrefnisinnihald þeirra nokkuð breytilegt einnig en svipar þó til þess þurrefnis sem t.d. má vænta við ræktun á smárablönduðu grasi. Þá sýna rannsóknir að meltanleiki þörunga er gríðarlega breytilegur og allt frá því að vera mjög hár hjá rauðþörungunum og þá á við það besta sem gerist í vel verkuðu grasi Grænþörungar eru með lægri meltanleika en rauðþörungar en brúnþörungar aftur með mjög breytilegan meltanleika allt eftir því um hvaða tegund er að ræða.

*Vinnsla þörunga sem fóðurbætandi efni*

Blautuppskornir þörungar hafa mjög stutt geymsluþol og því þarf annað hvort að gefa það hratt, helst sama dag og var uppskorið, eða vinna áfram annað hvort með þurrkun eða frystingu. Súrsun er einnig eitthvað sem verið er að skoða enda eru þurrkun og frysting of kostnaðarsamar fyrir almenna notkun fyrir nautgripafóður að því að talið er. Súrsun fóðurs, sem allir bændur þekkja auðvitað vel, er eitthvað sem horft er til sem lausn við verkun á þörungum en vandinn er hið mikla vatnsinnihald. Þá eru þörungar ekki með neina náttúrulega stofna af mjólkursýrugerlum, sem eru nauðsynlegir fyrir góða votverkun fóðurs, svo við vinnsluna þarf að nota íblöndunarefni til að koma réttu ferli af stað, þ.e. með því að bæta út í fóðrið mjólkursýrugerlum.

> ... þang getur mögulega dregið úr sótspori nautgriparæktar en þarlend stjórnvöld hafa sett nokkuð stífar kröfur á danskan landbúnað ...

*Auðvelt að fóðra með*

Að bæta þörungum í fóður mjólkurkúa hefur þann kost að auðvelt er að gera það í reynd, ef notast er við heilfóður. Nú þegar hefur fengist ágæt reynsla með íblönduninni í Bandaríkjunum en t.d. á svæði í Maine fylki þar í landi, þar sem eru mörg kúabú sem eru með lífræna vottun, nota mörg þeirra eina eða fleiri tegundir af þörungum í fóður kúnna með góðum árangri. Kosturinn við þörunga er að þeir flokkast sem lífrænt vottað fóðurbætandi efni svo það skýrir ásókn þarlendra bænda í lífrænni mjólkurframleiðslu í að nota þá.

*Eru þörungar nautgripafóður framtíðarinnar?*

Þörungar geta verið hluti af framtíðarfóðri fyrir nautgripi en finna þarf leiðir til þess að rækta þá við aðstæður sem gera þá bæði samkeppnishæfa við aðra fóðurmiðla sem og að finna tegundir sem ekki eru jafn steinefnaríkar og margar þörungagerðir eru. Í dag eru þó sjáanlegar ýmsar áskoranir við þörungaeldi sem fóður fyrir nautgripi svo sem ríkt vatnsinnihald, hátt öskuinnihald eins og áður segir auk þess sem rannsaka þarf í þaula hvort fóðrið sem úr slíkri framleiðslu kemur er með joð, arsen, kadmíum, blý eða kvikasilfur yfir mörkum. Þess utan kemur svo bæði vinnslan sem slík, geymsla og flutningskostnaður svo dæmi sé tekið. Það er því líklegt að framboð á heppilegum fóðurefnum úr þörungum rati ekki inn á fóðurganga kúabúa í stórum stíl á næstunni, en þar sem ótal fyrirtæki og háskólar víða um heiminn eru þessi misserin að keppast við að skoða þessi mál í þaula er ekki loku fyrir það skotið að hagkvæm lausn finnist á komandi árum. ■




Við erum með sex verslanir á landinu með mikið úrval af rekstrarvörum og lyftibúnaði fyrir landbúnað, sjávarútveg, matvælavinnslur, byggingariðnað og aðra starfsemi.

HAMPIÐJAN

hampidjan.is/verslun · https://vefverslun.hampidjan.is

Reykjavík – Skarfagarðar 4 – Sími 530 3333
Ólafsvík – Ólafsbraut 19 – Sími 436 1214
Ísafjörður – Suðurtangi 14 – Sími 470 0830
Akureyri – Norðurtangi 1 – Sími 841 1322
Neskaupstaður – Naustahvammur 49 – Sími 470 0807
Vestmannaeyjar – Friðarhöfn – Sími 664 3340

# Um áveitur og endurheimt mýra

**Nýverið gekk ég yfir götuna á Hvanneyri og heimsótti Bjarna Guðmundsson, fyrrverandi prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands.**


Iðunn Hauksdóttir.

Ég hef átt erindi við hann í nokkurn tíma því mig langaði að sýna honum loftmyndir frá 1965 af Mýrum í Borgarbyggð en á þeim myndum er auðvelt að greina engjaslátt.

Það sem ég skildi illa var tilgangur þess að bleyta upp í forblautum mýrum með áveitum. Bjarni útskýrði fyrir mér á sinn listilega hátt þangað til ég sá ljósið og heimur áveitna opnaðist fyrir mér. Sú jarðræktarlist tapaðist að mestu leyti þegar framræsla mýranna hófst. Með framræslu hófst mikil framför fyrir landbúnað og samgöngur en gekk svo helst til of langt og standa nú fjöldamargir skurðir aleinir og yfirgefnir og leita að tilgangi sínum.

Umræðan um endurheimt votlendis á síðustu árum hefur verið eins og hnútur sem hertist og hertist en aldrei tókst að leysa úr. Nú er ég enginn sérfræðingur að sunnan til að leysa þennan hnút og af vondu fólki komin af Snæfellsnesi. Þrátt fyrir það sit ég uppi með þann áhuga að langa til þess að opna heim mýranna fyrir fólki, rétt eins og Bjarni hjálpaði mér að skilja betur áveitur.

Flestir eru meðvitaðir um það að landið sé að fjúka burt þegar við stöndum á gróðursnauðu landi og horfum á rofabarðið sem stendur eitt eftir. Í rauninni er landið líka að fjúka burt sem framræst mýri en vandinn er sá að það er okkur ósýnilegt. Því þegar vatnið lækkar kemst súrefnið niður í jarðveginn og örverurnar byrja að brjóta niður lífræna efnið sem þar býr og afurðirnar úr því eru gastegundir sem leysast svo upp í andrúmsloftið. Þó gróður sé gróskumikill og heillegur í framræstum mýrum þá er það vatnsstaðan sem skiptir öllu máli og í hvaða mæli jarðvegurinn nær að þorna. Við erum í raun að tapa landinu upp í loftið.


Óðinshanar á tjörn, ári eftir framkvæmd endurheimtar votlendis. Mynd / Iðunn Hauksdóttir

Eins og endurnýting er ofar endurvinnslu er vernd mýra ofar endurheimt þeirra. Fyrsta friðun votlendis á Íslandi var gerð að frumkvæði svarfdælskra bænda sem sáu það að með þurrkun lands eyðilögðust m.a. lífsskilyrði fuglanna, sambýlinga þeirra. Í Evrópu keppast menn nú við að búa til vinjar í eyðimerkur ræktarlands með endurheimt lítilla tjarna. Hér á landi, með smá fyrirhyggju, væri hægt að vernda votlendissvæði fyrir frekari eyðileggingu en til þess þarf fræðslu um mikilvægi þeirra og réttan forgang í skipulagsmálum.

Endurheimt mýra sem verkefni hjá Landi og skógi byggist á óskum landeigenda og sýn þeirra á framtíðar landnýtingu. Markmið landeigenda sem hafa endurheimt mýrar með Landi og skógi hafa verið margþætt og sem dæmi má nefna: endurheimt fugla- og fiskalífs, endurheimt landslags og endurheimt mýrar til þess að minnka sveiflur í aðliggjandi stöðuvatni.

Verklagið við endurheimt mýra hefur verið í þróun frá árinu 2016 og er enn í þróun. Við grúskum í heimildum og skoðum gamlar loftmyndir til að afla upplýsinga um ástand mýra fyrir framræslu. Við höfum samband við minjaverði og fáum upplýsingar um minjar í mýrunum sem við merkjum fyrir og komum í veg fyrir að raskist við framkvæmdir. Við spáum fyrir breytingum á rennsli vatns eftir endurheimt og áhrif þess á nærliggjandi jarðir. Við metum hversu virk framræslan er og mælum dýpt lífræns jarðvegs. Við gáfum út leiðbeiningar fyrir framkvæmdaaðila með aðferðum við endurheimt votlendis og höfum tvisvar haldið sérstakt kvöldnámskeið fyrir verktaka sem var vel sótt í bæði skiptin. Það er nefnilega list að loka skurðum.

Nú veit ég ekki hvort þessi skrif mín skili nokkru inn í umræðu um endurheimt mýra en ef einhver þarna úti hefur áhuga á að skoða hvort vit sé í því að varðveita jarðveginn, með sinni næringu og kolefni, á meðan vaðfuglarnir syngja, þá er hægt að sækja um styrk til Lands og skógar til þeirrar framkvæmdar sem greidd er að fullu. Athuga skal að með þessari leið er ekki hægt að fá útgefnar vottaðar kolefniseiningar. Land og skógur, í samstarfi við International Carbon Registry (ICR), vinnur nú að útgáfu viðurkenndrar opinnar aðferðafræði sem nýta má við endurheimt votlendis til að búa til vottaðar gæðakolefniseiningar sem standast háar gæðakröfur. Kjósi landeigendur að fara þá leið greiðist allur útlagður kostnaður af landeigendum sjálfum.

Hvaða leið sem fólk kýs að velja má ekki gleymast að þau sem vita hvað mest um endurheimt mýra starfa hjá Landi og skógi og eru yfirleitt boðin og búin að ræða þau mál á hvaða vettvangi sem er. Máttur fræðslu og tengsl okkar við fortíðina skipta miklu máli og það sem okkur skortir helst í dag er að hlusta með auðmýkt og reyna að skilja hvert annað.

*Höfundur er sérfræðingur hjá Landi og skógi.*



# Stytting á eldistíma holdablendinga borgar sig

**Í Hofsstaðaseli í Skagafirði er rekið stórt holdakúabú sem framleiðir um 400 sláturgripi á ári. Á búinu eru um 200 holdakýr og samhliða því að ala holdagripi eru einnig alin naut af íslenska kúakyninu.**



Ditte Clausen.

Haustið 2022 hófst fóðurathugun með holdablendinga í Hofsstaðaseli. Verkefnið var unnið af RML í samvinnu við Bessa Vésteinsson í Hofsstaðaseli og Þórodd Sveinsson hjá Lbhí og er verkefnið styrkt af þróunarfé nautgriparæktar.

Alls var 108 nautum skipt í þrjá fóðurflokka eftir þyngd og aldri (9 stíur samtals). Hóparnir fengu fóður sem innihélt mismikið af korni, 0%, 21% eða 37% af heildarþurrefnisáti. Nautunum var slátrað þegar meðalþungi stíunnar var um 620-630 kg. Þannig var hægt að sjá áhrif fóðrunar á vaxtarhraða og sláturaldur ásamt kjötmatsflokkun. Gróffóðrið í Hofsstaðaseli var af góðum gæðum. Fyrstu þrjá mánuðina var gefið heimaræktað súrsað bygg sem var aðeins undir meðalgæðum en þá var skipt yfir á kögglað bygg frá Bústólpa. Mögulega væri meiri munur milli hópa á vexti gripanna ef notað hefði verið aðkeypt kögglað bygg strax þegar athugunin hófst, vegna slakra gæða heimaræktaða kornsins sem notað var í upphafi.




**Mynd 2. Áætlaður kostnaður á eldi nauta á mismunandi korngjöf frá 12.12.2022 að slátrun. Ekki er reiknaður kostnaður við rekstur á holdakúm eða eldið frá fráfærum til upphafs athugunarinnar, sem voru að meðaltali 25 dagar. Hagnaður er því aðeins miðaður við eldistímann sem fóðurathugunin stóð yfir.**

| Flokkur | Eldístími í dögum(mán) | Sláturaldur í dögum(mán) | Vaxtarhraði kg/dag | EUROP flokkun (línuleg) | Heildarát kg þe | Kornát kg þe |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 0% korn | 439(14,4)a | 632(21,1)a | 0,95c | R(8,2) | 3.637 | 0 |
| 21% korn | 403(13,2)b | 594(19,8)b | 1,01b | R+(8,5) | 3.464 | 727 |
| 37% korn | 340(11,1)c | 532(17,7)c | 1,12a | R(7,9) | 3.287 | 1.202 |

**Tafla 1. Áhrif af mismunandi korngjöf á eldístíma, sláturaldur, vaxtarhraða, EUROP-flokkun og fóðurát á grip. Mismunandi upplyftir stafir sýna marktækan mun milli fóðurflokka.**

### *Korngjöf styttir eldístímann*

Við uppgjör á athuguninni var sláturaldur fóðurflokkanna leiðréttur að 630 kg lífþunga og það gerir niðurstöðurnar samanburðarhæfari. Það munaði að meðaltali um 99 dögum á sláturaldri gripa sem fengu eingöngu gróffóður og gripa sem fengu 37% korn. Gripir sem fengu 21% korn þurftu að meðaltali 63 dögum lengra eldi en gripir sem fengu hærri korngjöfin (mynd 1). Það var því minni munur á sláturaldri heynautanna og þeirra sem fengu fóður með 21% kornhlutfalli en milli hópanna sem fengu korn. Þrátt fyrir mismunandi sláturaldur var enginn marktækur munur á EUROP-flokkun gripa (R2+) og því má segja að tekjurnar fyrir sláturgripi á mismunandi korngjöf hafi verið eins.

Gripir sem fengu korn höfðu marktæk meiri vaxtarhraða en gripir sem fengu eingöngu hey (tafla 1). Þá var marktækur munur á sláturaldri gripa milli allra fóðurflokka (leiðrétt að 630 kg lífþunga). Ekki er ólíklegt að ávinningurinn við korngjöf væri enn meiri ef gróffóðrið væri ekki eins gott og það var í þessi athugun.

Fóður og fóðurleifar voru skráð að mestu allan eldistímann og því hægt að áætla át gripa sem fengu mismunandi korngjöf. Það gerði okkur kleift að áætla fóðurát (tafla 1) og fóðurkostnað.

Heildarfóðurkostnaður óx með aukinni korngjöf vegna hærra verðs á korni samanborið við gróffóður. Á móti kemur að kostnaður vegna aðstöðu og launa er lægri við aukna korngjöf vegna lægri sláturaldurs gripa (mynd 2). Til að áætla aðstöðukostnað voru notaðar tölur um meðalbyggingakostnað úr rekstrarverkefni nautakjötsframleiðenda sem er unnið af RML. Í útreikningunum miðar launakostnaður við dagvinnutaxta sem notaður er við gerð fjárfestingaáætlana í landbúnaði (5.145 kr./klst.) en það er ljóst að raunlaun bænda er töluvert lægri. Með breyttum forsendum um aðstöðu- og launakostnað getur hagnaður við eldi breyst þónokkuð og í þessu má búast við að töluverður breytileiki sé milli búa.

Það ber að hafa í huga að útreikningur á hagnaði í þessum tölum stendur fyrir mismun á tekjum og eldiskostnaði sem í þessu tilfelli var frá 12.12.2022 fram að slátrun hópanna. Engar kostnaðartölur um eldi frá fæðingu fram að byrjun fóðurathugunar og kostnaður við að halda kýrnar er tekinn með. Kálfarnir voru búnir að vera á húsi í að meðaltali 25 daga áður en fóðurathugunin byrjaði og eru þeir dagar ekki með í kostnaðarútreikningunum.

### *Túlkun á niðurstöðum*

Niðurstöður sem eru kynntar hér byggja á ákveðnum forsendum, en þær sýna okkur að það launar sig að stunda krafteldi á holdablendingum. Eldistíminn í fóðurathugunni styttist það mikið að þó svo að fóðurkostnaðurinn sé meiri er aðstöðu- og launakostnaðurinn hlutfallslega lægri, sem skilar því að eldið með 37% korngjöf skilar mestum hagnaði.



**Haustið 2022 hófst fóðurathugun með 108 holdablendinga í Hofsstaðaseli í Skagafirði til að kanna áhrif af mismunandi korngjöf á vaxtarhraða og sláturaldur þeirra.**
Mynd / Aðsend






**Mynd 1. Áhrif af korngjöf á vöxt gripa og eldistíma, leiðrétt að 630 kg lífþunga.**

Áhugavert er að það virðist ekki vera hagstæðara að ala gripina á fóðri sem inniheldur 21% korni samanborið við að ala þá eingöngu á heyi og skýrist það af eldistímanum. Eldistíminn styttist aðeins um 40 daga með því að gefa 21% korn í fóðrinu samanborið við að gefa eingöngu hey, en um 99 daga sé gefið fóður sem er 37% korn, miðað við að gefa eingöngu hey. Þannig er meiri ávinningur af meiri korngjöf (37%) en minni (millileiðin með 21% korn).

Eins og kemur fram er launakostnaðurinn sem notaður er í útreikningum hér hærri en raunlaun bænda eru. Með því að lækka launakostnaðinn í útreikningunum í algjört lágmark væri hægt að snúa dæminu við þannig að það væri hagstæðast að fóðra eingöngu á góðu gróffóðri. Raunin er þó að bændum ætti að vera kleift að greiða sér ásættanleg laun. Þar sem eldiskostnaðurinn hér er einfaldaður og tekur ekki mið af rekstri holdakúanna og þeim mánuðum sem kálfarnir ganga undir kúnum má ekki oftúlka niðurstöðurnar. Í nýbirtri skýrslu frá RML um afkomu nautakjötsframleiðenda 2021-2023 má sjá að nautakjötframleiðsla er rekið með 99 kr. tapi á kg kjöts.

Megnmarkmið fóðurathugunar í Hofsstaðaseli var að kanna áhrif af mismunandi korngjöf á vaxtarhraða og sláturaldur holdablendinga. Hún gaf okkur í rauninni miklu meira en það og lesa má margt úr gögnunum sem við fengum. Í verkefninu voru síðan tekin sýni úr 48 gripum sem fóru í kjötgæðarannsókn hjá Matís.

*Höfundur er ráðunautur í búfjárrækt.*






| Bú | Nafn | Númer | Faðir | Faðir nr. | Fj.lif.lömb | Fj.slátur-lömb | Fallþ.eink. | Kjötm.eink. | Einkunn líflömb | **Afkr.heildar-einkunn** | Fallþungi | Gerð | Fita | Ómvöðvi | Ómfita | Læri | Aldur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Innri-Múli | **Þór** | **19-307** | Spakur | 16-302 | 10 | 17 | 105,7 | 138 | 150,7 | **131,5** | 18,6 | 12,6 | 6,6 | 29,5 | 3,6 | 17,9 | 142,7 |
| Hvammur, Lóni | **Glaður** | **23-490** | Galli | 20-875 | 16 | 22 | 98,6 | 130,3 | 160,8 | **129,9** | 16 | 10 | 5,5 | 31,3 | 2,7 | 17,7 | 163,1 |
| Heydalsá (Ragnar) | **Séra Bjössi** | **23-108** | Glæsir | 19-887 | 11 | 20 | 100,8 | 155,3 | 126,2 | **127,4** | 19,1 | 13,4 | 6,2 | 30,5 | 2,8 | 18,1 | 142,3 |
| Ytri-Skógar | **Faldur** | **23-747** | Angi | 22-717 | 15 | 14 | 100,1 | 134 | 147,8 | **127,3** | 18,7 | 12,5 | 5,6 | 32,7 | 2,3 | 18 | 140,9 |
| Sandfellshagi 1 | **Örn** | **20-761** | Fálki | 17-821 | 12 | 52 | 106,7 | 147,5 | 124,3 | **126,2** | 17,4 | 11,4 | 6,3 | 30,6 | 2,3 | 17,8 | 143,8 |
| Bálkastaðir | **Svali** | **23-076** | Valur | 21-073 | 10 | 32 | 95,2 | 140,2 | 138,8 | **124,8** | 17,2 | 11,4 | 6,6 | 32,4 | 3,4 | 18,1 | 137,7 |
| Lindarbrekka | **Óskasteinn** | **23-118** | Óskar | 21-135 | 14 | 40 | 109,2 | 127,6 | 135,4 | **124** | 17,9 | 10,3 | 6 | 31,6 | 1,9 | 17,6 | 141,6 |

**Tafla 1: Hrútar með 124 eða meira í heildareinkunn.**

| **Bú** | **Nafn** | **Númer** | **Faðir** | **Faðir nr.** | **Fallþ.eink.** | **Kjötm.eink.** | **Einkunn líflömb** | **Afkr.heildar-einkunn** | **Fallþungi** | **Gerð** | **Fita** | **Ómvöðvi** | **Ómfita** | **Læri** | **Aldur** | **Fjöldi slátur-lamba** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heydalsá 1 | **Séra Bjössi** | **23-108** | Glæsir | 19-887 | 101 | **155,3** | 126 | 127 | 19,1 | 13,4 | 6,2 | 30,5 | 2,8 | 18,1 | 142 | 20 |
| Lindarbrekka | **Uggur** | **23-115** | Óttar | 21-350 | 96 | **149,0** | 119 | 121 | 16,8 | 10,7 | 5,6 | 31,2 | 2,3 | 17,6 | 137 | 32 |
| Sandfellshagi 1 | **Örn** | **20-761** | Fálki | 17-821 | 107 | **147,5** | 124 | 126 | 17,4 | 11,4 | 6,3 | 30,6 | 2,3 | 17,8 | 144 | 52 |
| Rauðholt | **Stallur** | **22-522** | Lómur | 18-447 | 98 | **143,4** | 108 | 116 | 17,4 | 10,5 | 6,2 | 32,4 | 2,5 | 17,6 | 146 | 80 |
| Litlu-Reykir | **Stafli** | **23-025** | Bogi | 21-909 | 100 | **142,3** | 107 | 117 | 16,2 | 12,8 | 6,7 | 32,0 | 2,8 | 17,7 | 145 | 20 |
| Bálkastaðir | **Svali** | **23-076** | Valur | 21-073 | 95 | **140,2** | 139 | 125 | 17,2 | 11,4 | 6,6 | 32,4 | 3,4 | 18,1 | 138 | 32 |
| Ytri-Skógar | **Garpur** | **23-746** | Kraftur | 19-883 | 102 | **139,5** | 98 | 113 | 18,9 | 12,9 | 6,2 | 30,3 | 2,6 | 17,6 | 139 | 19 |
| Teigur 1, Fljótshlíð | **Ári** | **21-390** | Draugur | 18-390 | 105 | **138,5** | 114 | 119 | 20,5 | 12,7 | 7,0 | 33,4 | 2,4 | 18,5 | 152 | 120 |
| Innri-Múli | **Þór** | **19-307** | Spakur | 16-302 | 106 | **138,0** | 151 | 132 | 18,6 | 12,6 | 6,6 | 29,5 | 3,6 | 17,9 | 143 | 17 |
| Heydalsá 1 | **Agnarr** | **23-106** | Hornsteinn | 22-901 | 86 | **137,6** | 100 | 108 | 17,7 | 12,4 | 6,3 | 29,8 | 3,4 | 17,9 | 136 | 32 |
| Miðdalsgröf | **Geisli** | **23-343** | Gullmoli | 22-902 | 106 | **137,6** | 111 | 118 | 19,0 | 13,4 | 7,9 | 30,4 | 3,1 | 18,0 | 140 | 43 |
| Litlu-Reykir | **Strigi** | **23-024** | Lokkur | 22-007 | 97 | **136,1** | 101 | 111 | 15,9 | 11,5 | 5,8 | 30,9 | 2,3 | 17,5 | 148 | 26 |
| Ytri-Skógar | **Faldur** | **23-747** | Angi | 22-717 | 100 | **134,0** | 148 | 127 | 18,7 | 12,5 | 5,6 | 32,7 | 2,3 | 18,0 | 141 | 14 |

**Tafla 2: Hrútar með 134 eða meira í kjötmatseinkunn.**

| **Bú** | **Nafn** | **Númer** | **Faðir** | **Faðir nr.** | **Fallþ.eink.** | **Kjötm.eink.** | **Einkunn líflömb** | **Afkr.heildar-einkunn** | **Fallþungi** | **Gerð** | **Fita** | **Ómvöðvi** | **Ómfita** | **Læri** | **Aldur** | **Fjöldi slátur-lamba** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Innri-Múli | **Fálki** | **22-302** | Örn | 18-124 | **121** | 99 | 112 | 111 | 19,5 | 11,4 | 7,4 | 27,4 | 3,6 | 17,5 | 141 | 50 |
| Brúnast., Fljótum | **Jökulskalli** | **23-030** | Jökulhattur | 22-022 | **118** | 83 | 78 | 93 | 17,3 | 8,9 | 6,9 | 27,0 | 2,2 | 17,2 | 144 | 17 |
| Reykir 2, Hrútafirði | **Þór** | **23-032** | | 18-331 | **118** | 125 | 112 | 118 | 20,6 | 12,2 | 6,5 | 29,8 | 3,7 | 17,7 | 138 | 39 |
| Skörð | | **23-054** | | 21-052 | **116** | 99 | 103 | 106 | 18,0 | 9,6 | 6,2 | 32,4 | 3,0 | 17,3 | 143 | 27 |
| Sveinungsvík | **Fleygur** | **22-201** | Fálki | 17-821 | **116** | 100 | 129 | 115 | 19,2 | 11,0 | 7,8 | 35,5 | 2,8 | 17,8 | 136 | 44 |
| Reykir, A-Hún | **Demantur** | **23-666** | Gimsteinn | 21-899 | **115** | 91 | 72 | 93 | 16,8 | 8,9 | 5,9 | 27,1 | 2,8 | 17,0 | 141 | 38 |
| Hlíð, HörðudaL | **Sigurviss** | **20-054** | Drjúgur | 17-808 | **115** | 87 | 92 | 98 | 17,6 | 10,3 | 7,1 | 30,0 | 3,7 | 17,5 | 138 | 87 |
| Skálholtsvík 1 | **Jesú** | **23-073** | Grettir | 20-877 | **115** | 103 | 87 | 102 | 18,3 | 10,8 | 6,6 | 29,3 | 3,2 | 17,4 | 142 | 24 |

**Tafla 3: Hrútar með 115 eða meira í fallþungaeinkunn.**

# Afkvæmarannsóknir hjá bændum 2024

| **Hrútur Hyrndir** | **Fjöldi sona** | **Hrútur Kollóttir** | **Fjöldi sona** |
|---|---|---|---|
| Hornsteinn 22-901 | 23 | Gimsteinn 21-899 | 39 |
| Hnaus 20-890 | 16 | Gullmoli 22-902 | 17 |
| Alli 19-885 | 15 | Glæsir 19-887 | 8 |
| Grettir 20-877 | 13 | Móri 19-888 | 8 |
| Galli 20-875 | 10 | | |
| Fróði 18-880 | 10 | | |

**Tafla 4: Stöðvahrútar sem áttu flesta syni í afkvæmarannsóknum 2023.**

**Haustið 2024 voru greiddir út styrkir vegna 65 afkvæmarannsókna hjá bændum sem töldust styrkhæfar. Í heild voru afkvæmahóparnir 601 og þar af eiga veturgamlir hrútar 422 afkvæmahópa.**



**Árni Brynjar Bragason.**

Umfangið er nokkuð minna en haustið 2023 en þá voru búin 71 og afkvæmahóparnir 720. Afkvæmahópunum hefur því fækkað tiltölulega meira en búunum. Nú eru 70% hrútanna í afkvæmarannsóknunum veturgamlir en haustið 2023 var hlutfall veturgamalla hrúta 59%. Innleiðing á verndandi og mögulega verndandi riðuarfgerðum leiðir til þess að notkun á veturgömlum hrútum hefur aukist og færri eldri hrútar í notkun. Jafnframt má búast við að sá þröskuldurinn sé orðinn hærri sem veturgamlir hrútar þurfa að komast yfir til að fá áframhaldandi notkun. Samantekt yfir niðurstöður styrkhæfra afkvæmarannsókna sem framkvæmdar voru af bændum veturinn 2023 til 2024 er að finna á heimasíðu RML undir liðnum Forrit og skýrsluhald – Niðurstöður 2024. Lengri listar yfir hrúta sem skara fram úr verða jafnframt birtir í frétt á heimasíðunni.

### *Hrútar sem sýna mesta yfirburði í heildareinkunn*

Þór 19-307 í Innri-Múla á Barðaströnd stendur hér efstur fjórða haustið í röð. Hann hefur verið einn besti hrúturinn á sínu heimabúi undanfarin ár en samt með mjög öfluga keppinauta. Þór er sonur Spaks 16-302 sem stóð á toppnum á búinu í afkvæmarannsóknum 2017-2019 og sýndi jafnan mikla yfirburði. Þór hefur reynst frábær lambafaðir en þetta var hans síðasti lambahópur. Í öðru sæti er veturgamall hrútur, Glaður 23-490 frá Hvammi í Lóni. Glaður er sonur Galla 20-875 frá Hesti. Glaður sýnir mikla yfirburði á sínu heimabúi bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum. Móðir Glaðs er dóttir Kögguls 17-810 frá Hesti þannig að það er nokkuð þykkt Hestblóð í þessum hrút. Í þriðja sæti er annar veturgamall hrútur og heitir sá Séra Bjössi 23-108. Hann er frá Ragnari og Sigríði á Heydalsá í Steingrímsfirði og er sonur Glæsis 19-887 frá Litlu-Ávík. Sláturlömb undan Séra Bjössa flokkast framúrskarandi vel og eins kemur hann sterkur út úr mati á lifandi lömbum. Sá fjórði í röðinni er nú orðinn stöðvahrútur, Faldur 23-937 frá Ytri-Skógum og þarf ekki að hafa mörg orð hér um þann glæsilega og eftirsótta kynbótahrút (sjá töflu 1).



Garpur 23-746 frá Ytri-Skógum, síðar stöðvahrútur númer 23-936. Hann varð því miður bráðkvaddur á dögunum en bót í máli er að enginn stöðvahrútur er með fleiri skráðar sæðingar eftir síðasta fengitíma, eða 1.373 sæðingar.
Mynd / Birna Sigurðardóttir

### *Hrútar sem sýna mesta yfirburði í kjötmatseinkunn*

Þegar raðað er eftir kjötmatseinkunn stendur Séra Bjössi 23-108 sem fyrr er getið efstur. Annar í röðinni er Uggur 23-115 frá Lindarbrekku í Berufirði. Uggur er hyrndur og kemur raunar frá sama búi og Séra Bjössi því hann var keyptur sem lamb frá Ragnari og Sigríði á Heydalsá 1. Sá þriðji er eldri kappi Örn 20-761 sem var nú afkvæmaprófaður í Sandfellshaga 1 en er frá Klifshaga 2. Þar hafði hann áður reynst mjög vel sem lambafaðir og komið við sögu í afkvæmarannsóknum. Þessi hrútur er sonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum en út af hyrndu fé í móðurætt (sjá töflu 2).

### *Hrútar sem sýna mesta yfirburði í fallþungaeinkunn*

Hrútar sem skila miklum yfirburðum í fallþunga eru allrar athygli verðir á hverju búi því viðbótarkíló skilar fleiri krónum í budduna en svolítið hærri gerð. Verðmætastir eru að sjálfsögðu gripir sem ná frábærum árangri í öllum þremur þáttunum sem heildareinkunn er reiknuð út frá. Fálki 22-302 frá Innri-Múla á Barðaströnd nær hæstri fallþungaeinkunn að þessu sinni. Hann er aðkeyptur frá Miðdalsgröf, sonarsonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum (sjá töflu 3).

### *Stöðvahrútar sem áttu flesta syni í afkvæmarannsóknum 2024*

Í töflu fjögur má sjá þá stöðvahrúta sem áttu flesta syni sem tóku þátt í afkvæmarannsóknum á síðasta ári. Þarna er ánægjulegt að sjá að Þernuneshrútarnir þrír, sem eru frumkvöðlarnir í að koma riðuþolna geninu R171 í fjárstofn landsmanna, eiga flesta syni. Af þeim á Gimsteinn 21-899 langflesta syni, eða 39. Hvergi stendur þó sonur Gimsteins efstur í afkvæmarannsókn en allmargir standa sig þó vel í samanburði við aðra hrúta á sínu heimabúi. Bestu kostir Gimsteins liggja væntalega í dætrum hans sem virðast ætla að reynast bæði frjósamar og mjólkurlagnar. Hornsteinn 22-901, sonur Gimsteins, á 23 syni. Þar sem hann er sívalhyrndur hefur hann talsvert verið notaður á hyrndar ær. Hornsteinn virðist ætla að reynast föðurbetrungur sem lambafaðir. Í stórri rannsókn á Mýrum í Hrútafirði er sonur Hornsteins efstur í heildareinkunn og í nokkrum öðrum rannsóknum má sjá þá raða sér ofarlega. Gullmoli 22-902 frá Þernunesi á 17 syni og þar má sjá marga spennandi lambafeður. Í Miðdalsgröf við Steingrímsfjörð, Hólabæ í Langadal og á Brúnastöðum í Fljótum er það sonur Gullmola sem stendur efstur í heildareinkunn. Á nokkrum öðrum bæjum má sjá Gullmolasynina í fremstu röð á sínum heimabúm. Gullmoli fékk verðlaun sem besti lambafaðir stöðvanna árið 2023 og ánægjulegt að sjá að margir sona hans virðast skila kostum hans vel áfram sem lambafeður. Hnaus 20-890 frá Mýrum 2 á 16 syni í afkvæmarannsóknum þessa árs, Alli 19-885 frá Snartarstöðum á 15 syni og Grettir 20-877 frá Ytri-Skógum 13 syni. Synir Grettis standa efstir í þremur rannsóknum, synir Hnauss í tveimur rannsóknum en synir Alla skipa hvergi toppsætið í heildareinkunn (sjá töflu 4).

Afkvæmarannsóknir hjá bændum hafa gegnt mikilvægu hlutverki í ræktunarstarfinu í sauðfjárrækt um árabil. Margoft hafa niðurstöður úr einstökum rannsóknum beint kastljósinu að efnilegum hrútum sem síðar hafa endað sem stöðvahrútar. Riðuarfgerð lamba mun væntanlega ráða mestu við ásetningsval á mörgum búum á allra næstu árum. Þá hafa bændur verið hvattir til að skipta hrútum ört út, sérstaklega þar sem keyra á hratt á innleiðingu verndandi riðuarfgerðar, til þess að forðast of mikla aukningu á skyldleikarækt. Því er enn mikilvægara en áður að vanda valið á þeim hrútum sem fá áframhaldandi notkun og eru vel skipulagðar afkvæmarannsóknir ein besta leiðin til að velja af kostgæfni hvaða hrútar ættu að fá áframhaldandi notkun.

*Höfundur er ráðunautur á búfjárræktar- og þjónustusviði.*

# Vorskráningar í Fjárvís

**Frá því að undirrituð hóf störf hjá Ráðgjafarmiðstöð Landbúnaðarins á haustdögum 2024 hef ég komið að vinnu við þróun á skýrsluhaldsforritinu Fjárvís.is.**



Guðrún Eik Skúladóttir.

Að færa sig úr því að vera starfandi bóndi yfir í skrifstofuvinnu hefur verið áhugavert og skemmtilegt, en það er töluvert öðruvísi að vera komin hérna megin við borðið. Það að horfa á skýrsluhaldskerfi og þróun þess innan frá, miðað við með gleraugum notandans, hefur komið mér skemmtilega á óvart, en það er líka mun flóknara en ég sem notandi gerði mér nokkurn tímann grein fyrir. Ég hef fengið að prufa alls konar, rekið mig á og lært helling á leiðinni. Enda frábært fólk í kringum mig í þessu verkefni, bæði starfsfólk RML sem og notendur Fjárvís, sem flestir eru bændur.

Í febrúar 2023 var könnun lögð fyrir notendur Fjárvís. Könnunin var unnin í samvinnu við fagráð í sauðfjárrækt, en tilgangurinn með henni var að fá betri yfirsýn yfir notkun bænda á forritinu og fá fram hvaða atriði bændur legðu áherslu á í áframhaldandi þróun á því. Könnunin var opin 7.–21. febrúar og fengust yfir 400 svör, sem gera um 25% af notendum Fjárvís.

Niðurstöður könnunarinnar komu líklega fáum á óvart, en mest áhersla bænda var á það að gera Fjárvís þannig út garði að þægilegt væri að vinna í forritinu í gegnum farsíma eða önnur snjalltæki. Þar á eftir var áhersla á að gera gagnaflutning úr jaðartækjum eins og örmerkjabúnaði auðveldan. Þeim sem fannst Fjárvís vera flókinn og ónotendavænn nefndu helst sem ástæðu að kerfið væri hægvirkt og þungt.

Það hefur lengi verið á stefnuskránni að taka í gegn vorskráningarnar í Fjárvís. Það hefur þó þurft að sitja á hakanum, enda allt sem viðkemur arfgerðargreiningum verið gríðarlega fyrirferðarmikið í allri vinnu við Fjárvís að undanförnu.

Skráningarformið, vorbókin á Fjárvís.is, er barn síns tíma. Vorbókin er orðin gömul og hæg og ljóst að bæði bjartsýni og mikla þolinmæði þyrfti til þess að reyna að skrá í vorbókina í snjalltæki. Nú stendur yfir vinna við að búa til nýjar skráningar á vorgögnum, en samhliða þessum



skráningum verður útbúinn innlestur á csv-skrám. Farin verður sú leið að búa til tvær nýjar skráningar. Annars vegar fyrir burði og hins vegar fyrir lömb. Ástæðan fyrir því að þetta er brotið upp er sú að notendur lögðu mesta áherslu á að Fjárvís yrði skalanlegt í farsíma eða önnur snjalltæki, auk þess sem mikil áhersla var lögð á að koma upplýsingum á sem auðveldastan hátt úr jaðartækjum eins og örmerkjalesurum yfir í Fjárvís. Ef skrá ætti burð og lömb samtímis myndi það passa verr á minni skjái, auk þess sem innlesturinn yrði mun flóknari og erfiðari viðfangs. Með því að brjóta þetta upp er minna magn af upplýsingum vistað í einu, sem ætti að þýða að kerfið geti unnið hraðar. Hugsunin er líka sú að þetta nýtist bændum sem best á sauðburði þar sem hægt er að skrá burði jafnóðum og þeir eiga sér stað, og lömbin þá ýmist strax í kjölfarið, eða þegar þau eru merkt og mörkuð. Einfalt verður að fara á milli skráningarmyndanna tveggja, eftir því hvort verið er að skrá burði og lömb til skiptis eða skrá marga burði í röð.

Tvö ný yfirlit verða búin til samhliða þessum nýju skráningum, en það eru Burðaryfirlit og Lambayfirlit. Þar verður hægt að eyða út færslum, gera breytingar og lagfæringar, ef mistök eiga sér stað í skráningunni.

Þessar nýju skráningar verða betur kynntar þegar nær líður vori. M.a. á fagþingi sauðfjárræktarinnar á Húsavík. Stefnt er að því að skráningarnar verði tilbúnar fyrir sauðburð, en vorbókin fær að hanga inni enn um sinn, svona til öryggis. Stefnan er engu að síður sú að vorið 2026 verði vorbókinni kippt alfarið út og eftir standi þessar nýju skráningar til að leysa hana af hólmi. Það er von okkar að þetta einfaldi skil og skráningu vorgagna til muna, fyrir sem flesta.

*Höfundur er ráðunautur á búfjárræktar- og þjónustusviði.*









## Gen og gangtegundir:

# Nýjar upplýsingar um erfðafræðilegan grunn gangtegunda íslenska hestsins

**Nýjar niðurstöður úr doktorsrannsókn við LbhÍ og SLU benda til þess að tvö áður óskilgreind gen hafi áhrif á skeiðhæfni og skeiðgæði íslenskra hrossa, og gætu veitt vísbendingar um hvort fýsilegt sé að þjálfa AA-hross til skeiðs eða ekki. Þá sýndi rannsóknin einnig niðurstöður um áhrifasvæði í erfðamenginu sem greindi á milli hrossa sem voru með háar einkunnir fyrir bak og lend, tölt og skeið, og með góða fótahæð, jafnvægisgóða baklínu og jafna lend, og hrossa sem höfðu síðra mat fyrir þessa eiginleika.**



Heiðrún Sigurðardóttir.

Heiðrún Sigurðardóttir varði doktorsritgerð sína við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) og Sænska landbúnaðarháskólann (SLU) þann 30. janúar síðastliðinn. Ritgerðin ber heitið *Exploring the Genetic Regulation of Ability and Quality of Gaits in Icelandic Horses* og var unnin í samstarfi milli háskólanna tveggja. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á erfðafræðilegan grunn gangtegunda íslenska hestsins.

### *Uppruni og mótun erfðamengis íslenska hestsins*

Talið er að íslenska hestakynið hafi þróast út frá tiltölulega litlum stofni hrossa og aðlagast íslenskum aðstæðum í samræmi við lögmálið um náttúruval. Þó er ólíklegt að náttúran ein hafi stýrt þróun kynsins, þar sem hesturinn hefur frá upphafi landnáms verið ómissandi í samgöngum og sem vinnudýr. Því er líklegt að menn hafi snemma valið fyrir góðum reiðhestseiginleikum, svo sem mjúkum og ásetugóðum gangtegundum.

### *Úrval fyrir ganghæfni*

Á síðari tímum, með breyttu hlutverki hestsins, hefur úrval fyrir fjölhæfum reiðhesti verið strangt. Kynbótakerfi íslenska hestsins er alþjóðlegt og miðar að því að rækta heilbrigðan, frjóan og endingargóðan reiðhest með líkamsbyggingu sem styður við náttúrulega hæfileika hans til að framkvæma fimm gangtegundir.

Ræktunarmarkmiðið felur í sér 16 úrvalseiginleika sem metnir eru huglægt á kynbótasýningum samkvæmt dómskala alþjóðlegu Íslandshestasamtakanna, FEIF. Byggt á þessum dómum og upplýsingum um skyld hross er kynbótamat hvers einstaklings reiknað með BLUP-aðferðinni (e. *best linear unbiased prediction*). Þessi aðferðafræði hefur reynst árangursrík, þar sem úrval byggt á kynbótamati og dómum hefur leitt til umtalsverðra erfðaframfara á síðustu áratugum, sérstaklega í verðmætum eiginleikum eins og tölti og skeiði.

### *Núverandi þekking á erfðum gangtegundanna*

Arfgengi gangtegunda íslenska hestsins hefur verið metið lágt til meðalhátt, eða á bilinu 0,15–0,60. Þetta bendir til þess að gangtegundirnar séu afrakstur flókins samspils erfða og umhverfis. Erfðaþátturinn byggir á áhrifum margra samverkandi gena, sem gerir það krefjandi að ákvarða nákvæmlega hvaða gen stjórna ganghæfni og hvernig þau hafa áhrif.

Eitt gen er þó vel þekkt fyrir áhrif sín á ganghæfni íslenska hestsins: *DMRT3*. Erlend þrígangshross bera almennt CC-arfgerð í þessu geni og geta einungis framkvæmt þrjár grunngangtegundir – fet, brokk og stökk. Þegar einni C-samsætu er skipt út fyrir A-samsætu (CA-arfgerð) í íslensku hrossi bætist við hæfileikinn til að tölta (fjórgangshross). Hross með AA-arfgerðina hafa síðan meðfæddan hæfileika til að skeiða (fimmgangshross). *DMRT3* greinir því að miklu leyti á milli fjórgangs- og fimmgangshrossa, en ekki að öllu leyti því um 30% þeirra hrossa sem sannarlega bera AA-arfgerðina skeiða lítið sem ekkert.

Markmið rannsóknar Heiðrúnar var að dýpka skilning á erfðagrunni gangtegunda íslenska hestsins og finna erfðaþætti sem gætu útskýrt hvers vegna sum AA-hross virðast eiga erfiðara með að skeiða en önnur. Einnig var markmiðið að greina „fótspor úrvals“ í erfðamengi stofnsins og meta skyldleikarækt og erfðabreytileika út frá DNA-upplýsingum.



**Svæði á litningi 22 hefur marktæk áhrif á eiginleikann bak og lend samkvæmt rannsókninni, og þá sérstaklega á baklínu og lendarbyggingu. Sú arfgerð sem íslensk hross bera á þessu áhrifasvæði hefur einnig marktæk áhrif á gæði tölts og skeiðs. Mynd til vinstri sýnir hross með jafnvægisgóða baklínu og fallega lagaða lend (mynd: Hrefna María Ómarsdóttir). Mynd til hægri sýnir hross með mikinn framhalla í baki, og stutta, rýra og flata lend.**
Mynd / Sænsku Íslandshestasamtökin, SIF

### *Efni og aðferðir*

Rannsóknin byggði á arfgerðagreiningu um 670 þúsund SNP-erfðamarka (e. *single nucleotide polymorphism*) í erfðamengi 380 íslenskra hrossa, auk heilraðgreiningar á erfðamengi 39 hrossa. SNP-gögnin voru notuð til að framkvæma víðtæka erfðamengisleit (e. *genome-wide association study* – GWAS) með það að markmiði að finna svæði í erfðamenginu sem hafa marktæk áhrif á einstaka eiginleika, svokölluð áhrifasvæði flókinna eiginleika (e. *quantitative trait loci* – QTL).

Heilraðgreiningargögnin voru nýtt til að kafa dýpra í þessi áhrifasvæði og leita að mögulegum erfðaþáttum sem gætu skýrt áhrifin. SNP-gögnin voru svo einnig notuð til að greina „fótspor úrvals“ og skyldleikarækt með því að skoða langar samfelldar raðir arfhreinna sæta (e. *runs of homozygosity* – ROH), ásamt því að meta erfðabreytileika með útreikningi á virkri stofnstærð og arfblendni.

### *Áhrifasvæði tengd einkunn fyrir bak og lend*

Fyrri rannsóknir hafa sýnt að eiginleikinn bak og lend hefur marktæk áhrif á hæfileikaeinkunnir íslenskra hrossa, þar sem baklínan skiptir mestu máli. Í úrvalshrossum nútímans hefur jafnvægisgóð baklína verið áberandi, þar sem hvorki er um að ræða framhalla, svagt eða stíft bak. Að auki einkennast þessi hross oft af háu frambaki og góðri framhæð.

Í rannsókninni fannst svæði á litningi 22 sem hafði áhrif á einkunnir fyrir bak og lend. Frekari tölfræðigreining sýndi enn fremur að þetta svæði tengdist einkunnum fyrir tölt og skeið, fótahæð og umsögnum um baklínu og gerð lendar í kynbótadómi. Sama arfgerð einkenndi því hross með háar einkunnir fyrir bak og lend, tölt og skeið, auk þess sem þau voru fótahá með jafnvægisgóða baklínu og jafna lend.

Genin á þessu svæði hafa ekki verið rannsökuð í hrossum, en rannsóknir á mönnum hafa tengt þau við beinabyggingu, þar á meðal hryggskekkju og líkamshæð. Frekari greining á virkni þessara gena í hrossum gæti því varpað ljósi á hvort þau hafi sambærileg áhrif í hrossum.

### *Áhrifasvæði tengd einkunn fyrir skeið*

Borin voru kennsl á tvö svæði í erfðamenginu sem höfðu bein áhrif á einkunnir fyrir skeið, annað á litningi 9 og hitt á litningi 4. Svæðið á litningi 9 hafði einnig áhrif á brokk og greitt stökk, en í öfugu hlutfalli við áhrifin á skeið. Með öðrum orðum hafði ein arfgerð jákvæð áhrif á skeiðeinkunnir en neikvæð áhrif á brokk og greitt stökk, á meðan hin arfgerðin hafði öfug áhrif á eiginleikana. Svipað sást á litningi 4, þar sem ein arfgerð hafði jákvæð áhrif á skeið en neikvæð áhrif á tölt, brokk, hægt og greitt stökk, á meðan hin arfgerðin hafði öfug áhrif.

Í ljósi þessara „öfugu“ áhrifa mismunandi arfgerða á þessum svæðum kom upp spurningin hvort tíðni arfgerðanna væri mismunandi milli hrossahópa með ólíka skeiðhæfni, til dæmis fjórgangs- og fimmgangshrossa. Greining sýndi að fjórgangshross með AA-arfgerð í *DMRT3* geninu höfðu marktækt hærri tíðni þeirra arfgerða á báðum svæðum sem höfðu neikvæð áhrif á skeið en jákvæð áhrif á aðrar gangtegundir. Aftur á móti höfðu fimmgangshross marktækt hærri tíðni þeirra arfgerða sem höfðu jákvæð áhrif á skeið en neikvæð á hinar gangtegundirnar. Þessar niðurstöður benda til þess að þessi tvö áhrifasvæði gætu veitt vísbendingar um hvort fýsilegt sé að þjálfa AA-hross til skeiðs eða ekki.

Þá sáust vísbendingar um að hross með CA-arfgerð í *DMRT3* geninu hefðu hæstu tíðni þeirra arfgerða á litningi 9 sem höfðu jákvæð áhrif á skeið. Þó að þessi niðurstaða hafi ekki verið marktæk vegna fárra CA-hrossa í gagnasafninu, gæti hún bent til þess að arfgerðin gagnist þeim við þjálfun hliðstæðrar hreyfingar þó þau geti ekki skeiðað. Þessu til stuðnings kom í ljós að í gagnasafninu voru nokkur hross með CA-arfgerð í *DMRT3*-geninu sem höfðu sýnt skeið í kynbótadómi. Þá var eitt hross með CC-arfgerð sem hafði sýnt tölt í kynbótadómi. Þessi hross áttu það öll sameiginlegt að bera þá arfgerð á litningi 9 sem hafði jákvæð áhrif á skeið.

Þessar niðurstöður kalla á frekari rannsóknir, en þær benda til þess að samspil sé milli *DMRT3*-gensins og áhrifasvæðanna á litningi 9 og 4, þar sem arfgerðir á þessum svæðum gætu haft uppbótaráhrif ef hross býr ekki yfir tveimur eintökum af A-samsætunni í *DMRT3*-geninu.

### *Orsakavaldar á áhrifasvæðum*

Áhrifasvæðið á litningi 9 var staðsett innan *STAU2*-gensins, en svæðið á litningi 4 innan *RELN*-gensins. Bæði genin eru tjáð í taugavef og hafa verið töluvert rannsökuð í mönnum, músum og rottum, en ekki í hrossum.

Við nánari skoðun á *STAU2*-geninu kom í ljós að mögulegur





**Áður hefur verið sýnt fram á að skeiðhæfni íslenskra hrossa er að stórum hluta stýrt af DMRT3-geninu. Með rannsókn Heiðrúnar hefur nú bæst við þessa þekkingu, en genin STAU2 og RELN virðast einnig hafa töluverð áhrif á skeiðhæfni og skeiðgæði.** Mynd / Óðinn Örn Jóhannsson.

orsakavaldur áhrifa þess á skeið, brokk og greitt stökk er svokölluð hliðrunarstökkbreyting (e. *frameshift mutation*). Hún veldur röskun í próteinframleiðslu og ótímabærri stöðvun hennar, sem leiðir til taps á *STAU2*-próteini. Rannsóknir á músum hafa sýnt að tap á *STAU2*-próteini leiðir til skertrar hæfni þeirra til að samhæfa hreyfingar en styrkir jafnframt hæfileikann til að læra ný hreyfimynstur. Þetta samræmist nokkuð áhrifum stökkbreytingarinnar í íslenskum hrossum, þar sem þau hross sem bera hana fá almennt lægri einkunnir fyrir skeið – mögulega vegna skertrar samhæfingargetu. Frekari rannsóknir eru þó nauðsynlegar til að staðfesta þetta.

Við frekari skoðun á *RELN*-geninu fundust stýriþættir sem gætu skýrt áhrif þess á skeið, tölt, brokk og stökk. *RELN* hefur áður verið tengt við umframerfðastýringu (e. *epigenetic regulation*) á DNA-metýlun (e. *DNA methylation)* í miðtaugakerfi rotta, sem hefur áhrif á lærdómsgetu og minni, sérstaklega í tengslanámi (e. associative learning). Þetta gæti bent til þess að *RELN* hafi áhrif á bráðþroska og þjálfunarhæfni íslenskra hrossa, en marktækur munur reyndist á aldri hrossa við kynbótadóm eftir *RELN*-arfgerð þeirra.

*RELN* hefur einnig verið tengt við hreyfistjórnun í músum, sem gæti þýtt að það hafi bein áhrif á gæði gangtegunda. Frekari rannsóknir eru því nauðsynlegar til að staðfesta hlutverk *RELN* í íslenskum hrossum.

### *Fótspor úrvals og erfðabreytileiki stofns*

ROH-greining á erfðamengi íslenska hestsins staðfesti mikilvægi litnings 23 fyrir ganghæfni, en þar er *DMRT3*-genið staðsett. Greiningin leiddi einnig í ljós áður óþekkt gen sem gætu tengst afköstum og getu, auk gena sem mögulega hafa haft áhrif á aðlögun hestsins að íslenskri náttúru og umhverfi.

Útreikningar á skyldleikarækt, byggðir á erfðagögnum, sýndu háan meðalskyldleikaræktarstuðul ($F_{ROH}$ = 0.20) innan gagnasafnsins. Langstærstan hluta þessa stuðuls má rekja til fornrar skyldleikaræktar, líklega vegna fárra stofneinstaklinga, genaflökts og úthreinsunar skaðlegra samsæta vegna náttúruvals (e. *DNA purging*).

Virk stofnstærð íslenska hestsins var metin stöðug á bilinu 123–127 hross síðustu 3–4 kynslóðabil. Mat á arfblendni studdi þessa niðurstöðu, sem bendir til þess að ræktun íslenska hestsins hafi verið sjálfbær á síðustu áratugum, þar sem óhófleg skyldleikarækt og tap á erfðabreytileika voru í lágmarki.

### *Hagnýting niðurstaðna*

Rannsóknin jók skilning á erfðafræðilegum grunni gangtegunda og leiddi í ljós að erfðaþættir, umfram *DMRT3*-genið, hafa veruleg áhrif á ganghæfni og gæði íslenska hestsins. Niðurstöðurnar styðja við frekari rannsóknir á þessu sviði og geta jafnframt styrkt öryggi kynbótamatsins með innleiðingu erfðaupplýsinganna. Þannig geta þær nýst ræktendum við að taka upplýstari og markvissari ákvarðanir í ræktunarstarfinu.

### *Fjármögnun*

Verkefnið var styrkt af Doktorssjóði Landbúnaðarháskóla Íslands, Stofnverndarsjóði íslenska hestakynsins, Sænsku Íslandshestasamtökunum (SIF), Blikastaðasjóði, Erfðanefnd landbúnaðarins, Swedish Research Council (VR) og Swedish Foundation for Strategic Research.

*Höfundur er doktor (PhD) í kynbótafræði.*









# Bændur þurfa að standa saman

## – Hugleiðingar að lokinni kjördæmaviku

**Bændur hafa fylgst náið með myndun nýrrar ríkisstjórnar og því hvað hún gæti boðað fyrir landbúnað hérlendis.**


Atli Traustason.

Nýr stjórnarsáttmáli vakti spurningar um hvernig staðið yrði að málefnum greinarinnar, en fáir hefðu þó átt von á því að jafnbratt yrði farið af stað og raun ber vitni.

Áform bæði atvinnuvegaráðherra og fjármálaráðherra um að veikja stuðning við íslenskan landbúnað með því að afnema undanþágur frá samkeppnislögum og breyta tollskrá vegna osta eru alvarlegt áhyggjuefni. Bændur eru nú komnir í þá stöðu að þurfa að verja grundvallaratriði – réttinn til að framleiða mat á Íslandi við eðlileg skilyrði.

### *Samstaða bænda skiptir sköpum*

Bændur upplifa sig nú standa frammi fyrir miklum og nýjum áskorunum, á sama tíma og heimurinn er að breytast nær daglega. Aðstæður í alþjóðaviðskiptum, verðhækkanir á aðföngum og breytingar í stefnu stjórnvalda skapa óvissu sem bændur hafa sjaldan áður upplifað, allt á sama tíma. Í því ljósi er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að við bændur stöndum saman.

Það hefur verið ánægjulegt að sjá slagkraft bænda og hagsmunasamtaka í þessari baráttu. Þeir hafa talað skýrt og hátt, leitað samtals við stjórnmálamenn og bent á þær afleiðingar sem aðgerðir stjórnvalda geta haft. Þegar bændur koma saman og tala einum rómi, þá verður ekki fram hjá þeim litið, þeir eru hornsteinn í samfélagi okkar hérlendis.

### *Samtalið við stjórnmálamenn – og vonbrigðin með viðbrögðin*

Bændur hafa ekki setið auðum höndum. Á fundum í síðustu viku sem var kjördæmavika með ráðherrum og þingmönnum, mættu bændur af krafti og komu málum sínum skýrt til skila. Þeir töluðu af festu og yfirvegun um nauðsyn stuðningskerfisins og gerðu stjórnmálamönnum ljóst hvaða afleiðingar fyrirhugaðar breytingar hefðu fyrir íslenskan landbúnað.

Fundirnir sýndu að samtalið skiptir miklu máli og að bændur eru reiðubúnir að taka þátt í umræðunni. En þrátt fyrir þessa kraftmiklu þátttöku, þá voru viðbrögð stjórnvalda ekki eins og vonast hafði verið eftir. Ræða ráðherra málaflokksins á fundi Félags atvinnurekenda voru kaldar kveðjur til bænda. Þeir sem höfðu vonast til að stjórnvöld myndu hlusta og skilja nauðsyn stuðningskerfisins fyrir íslenskan landbúnað fengu lítið annað en úreltar klisjur um mikilvægi samkeppni.

Það er áhyggjuefni að sumir þeirra sem tala hæst í þessu máli virðast hafa afar takmarkaða þekkingu á rekstrarumhverfi íslensks landbúnaðar. Þetta undirstrikar nauðsyn þess að bændur haldi áfram að útskýra af hverju vernd í formi undanþága frá samkeppnislögum og tolla er nauðsynleg.

### *Vanþekking og nauðsyn samtals*

Það er eins og stjórnmálamenn haldi að íslenskur landbúnaður starfi á einhverjum frjálsum markaði þar sem allir hafi jöfn tækifæri til samkeppni. Það er einfaldlega ekki raunin. Íslenskir bændur eru í samkeppni við niðurgreiddan landbúnað í Evrópu og stórfellda matvælaframleiðslu í löndum þar sem aðstæður eru allt aðrar en hér. Að fjarlægja verndina þýðir einfaldlega að íslensk matvælaframleiðsla verður sett í ómögulega stöðu, við eigum einfaldlega ekki möguleika í þeim dansi.

### *Brýning til bænda – við megum ekki gefast upp*

Þrátt fyrir vonbrigðin má aldrei gefast upp. Bændur þurfa að halda áfram að láta í sér heyra, halda áfram samtalinu og gera stjórnmálamönnum ljóst að þetta er ekki mál sem hægt er að sópa undir teppið. Við þurfum að tala skýrt, vera sýnileg í umræðunni og tryggja að enginn stjórnmálamaður komist upp með að veikja íslenskan landbúnað án þess að mæta harðri andstöðu.

### *Vantrú á kerfið – hver á að vernda íslenskan landbúnað?*

Vantraustið á kerfið vex með hverjum deginum. Þegar bændur sjá hvernig á þeim er tekið, vakna spurningar: Hver á að vernda íslenskan landbúnað ef stjórnvöld vilja það ekki? Á að treysta því að réttarkerfið standi með bændum? Fær réttarkerfið tækifæri á því að fjalla um málefni landbúnaðar án afskipta pólitíkusa? Er pólitíska valdið tilbúið að hlusta á þá sem skapa matvælaöryggi þjóðarinnar?

Það er sorglegt að bændur þurfi að verja grundvallaratriði – að Ísland þurfi að geta haldið úti eigin matvælaframleiðslu. En við megum ekki láta undan. Þetta snýst ekki bara um bændur; þetta snýst um neytendur, um byggðir landsins og um framtíð Íslands sem matvælaframleiðslulands.

Ef stjórnvöld ætla að veikja íslenskan landbúnað, verða bændur að berjast gegn því af fullum krafti. Samstaða er okkar sterkasta vopn – og við munum ekki gefa eftir. Lifi íslenskur landbúnaður!

*Höfundur er bóndi á Syðri-Hofdölum í Skagafirði.*





„Landbúnaður snýst ekki um sérhagsmuni fárra heldur almannahagsmuni.“ Mynd / Odd Stefán

# Fæðufullveldi og falsfréttir

**Mér hefur síðustu dagana þótt gaman að japla á jákvæða nýyrðinu „fæðufullveldi“** sem ég hafði a.m.k. aldrei heyrt fyrr en á nýlegum fundi um landbúnaðarmál. Það er minna gaman að öðrum og neikvæðari hugtökum á borð við falsfréttir og upplýsingaóreiðu sem því miður heyrðust þarna líka. Ég viðurkenni að sjálfur er ég ekki saklaus af því orðfæri.

> Hún vildi einfaldlega heyra um áherslur okkar og aðstæður frá fyrstu hendi. Geri aðrir ráðherrar betur!

**Á þessum fundi mátti enn eina ferðina heyra** að grundvallaratriðin snúast um að landbúnaðurinn skili bændum viðunandi afkomu og neytendum samkeppnishæfu verði. Til þess að hvort tveggja af þessu tvennu geti orðið að veruleika er nauðsynlegt að halda öllum tilkostnaði í lágmarki án þess að gefa afslátt af íslensku gæðakröfunum sem ávallt verða bæði stolt bænda og þjóðarinnar.

**Það er líka aðalatriði að bændur fái að keppa á heilbrigðum jafnréttisgrundvelli** við innflutning frá kollegum sínum erlendis og sömuleiðis frá risastórum afurðastöðvum þeirra. Í þeim samanburði eru íslenskar stærðir dvergvaxnar á sama tíma og mér a.m.k. er ekki kunnugt um hærri þröskulda í gæðakröfum annars staðar í heiminum. Og það er reyndar gott.

**Auðvitað vilja bændur keppa.** Samkeppni veitir aðhald, lækkar verð og tryggir traust á neytendamarkaði. Lækkun tilkostnaðar lækkar líka verð. Í báðum tilfellum væri eitthvað stórkostlegt að ef sú væri ekki raunin. Þá yrði það hlutverk eftirlitsiðnaðarins að grípa í taumana og leiðrétta skekkjuna. En eftirlitið á að mínu mati ekki að koma í veg fyrir kostnaðarlækkanir vegna þess að þær muni mögulega ekki skila sér á rétta staði. Í agnarsmáu íslensku landbúnaðarhagkerfi er það vægast sagt einkennilegt að hindra hagræðingu fyrir fram af ótta við hið ókomna sem að öllum líkindum kemur svo aldrei.

**Ég nefndi að „ljótu orðin“**, falsfréttir og upplýsingaóreiða, væru því miður hluti af umræðunni um íslenska landbúnaðinn. Ekki það að ég vilji taka mér gífuryrði í munn en þegar ostur sem hefur mjólk sem 85% af innihaldsefni sínu fær að heita jurtaostur finnst mér það beinlínis blekking. Líka þó að Evrópusambandið leggi blessun sína yfir bullið. Sem betur fer eru öll dómstig íslenska réttarríkisins ósammála og finnst að ostur eigi að tollflokkast sem ostur.

**Mér finnst það líka vera einkenni upplýsingaóreiðu** þegar því er einhvern veginn haldið fram að bændur á Íslandi keppi á jafnréttisgrundvelli við gríðarlega mikinn „nafnlausan“ innflutning á landbúnaðarvörum bæði í forelduðum matvælum og ferskum eða frosnum landbúnaðarhráefnum. Oft veit enginn hvaðan þau koma né við hvaða aðstæður þau eru framleidd.

**Og komum þá að hugtakinu „fæðufullveldi“**, sem framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði, notaði í ágætum fyrirlestri sínum á fyrrnefndum fundi. Ég skil orðið þannig að það snúist um sjálfstæði og að vera engum öðrum háður þegar matvælaframleiðsla er annars vegar. Svona í ætt við drauma Guðbjarts Jónssonar, Bjarts í Sumarhúsum Sjálfstæðs fólks, sem reyndar urðu aldrei að veruleika. Til þess var veruleikafirringin, einþykknin og þrjóskan alltof mikil.


Trausti Hjálmarsson.

**Við bændur erum auðvitað raunsærri en þessi skáldaði hugsjónamaður Halldórs Laxness.** Við vitum að íslensk þjóð mun því miður seint verða algjörlega sjálfbær í landbúnaðarframleiðslu sinni. En við getum gert ýmislegt til að komast nær því marki. Og við eigum ekki bara að gera það heldur verðum að gera það. Augljóst er að auka þarf til muna ýmsar varabirgðir í landinu sem í dag eru í lágmarki og jafnvel engar. En grundvallaratriðið er auðvitað að okkar eigin frumframleiðsla í matvælageiranum, landbúnaðurinn, sé fullmönnuð og landið okkar ásamt öllum þess auðlindum sömuleiðis fullnýtt í framleiðslugetu sinni.

**Það er af þessum ástæðum sem landbúnaður snýst ekki um sérhagsmuni fárra heldur almannahagsmuni.** Ég hef reynt að temja mér að bera virðingu fyrir öðrum sjónarmiðum en mínum eigin en þegar því er t.d. haldið fram að tollar á innflutning landbúnaðarvara snúist um þjónkun við sérhagsmuni bænda er svolítið langt hjá mér í þolinmæðina og umburðarlyndið. Sérstaklega af því að hagsmunirnir sem í húfi eru hafa alls ekki einungis með hinn stóra hóp bænda að gera heldur landsmenn alla.

**Það vill til að við stjórnvöl þjóðarskútunnar,** og meira að segja í sjálfu matvælaráðuneytinu, sitja þjóðkjörnir fulltrúar Viðreisnar sem allt frá stofnun flokksins hafa gefið sig út fyrir að berjast fyrir almannahagsmunum og um leið gegn sérhagsmunum. Engir ættu því að kunna betri skil á réttu og röngu í slíkum skilgreiningum.

**Daginn sem Bændasamtök Íslands héldu fyrrnefndan fund** ásamt fimm öðrum félagasamtökum í landbúnaðargeiranum birtist grein eftir atvinnuvegaráðherra, Hönnu Katrínu Friðriksson, í Morgunblaðinu. Þar fjallaði hún m.a. um mögulega ógildingu núverandi búvörulaga og sagði þar að „... samhliða verði unnið að öðru frumvarpi sem tryggir að innlendir framleiðendur hafi ekki minna svigrúm til hagræðingar en er í nágrannalöndum okkar“. Þessi orð, sem nú eru líka komin á prent hér í Bændablaðinu, eru auðvitað ákaflega mikilvæg. Að innlendir framleiðendur, þ.e. bændur, hafi ekki minna svigrúm til hagræðingar en kollegar þeirra í nágrannalöndunum. Um meira höfum við aldrei beðið.

**Það er líka fagnaðarefni að ráðherrann er augljóslega staðráðinn í því að leggja vel við hlustir** áður en viðræður um nýjan búvörusamning hefjast. Þegar við hittumst í fyrsta sinn fyrir nokkrum vikum sammæltumst við um að fara saman í hringferð um landið til þess að hitta bændur að máli. Hún vildi einfaldlega heyra um áherslur okkar og aðstæður frá fyrstu hendi. Geri aðrir ráðherrar betur! Fundirnir eru fyrirhugaðir dagana 7. til 11. apríl og vonandi er að bændur muni hvort tveggja í senn fjölmenna á þetta stefnumót við ráðherrann og tala máli okkar af rökfestu.

*Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands.*

Af vettvangi stjórnarráðsins

# Heilbrigð umgjörð um íslenskan landbúnað

**Fyrsta kjördæmavika á nýju kjörtímabili er nýliðin. Við í Viðreisn ákváðum að halda áfram samtalinu frá kosningabaráttu haustsins og buðum til fjölmargra funda víða um land.**


Hanna Katrín Friðriksson.

Það er mikilvægt fyrir okkur sem erum á Alþingi að fá þetta tækifæri til þess að eiga beint samtal við fólk. Fyrir mig sem atvinnuvegaráðherra var til dæmis sérstaklega dýrmætt að ræða beint við bændur sem fjölmenntu á fundina okkar.

***Búi við sömu aðstæður og í nágrannalöndum***

Markmið ríkisstjórnarinnar er að skapa heilbrigðari umgjörð um íslenskan landbúnað. Liður í því er að færa búvörulögin aftur til fyrra horfs, þannig að eðlilegt aðhald samkeppninnar verði tryggt. Samhliða því stendur yfir endurskoðun á búvörulögum í atvinnuvegaráðuneytinu til að tryggja að íslenskir framleiðendur hafi ekki lakari svigrúm til hagræðingar og samstarfs en kollegar þeirra í nágrannalöndunum. Frumvarp þess efnis verður lagt fram í haust. Markmiðið er skýrt: Framleiðendur eiga að hafa raunveruleg tækifæri til að starfa saman og styrkja stöðu sína í virðiskeðjunni, án þess að það leiði til skekkju á markaði eða óeðlilegs samráðs sem kemur niður á neytendum og bændum.

***Skýrara eignarhald og betri nýting jarða***

Jarðamál eru lykilþáttur í framtíð íslensks landbúnaðar, enda snúa þau að því hvernig land er nýtt og hverjir hafa aðgang að því.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir „Jarðalögum verður breytt til að vinna gegn samþjöppun og stuðla að nýtingu á ræktarlandi til búrekstrar.“

> Jarðamál eru lykilþáttur í framtíð íslensks landbúnaðar ...

Í því ljósi legg ég fram frumvarp um breytingar á jarðalögum en það er eitt af þeim skrefum sem ríkisstjórnin hyggst taka í þessu skyni. Frumvarpið er einnig lagt fram í ljósi ábendinga sem ráðuneytið hefur fengið og miðar að því að skýra eignarhald, einfalda viðskipti með land og tryggja betri nýtingu jarða. Frumvarpið mun stuðla að auknu öryggi fyrir bændur og stuðla að hagkvæmari nýtingu lands til landbúnaðar. Þessar breytingar miða að því að skýra eignarhald, auðvelda nauðsynlega nýtingu jarða og tryggja að landbúnaðarnotkun sé höfð að leiðarljósi í jarðamálum.

***Samtal um framtíðina***

Eitt af því sem ég upplifði svo sterkt á samtölum við fjölmarga bændur í kjördæmavikunni var ástríðan fyrir landbúnaði, að honum vegni vel í dag en ekki síður þegar fram líða stundir. Áhyggjur af nýliðun í geiranum er kannski ekki ný af nálinni en hún er áþreifanlegri en áður. Að sama skapi hafa þeir sem eldri eru áhyggjur af því hvernig þeir geti hætt störfum. Þetta eru sannarlega ekki séríslenskar aðstæður en verkefnið er að vinna saman að því að finna leiðir til að gera landbúnað að aðlaðandi starfsvettvangi til framtíðar. Við verðum að gera rekstrarumhverfið fyrirsjáanlegra, minnka áhættuþætti og á sama tíma auka sveigjanleika.

Það eru ákveðin tímamót fram undan þar sem búvörusamningar renna út í lok næsta árs. Við þurfum að nýta tímann vel til samtals og stefnumótunar. Markmiðið er að tryggja sterkt atvinnulíf, heilbrigðan matvælamarkað og betri framtíð fyrir bæði bændur og neytendur.

*Höfundur er atvinnuvegaráðherra.*










# Tækifæri í kolefnisjöfnun

**Undanfarin ár hefur verið nokkur umræða um kolefnisjöfnun sem loftslagsaðgerð. Bundnar hafa verið miklar vonir við þessa aðferð og hún aukist mikið að umfangi.**



Hjörleifur Finnsson.

Á sama tíma hefur hún fengið á sig harða gagnrýni fyrir að afvegaleiða loftslagsumræðuna með því að færa athyglina frá samdrætti í losun yfir á kolefnisjöfnun, sem í besta falli væri aukaatriði í loftslagsbaráttunni en í versta falli grænþvottur. Umræðan einkennist oft af óreiðu þar sem mikið ber í milli í skoðunum og hugtakanotkun er óljós. Þá er laga- og regluverk varla til staðar og lukkuriddarar virðast ríða feitum hestum inn og út af vellinum eftir hentugleika.

Ríkisstofnanir og sveitarfélög eru skylduð til að kolefnisjafna á hinum valkvæða kolefnismarkaði. Þeim ber að setja sér loftslagsstefnu sem inniheldur áætlun um aðgerðir til kolefnisjöfnunar og ef þau eru þátttakendur í Grænu skrefunum eiga þau að kolefnisjafna flugferðir. Spurningin er þá með hvaða hætti sveitarfélögin ættu að kolefnisjafna?

Á Vestfjörðum eru sveitarfélögin að vinna að gerð loftslagsstefna og vegna þessarar ríku kröfu um kolefnisjöfnun var ákveðið að Vestfjarðastofa myndi vinna skýrslu um málið með tillögum um aðgerðir. Verkís var fengið til liðs við Vestfjarðastofu. Skýrslan kom út í desember 2024 undir nafninu *Kolefnisjöfnun á Vestfjörðum* og má auðveldlega finna hana á heimasíðu Vestfjarðastofu, vestfirdir.is. Í eftirfarandi grein er að finna helstu niðurstöður hennar. Jafnframt kom nýverið út skýrsla starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, *Kolefnismarkaðir - Áskoranir og tækifæri í íslensku samhengi*, og talar þessi grein að hluta til inn í niðurstöður hennar.

### *Kanínuholan „valkvæði kolefnismarkaðurinn“*

Við fyrstu skoðun á valkvæða kolefnismarkaðinn er það kannski svipuð reynsla og hjá Lísu í Undralandi sem elti kanínu niður í holu og endaði í veruleika Undralands sem er fullkomlega óskiljanlegur þeim sem þangað kemur.

Framleiðsla og viðskipti með kolefniseiningar *(e. carbon credit)* er hinn efnislegi kjarni kolefnisjöfnunar á valkvæða kolefnismarkaðnum og utan um það er lítið sem ekkert regluverk. Þó hefur kolefnisjöfnun verið skilgreind í lögum um loftslagsmál sem eftirfarandi:

*„Þegar aðili hlutast til um aðgerðir annars aðila til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og/eða binda kolefni úr andrúmslofti og notar staðfestingu á slíkum samdrætti eða bindingu til að jafna út sína eigin losun að hluta eða öllu leyti.“*

„Hlutast til“ á við um þegar aðili kaupir kolefniseiningar sem að hluta til fjármagna verkefni sem draga úr losun og/eða binda kolefni. Á heimsvísu eru ótrúlega fjölbreytt verkefni sem uppfylla þessa skilgreiningu: vatnsaflsorkuver í Kína, bætt einangrun húsa í Slóvakíu, uppsetning orkunýtinna eldunarhellna í Afríku og uppsetning bílarafhleðslustöðva á Íslandi. Íslendingar þekkja flestir kolefniseiningaframleiðslu af verkefnum í skógrækt, endurheimt votlendis og bindingu í jarðlög. Verðið á þessum einingum er afar misjafnt, allt frá örfáum hundraðköllum upp í rúmar sjö þúsund krónur. Verðmyndun á grunneiningunni er ekki gagnsæ og sýnir það í raun veikleika valkvæða kolefnisjöfnunarmarkaðarins. Á yfirborðinu eru allar kolefniseiningar eins. Þær fela í sér sönnun á að eitt tonn af kolefni hafi verið sparað. Eininguna má þá færa í kolefnisbókhald á móti losun, tonn á móti tonni. Það er því freistandi að ætla að það ætti að vera eitt heimsmarkaðsverð á kolefniseiningum, rétt eins og á gulli og olíu. Það er þó ekki raunin og eru forsendur flóknari en svo að þær ráðist einvörðungu af framboði og eftirspurn. Til dæmis virðast áreiðanleiki vottana og annað samfélaglegt gildi verkefna í kolefniseiningaframleiðslu hafa veruleg áhrif á verð eininga.

Í fyrrnefndri skýrslu Stjórnaráðsins er kolefniseining skilgreind með þeim hætti að hún sanni að eitt tonn af koldioxíði hafi verið sparað andrúmsloftinu. Sönnunin á gjörningnum er aðalmálið og skýrir að einhverju leyti þann mikla verðmun sem áður var rætt, því sannanirnar eru misgóðar.

Einingar sem keyptar eru geta verið bæði vottaðar og óvottaðar. Vottunarferli er í raun sönnunar- og staðfestingarferli og ef vottunaraðferðir og óháði vottunaraðilinn eru fagleg og góð þá getur það aukið gæði sönnuninnar og þar með aukið verðgildi hennar. Óvottuð eining er tæplega réttnefnd kolefniseining vegna þess að allt sönnunarferli vantar og í skýrslu Vestfjarðastofu er ráðlagt gegn kaupum á slíkum einingum og ávallt skyldi kaupa vottaðar einingar í hæsta gæðaflokki. Að sama skapi mælir Umhverfisstofnun einungis með kaupum á einingum af kolefnisvettvangi Sameinuðu þjóðanna, sem allar eru vottaðar.

Annað flækjustig þegar kemur að kolefniseiningum eru svokallaðar einingar í bið. Það er algengt að í skógræktarverkefnum séu seldar einingar í bið, þar sem skógurinn á enn eftir að vaxa og árangurinn ekki staðfestur. Það er í sjálfu sér í lagi, en það má ekki færa þessar einingar í kolefnisbókhald fyrir en þær eru komnar úr bið. Enn eru nokkur ár í það að fyrstu vottuðu skógræktarverkefnin á Íslandi verði tekin út og einingarnar verði virkar og hægt sé að færa þær í kolefnisbókhald.



Loftmynd af endurheimtu votlendi í landi Hnausa og Hamraenda frá árinu 2021. „Endurheimt votlendis virðist vera aðgerð sem hefur raunverulegan loftslagsávinning auk þess sem hún getur verið hagkvæm fjárhagslega,“ segir Hjörleifur m.a. í grein sinni. Mynd / Landgræðslan

### *Endurheimt votlendis*

Ein af meginniðurstöðum skýrslunnar er að endurheimt votlendis sé einn vænlegasti kosturinn til þess að standa að framleiðslu kolefniseininga og kolefnisjafna.

Í nafni framfara voru íslenskir bændur áður styrktir til að ræsa fram votlendi út um allar koppagrundir. Það er svo ekki fyrr en áratugum seinna sem menn gerðu sér grein fyrir neikvæðu afleiðingunum: framræstu mýrarnar losa gróðurhúsalofttegundir í stórum stíl, yfirleitt um 19,5 tonn á hektara á ári. Það sem verra er, er að þær halda áfram að losa þetta magn í árhundruð – um 6 milljón tonn á ári – sem er næstum því helmingurinn af allri losun á Íslandi. Allir bílarnir, öll skipin og bátarnir, öll samfélagslega losunin er 2,8 milljón tonn.

Þetta er ekki bara hræðileg staðreynd heldur líka stórt tækifæri.

Undanfarin ár hefur lítið gerst í endurheimt votlendis á Íslandi, meðal annars vegna þess að ekki var til aðferðafræði til að mæla árangur endurheimtarinnar sem er forsenda vottunar. Það stendur til bóta og má búast við að verkefni á þessu sviði geti hafist á ný.

Tvennt gerir endurheimt votlendis í stórum stíl að góðum kosti. Annars vegar er talsvert af þessu framræsta votlendi ekki í notkun sem landbúnaðarland og því litlir sem engir hagsmunir í að halda því óbreyttu. Hins vegar virðist fjárhagslega hagkvæmt að stofna til verkefna sem gefa af sér kolefniseiningar, þar sem kostnaður per hektara er lágur, bindingin er mikil og önnur áhrif jákvæð.

Óháð jákvæðum loftslagsáhrifum er endurheimt votlendis afar jákvæð fyrir fugla, fiska og líffræðilega fjölbreytni. Votlendi er eins og svampur sem miðlar vatni í þurrkum og dregur úr flóðum og er því mikilvæg aðgerð fyrir loftslagsaðlögun.

Í ár fer hiti á jarðarvísu í fyrsta sinn yfir 1,5 gráður miðað við fyrir iðnbyltingu. Það er fulljóst að loftslagsbreytingum munu fylgja gríðarlegar áskoranir fyrir samfélag manna. Endurheimt votlendis virðist vera aðgerð sem hefur raunverlegan loftslagsávinning auk þess sem hún getur verið hagkvæm fjárhagslega.

*Höfundur er auðlindafræðingur og verkefnastjóri umhverfis- og loftslagsmála hjá Vestfjarðastofu.*




# Hvað er Gvendardagur?

**Á liðnum árum og áratugum hafa slæðst inn í dagatal okkar dagar sem bera hin ýmsu heiti og flest þeirra eru tengd erlendum hefðum og venjum.**



Sr. Gísli Gunnarsson.

Aðrir hafa fylgt þjóðinni um aldir og er Gvendardagur einn af þeim. Gvendardagur er 16. mars, en þann dag árið 1237 lést Guðmundur góði Arason Hólabiskup. Guðmundur var fæddur árið 1161, hlaut biskupsvígslu í Niðarósi og varð biskup á Hólum árið 1203. Mun Kolbeinn Tumason, höfðingi á Víðimýri, hafa ráðið þar miklu um, en Guðmundur var þar staðarprestur. Lentu þeir síðar í harðvítugum deilum og féll Kolbeinn í Víðinesbardaga árið 1208. Eftir hann er sálmurinn kunni „Heyr himnasmiður“, sem er elsti sálmur í sálmabók á Norðurlöndum.

Deilur Guðmundar við norðlenska höfðingja voru ekki síst vegna þess að þeim þótti hann fara ógætilega með fé stólsins. Reyndist hann fátækum vel og fékk viðurnefnið góði af þeim sökum og oft var hann flæmdur af Hólastað. Hann fór víða um land og eyjar og eru örnefni tengd nafni hans algeng enn í dag, t.d. Gvendarbrunnar.

Guðmundur var talinn heilagur maður og vinsæll af alþýðu. Auðun biskup rauði hafði forgöngu um að bein Guðmundar voru tekin úr jörðu og skrínlögð á Hólum árið 1315 og eftir það festist dánardagur hans í sessi. Heimildir herma að hygla hafi átt fátækum sérstaklega á þessum degi og gefa hafi átt bæjarhröfnunum betur en alla jafnan. Einnig eru heimildir fyrir veðrabrigðum á messudegi Guðmundar góða og flestir töldu til hins verra, ekki síst ef veður var gott á Gvendardegi. Lengst virðist hafa verið haldið upp á daginn á Vestfjörðum, eða fram um aldamótin 1900.

Á Hólum í Hjaltadal er enn haldið upp á dag Guðmundar góða. Ef ekki hentar að gera það á Gvendardaginn sjálfan, þá í námunda við hann og að þessu sinni verður dagskrá á Hólum laugardaginn 22. mars kl. 16.00. Eftir helgistund í Hóladómkirkju mun rithöfundurinn Vilborg Davíðsdóttir flytja erindi um tengsl Kelta og Íslendinga fyrr á öldum, m.a. frásagnir af Kólumba, trúboðsdýrlingi Skotlands. *(Heimild: Saga daganna 1993, höf. Árni Björnsson.)*

*Höfundur er vígslubiskup í Hólastifti.*

# Vindmyllur fagfjárfesta eru óhagkvæmar


Hildur Þórðardóttir.


Stefanía Gísladóttir.

**Á Íslandi eru nú plön um að reisa um 30 vindmyllugarða víðs vegar um landið í nafni grænnar orku.**

Vindmyllur eru dýrari í uppsetningu en fallvatnsvirkjanir, valda meiri óafturkræfum umhverfisspjöllum og nýtingahlutfallið er í besta falli 40% og þarf þá alltaf aðra orkugjafa til að mæta hinum 60% sem upp á vantar.

Vindmyllurnar eru reistar uppi á fjöllum, þar sem fjalltopparnir eru sprengdir og flattir út. Þá er steypt undirstaða á stærð við íþróttavöll (í Noregi) ofan í bergið með járnabindingu og öllu tilheyrandi. Þetta getur valdið jarðvegseyðingu og röskun á lífríki, fyrir utan að bergið hér á Íslandi er miklu mýkra en í Noregi og því þurfa undirstöðurnar að vera talsvert umfangsmeiri og dýpri. Þar að auki þarf að leggja breiða vegi fyrir þungaflutninga vítt og breitt um fjöllin, leggja rafmagnslínur upp að myllunum til að knýja þær áfram, sem og rafmagnslínur frá þeim.

Það er ásættanlegt að Landsvirkjun sjálf sé að reisa vindmyllugarða, að undangengnu faglegu mati, þar sem þjóðin er enn þá eigandi og nýtur hagnaðarins en þegar atvinnufjárfestar byrja að seilast í hagnaðinn er fjandinn laus.

Fjárfestar geta sótt um allt að 60% kostnaðarins við vindmyllugarða í loftslagssjóði. Þá fá þeir lífeyrissjóði, sveitarfélög eða ríkið til að koma með hin 40% á móti. Eini kostnaður fjárfestanna er því að borga fyrir teikningar og skipulag og auðvitað greiða fyrir leyfum og samþykki með því að gera réttum mönnum gylliboð sem þeir geta ekki hafnað.

Almennt hafa vindmyllur líftíma upp á 20–25 ár og þörf er á reglulegu viðhaldi til að tryggja hámarksafköst og öryggi þeirra. Eftir 15–20 ár getur verið nauðsynlegt að fara í stærri endurnýjun eða uppfærslu á vindmyllunni, skipta um spaða, uppfæra stýrikerfi eða jafnvel skipta út miklum hluta vélbúnaðar.

En raunveruleikinn er, eins og reynslan hefur sýnt, að fyrstu árin verður ekkert hugað að viðhaldi heldur greiddur út allur arður við mikla gleði lífeyrissjóðanna og sveitarfélaganna. Auðvelt fé með litlili fyrirhöfn. Fjárfestar munu líklega standa í vegi fyrir nauðsynlegu viðhaldi og endurnýjun til að hámarka gróðann og einungis sinna bráðnauðsynlegum viðgerðum, því þeir hyggjast selja hlut sinn rétt áður en vindmyllurnar gefa upp andann. Eftir sitja lífeyrissjóðir og sveitarfélög, þ.e. almenningur, með ónýtar myllur, gífurlegan kostnað við að taka þær niður og meiri háttar óafturkræf umhverfisspjöll og langvarandi áhrif á lífríki, jarðveg og vatnsrennsli.


Mynd / Luo Lei

Fyrir þá sem efast um þetta má nefna einkavæðingu fráveitukerfis Lundúna þar sem fjárfestar hirtu ekki um viðhald og seldu rétt áður en allt fór til fjandans. Viðbjóðsleg saurlykt gýs nú upp úr niðurföllum borgarinnar og fyrirtækið á barmi gjaldþrots. Einnig er fólki bent á að horfa á þriðju þáttaröð norsku þáttanna Exit þar sem aðferð atvinnufjárfestanna er útlistuð því í Noregi hefur fagfjárfestum tekist að kaupa upp orkunet landsmanna og leika sama leikinn þar.

Vindmyllur framkalla hávaða, lágstemmd truflandi hljóð ef þær eru nálægt íbúðasvæðum. Þótt talsmenn vindorku reyni að gera lítið úr þessum hávaða er ljóst að fasteignaverð hríðlækkar því nær sem húsin eru vindmyllunum. Íbúar við nágrenni fyrirhugaðra vindmyllugarða hér um allt land ættu að hafa það í huga.

Til að fjárfestingar í vindorku borgi sig þarf að tengjast orkuneti Evrópu og bjóða rafmagnið hæstbjóðanda. Nú þegar hefur fyrirtækið Icelink hafið undirbúning þess. Raforkuverð mun þá hækka upp úr öllu valdi því bannað verður að mismuna notendum hér á landi og í Evrópu. Þegar búið verður að samþykkja bókun 35 standa lög Evrópusambandsins ofar þeim íslensku og þá er ekkert sem við getum gert. Norðmenn eru nú að átta sig á því að þeir hafi verið plataðir til að tengja raforkunet sitt við Evrópunetið.

Það er von okkar í Landsbyggðin lifi að Íslendingar láti ekki plata sig og samþykki vindorkugarða í einkaeigu. Jafnframt er nauðsynlegt að Landsvirkjun verði alltaf í eigu Íslendinga, annars er hætta á að raforkukerfi Íslendinga endi eins og frárennsliskerfi Lundúnabúa, í djúpum skít.

*Höfundar eru formaður og varaformaður samtakanna Landsbyggðin lifi.*



SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

Verð 4.490.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG import – export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ"

Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 230v til 400v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur.
Verð frá kr. 27.200.- til 262.000.-
Gólf / ofna hitakerfi frá kr. 240.000.-

Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
sími 566 8144

Uppboð á færanlegum húseiningum við Breiðholtsskóla

Reykjavíkurborg býður til sölu færanlegar húseiningu við Breiðholtsskóla, Arnarbakka 1-3, 109, Reykjavík. Einingin er 108,5 m2 og er úr timbri.

Hún er merkt H-10 á yfirlitsmynd. Byrjunarverð er 900.000.- kr sem samsvarar um 8.300.- kr. per m2.

Skoðun og tengiliðir:
Áhugasamir eru hvattir til að kynna sér ástand vel, fá til liðs við sig sérfræðinga ef við á og gæta árvekni við skoðun og úttekt. Hægt er að skoða einingarnar eftir samkomulagi, sjá auglýsingu.

Nánari upplýsingar og skilmála á uppbod.com





Skoða Uppboð

Reykjavík
uppboð.com

Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda
Umhverfismatsskýrsla í kynningu

Aukið sjókvíaeldi Arnarlax í Arnarfirði

Arnarlax hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats á auknu sjókvíaeldi í Arnarfirði, en fyrirtækið áformar að auka hámarkslífmassa úr 11.500 tonnum í 16.000 tonn og stækka eldissvæðin úr 5,9 km² í 29 km².

**Kynning á umhverfismatsskýrslu:** Umhverfismatsskýrsla er aðgengileg á Skipulagsgátt, www.skipulagsgatt.is og á vef Skipulagsstofnunar.

**Umsagnarfrestur:** Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og veitt umsögn í gegnum Skipulagsgátt eigi síðar en 14. apríl 2025.



Takmörkun á grisjun hámarkar kolefnisbindingu. Kolefnisskógrækt, nytjaskógrækt og skógrækt til útivistar fara ekki vel saman. Mynd / Sigurður H. Magnússon



Hlýnunaráhrif kolefnisskógræktar á hektara geta verið frá því að jafngilda undir 180 tonna $CO_2$ losun (gult) til yfir 260 tonna $CO_2$ losun (rautt) og allt þar á milli (rauðgult). Heimildir: Veðurstofan (snjóþekjugögn) og Bright R.M. et al. (reiknilíkan).

# Kolefnisskógrækt – bjargræði eða bölvun?

**Kannanir sýna að flestir landsmenn eru hlynntir skógrækt á Íslandi eins og hún hefur verið stunduð hingað til.**

Skógrækt skapar skjól og útivistarsvæði og getur framleitt nytjavið. Skógrækt síðustu ára þar sem aðalmarkmiðið er að binda kolefni og framleiða kolefniseiningar á hins vegar ekki mikið skylt við hefðbundna skógrækt. Slík plantekruskógrækt getur haft verulega neikvæð áhrif á náttúruna og ásýnd landsins og vafasamt er hvort hún skili miklum árangri í baráttunni gegn hlýnun Jarðar.



Ólafur S. Andrésson.



Sigfús Bjarnason.

### *Skógrækt og hlýnun Jarðar*

Skógrækt hefur einkum áhrif á hitafar á tvennan hátt. Skógur bindur koltvísýring ($CO_2$) og breytt yfirborð landsins hefur áhrif á endurkast sólarljóssins sem á það skín. Mikil áhersla hefur verið lögð á hið fyrra, en breytingar á endurkasti vega líka þungt. Aðrir þættir, svo sem aukning á uppgufun og skýjamyndun, vega mun minna. Loftslagslíkön sem þróuð hafa verið um áhrif gróðurhúsalofttegunda og endurkasts sólarljóss á hitafar Jarðar eru orðin býsna nákvæm. Tvöföldun á styrk $CO_2$ í andrúmsloftinu veldur um 3 °C hækkun á hitastigi og hið sama á við ef endurkast lækkar um 3,7 W/m2. Binding á $CO_2$ hjálpar þannig til að lækka hitastig en minna endurskin leiðir til hækkunar. Þegar loftslagsáhrif skógræktar eru metin þarf því að skoða hvort breyting verður á endurkasti sólgeislunar á viðkomandi svæði. Móar og graslendi eru sem mósaík margra og oft ljósra lita sem endurkasta sólarljósinu en ef sígrænn barrskógur er ræktaður á slíku landi dökknar yfirborð þess og endurkast minnkar sem getur vegið upp stóran hluta kælingaráhrifa kolefnisbindingarinnar.

### *Hversu mikið $CO_2$ bindur skógrækt?*

Samkvæmt loftslagsbókhaldi Íslands bindur skóglendi á Íslandi nú rúmlega 0,5 milljónir tonna af $CO_2$ árlega og þekur um 150 þúsund hektara. Það gerir nærri 4 tonn á hektara á ári sem er mun minna en almennt er gert ráð fyrir í útreikningum á bindingu í kolefnisskógrækt. Einnig er gert ráð fyrir að kolefni í jarðvegi aukist um jafngildi 58-85 tonna $CO_2$ á 50 árum. Það er vafasamt, því að mörg dæmi eru um að jarðvegskolefni minnki við skógrækt, sérstaklega þar sem jarðvegur er kolefnisríkur. Breytingar á kolefnisforða jarðvegs eru ekki mældar í þessum verkefnum og því er ógerlegt að staðhæfa að þetta gerist. Losun $CO_2$ úr jarðvegi er töluverð fyrstu árin eftir jarðvinnslu og vöxtur trjánna lítill þannig að ný verkefni leggja ekkert til þess að ná loftslagsmarkmiðum Íslands fyrstu áratugina.

### *Er kolefnisbinding í skógi varanleg?*

Tré eru ekki eilíf, en villtir skógar endurnýja sig og þannig helst bundið kolefni á svæðinu til langs tíma. Laufskógar á norðurhveli ná jafnvel að auka sífellt kolefni í jarðvegi, eins og sýnt er í nýlegri grein Sólveigar Sanchez o.fl. um íslenska birkiskóga. Ef skógar eru ræktaðir til timburnytja þarf að meta hve mikið kolefni er á svæðinu til langframa. Gera má ráð fyrir að 90% af trjáviðnum sem fjarlægður er af svæðinu skili sér fljótlega aftur sem $CO_2$ í andrúmsloftinu.

### *Skilar kolefnisskógrækt nokkrum árangri?*

Þegar tekið er tillit til ofannefndra þátta – breytinga á endurskini, ofmati á jarðvegsbindingu og engri tryggingu fyrir varanleika $CO_2$ bindingar – er ljóst að kolefnisskógrækt getur, allt eftir aðstæðum, haft neikvæð loftslagsáhrif. Slík verkefni eru gjörsamlega tilgangslaus hvað varðar áhrif á loftslagið og munu ekki gefa eigendum sínum þann peningalega arð sem þeir vænta.

Vottun kolefnisbindingar er forsenda þess að hægt sé að selja kolefniseiningarnar á kolefnismarkaði og til þess að kaupandinn geti nýtt sér einingarnar sem mótvægi við eigin kolefnislosun. Til að hægt sé að votta verkefni verða þau að fylgja einhverjum staðli eða kröfusetti. Flest íslensk verkefni nota kröfusettið Skógarkolefni sem er í umsjá Lands og skógar. En vottun er lítils virði ef kröfusettið er gallað og lítur ekki á heildarmyndina. Auk þess njóta þau fyrirtæki sem nú sjá um vottanirnar ekki almennrar viðurkenningar á alþjóðavettvangi þar sem verið er að herða kröfur um vottun. Því má fljótlega búast við örðugleikum í sölu á kolefniseiningum úr íslenskum skógum.

### *Kolefnisskógrækt og umhverfið*

Vanda þarf til verka þegar land er valið til kolefnisskógræktar. Það getur verið allt frá gróðurlitlu og illa förnu landi með litlu fuglalífi til kolefnisríkra og tegundaauðugra vistgerða með ríku fuglalífi eða gamalgróins ræktarlands sem hentar vel til fæðuframleiðslu. Þétt plantekrurækt skógartrjáa veldur miklum breytingum á lífríki og vistkerfum sem fólk metur mikils svo sem berjalöndum og kjörlendi fuglastofna. Íslendingar bera alþjóðlega ábyrgð á mörgum stofnum fugla sem huga verður að þegar land er lagt undir kolefnisskógrækt.

Við mat á áhrifum kolefnisskógræktar er mikilvægt að bera framkvæmdina saman við aðra kosti og hvað gerist ef ekkert er aðhafst. Samanburðarkosturinn gæti skilað svipaðri kolefnisbindingu þegar til langs tíma er litið. Skylt er að framkvæma umhverfismat fyrir skógrækt sem nemur 200 hekturum eða meir en strax eru komin dæmi um aðliggjandi skógræktarsvæði sem eru yfir 400 hektarar en hafa ekki farið í umhverfismat. Fyrirhuguð skógrækt á viðkvæmum svæðum er einnig tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar og sveitarstjórnar, en það er framkvæmdaaðila í sjálfsvald sett hvað hann metur tilkynningarskylt. Það þarf að koma á miklu betri og öflugri umgjörð til að tryggja gæði kolefnisskógræktar.

### *Skógrækt eða endurheimt votlendis?*

Þegar bleytt er í framræstu landi dregur það strax úr losun $CO_2$ en binding í trjám verður ekki veruleg fyrr en áratugum eftir plöntun. Endurheimt á helmingi framræsts votlendis gæti dregið úr $CO_2$ losun um nærri 3,6 miljónir tonna á ári. Þegar kolefnislosun úr jarðvegi, breytingar á endurskini og eðlileg viðmið eru tekin með í mat á loftslagsáhrifum, dugir varla að leggja allt gróðurlendi Íslands undir ræktun sígrænna skóga til að ná fram sömu áhrifum og hægt er að ná með endurheimt votlendis!

*Heimildir og ítarefni má finna á vef Vina íslenskrar náttúru (natturuvinir.is)*

---

*Ólafur er fyrrverandi prófessor við Háskóla Íslands. Sigfús er fyrrverandi deildarstjóri við Umhverfisstofnun Evrópu.*




Þú finnur Bændablaðið á www.bbl.is, Facebook & Instagram

# Kýrlaus varla bjargast bær

**Í síðasta Bændablaði birtu Baldur Helgi Benjamínsson og Jón Viðar Jónmundsson ágæta grein sem fjallaði um innflutning kúa og var að hluta til svar við minni grein um sama efni. Ég vil í þessum pistli víkja örfáum orðum að nokkrum atriðum sem þeir nefna.**



Egill Gautason.

Baldur og Jón Viðar nefna að kúakynjum sem eru skyldust því íslenska sé viðhaldið í mjög litlum hópum á Norðurlöndum, og segja að þetta meti „þeir sem þekkingu hafa á nægjanlegt til viðhalds þessum kynjum“. Þessu er ég ósammála. Flest norræn landkyn eru í útrýmingarhættu samkvæmt viðmiðum FAO. Samkvæmt þeim eru kúakyn í útrýmingarhættu ef fjöldi kvendýra er meiri en 300 og lægri en 3.000. Til dæmis má nefna að öll sex gömlu norsku kúakynin voru árið 2023 í útrýmingarhættu miðað við stofnstærð. Til allrar hamingju er ekkert þeirra lengur í bráðri útrýmingarhættu og er það mikill sigur fyrir verndarstarf þar í landi. Sá árangur er afrakstur mikillar vinnu.

### *Hugarórar*

Þá er að nefna að Baldur og Jón Viðar kölluðu það „hugaróra“ að leitað yrði til íslensku kýrinnar til að kynbæta ákveðna eiginleika í framtíðinni. Sjálfum þykir mér ekki sérlega líklegt að það verði nokkurn tímann gert, en að kalla það „hugaróra“ þykir mér djúpt í árinni tekið. Ákveðin rök mæla þó með íslensku kúnni í þeim efnum. Ef kæmi í ljós breytileiki í ættkvísl gamalla norrænna kúakynja sem þætti þess verður að innleiða í önnur kyn, þá er íslenska kúakynið að sumu leyti vænlegra til þess en önnur norræn landkyn. Það er vegna þess að íslenskar kýr eru afurðasamari en skyldir stofnar á Norðurlöndum. Blöndun íslenskra kúa við stór framleiðslukyn myndi því að líkindum leiða til minna taps í afurðum heldur en til dæmis blöndun við norsku landkynin. Að þessu sögðu þá eru hugarórar kannski helst fólgnir í því að reyna að geta sér til um við hvaða aðstæður það yrði leitað til þessara gömlu kynja til að kynbæta framleiðslukynin. Það er kannski svipuð hugarleikfimi og að geta sér til um hugarástand bænda í Rangárvallasýslu á miðöldum. Nefnum engin nöfn í því samhengi.

### *Gæði mjólkur*

Hér vil ég benda á eitt atriði enn sem varðar ágæti íslenskra kúa. Samsetning mjólkurpróteina í norrænu landkynjunum, þar á meðal íslenskum kúm, er sérstök og heppileg til ostagerðar. Talsverður munur er milli kúakynja hvað varðar vinnslueiginleika. Mér þætti fróðlegt ef mjólkuriðnaðurinn myndi taka upp reiknistokkinn og meta ávinninginn af þessum eiginleikum íslenskrar mjólkur. Þær niðurstöður sem ég hef séð benda til þess að rauðu kynin standi frekar illa hvað vinnslueiginleika varðar, en Holstein og Jersey betur.

### *Ungkálfadauði*

Hvað varðar slælega lifun kálfa í íslenskum kúm þá er lítið hægt að fullyrða um orsakir því við höfum ekki samanburð; hvorki höfum við erlendar kýr í íslenskum fjósum (og það er raunar orsök þessarar umræðu) né íslenskar kýr í erlendum fjósum. Eini samanburðurinn við íslensku kýrnar er við kálfadauða hjá innlendum holdakúm. Þar er ungkálfadauðinn einnig hár þó að vissulega sé hann ekki jafnhár og á búum í mjólkurframleiðslu. Tíðni kálfadauða var 12,2% árið 2024 og 14,1% árið 2023 hjá fyrsta kálfs kvígum á búum í nautakjötsframleiðslu. Auk þess er mikill breytileiki í lifun kálfa milli kúabúa en það bendir til þess að umhverfisþættir skipti miklu máli. Ég er því ekki sannfærður um að vandamálið muni lagast með nýju kúakyni, þó það sé vissulega hugsanlegt. Blessunarlega er hafin vegferð til að kynbæta eiginleikann með kynbótamati fyrir lifun kálfa og burðarerfiðleika. Vonandi verða þessir eiginleikar fljótlega hluti af heildareinkunn.

> ...Annars er ég sammála því að mjólkurframleiðslunni verði ekki haldið í herkví.

### *Framtíð mjólkurframleiðslu*

Svo vil ég víkja máli að vali bænda og framtíð íslenskrar mjólkurframleiðslu. Ég var í minni grein að benda á leiðir til að vernda stofninn ef af innflutningi annars kúakyns verður. Mér hefur stundum þótt umræðan snúast um að „skipta um kúakyn“, hætta þá að kynbæta íslensku kúna og viðhalda henni einungis sem litlum verndarstofni, og setja alla krafta í innflutta kynið. Ég tel vænlegra að halda áfram kynbótastarfi fyrir íslenska kúastofninn óháð því hvort flutt verði inn erfðaefni úr öðrum stofni eða ekki. Verkefni kynbótastarfsins myndi í auknum mæli snúast um að halda aftur af skyldleikarækt og halda uppi stofnstærðinni til að forða íslenskum kúm frá útrýmingarhættu. En í eðli sínu yrði starfið ekki mjög ólíkt. Annars er ég sammála því að mjólkurframleiðslunni verði ekki haldið í herkví. Ef bændur vilja fara þessa leið þá ætla ég ekki að stuðla að hernaði gegn þeim. Hins vegar vil ég ekki gefa íslensku kúna upp á bátinn þó að annað kyn verði flutt inn.

Að lokum vil ég þakka Baldri og Jóni Viðari þeirra fróðlegu skrif um málið, enda afar mikilvægt að leita leiða til að efla íslenska landbúnaðarframleiðslu. Nú er ástand þannig í heimsmálum að sjaldan hefur verið jafnmikilvægt að efla fæðuöryggi Íslands með öflugum landbúnaði.

*Höfundur er lektor við LbhÍ.*










# Áhættumat erfðablöndunar – hvað næst?

## – Annar hluti

**Í þessari grein er fjallað um blöndun á eldislaxi við villtan lax sem gerist þegar eldislax sleppur úr sjókvíum og blandast villtum laxi í veiðiám.**



Valdimar Ingi Gunnarsson.

Það veldur erfðablöndun og mögulega stofnstærðarminnkun. Greinin fjallar um mat á áhættunni af slíkri blöndun fyrir villta laxastofna.




**Mynd 1. Dæmi um myndræna framsetningu á áhættu á erfðablöndun á villtum laxi. Áhættukort af áhættuþáttum, áhrifum og afleiðingum erfðablöndunar auðkennt með litakóða sem tákn fyrir hugsanlegar líkur og stöðu bakgrunnsþekkingar.**

### *Áhættumat erfðablöndunar*

Áhættumat erfðablöndunar eða áhættumat Hafrannsóknastofnunar er úthlutunarkerfi sem gagnast aðallega laxeldisfyrirtækjum í meirihlutaeigu erlendra fjárfesta og hefur lítið sem ekkert með náttúruvernd að gera. Strax þegar áhættumatið var gefið út á árinu 2017 og einnig í meðferð málsins á Alþingi Íslendinga á árunum 2018 og 2019 kom fram mikil gagnrýni á það. Áhættumat Hafrannsóknastofnunar er best lýst með umsögn lögfræðings og formanns stangveiðifélags: ,,Það er raunar með nokkrum ólíkindum að veitt sé lagaheimild fyrir því að erfðablanda megi villtan íslenskan lax.“ Erfðablöndunin var síðan staðfest í skýrslu Hafrannsóknastofnunar sem gefin var út vorið 2023. Nú skoða veiðiréttareigendur sína stöðu.

### *Mín gagnrýni*

Hinn 9. febrúar 2023 birti höfundur í Bændablaðinu greinina ,,Áhættumat erfðablöndunar – hvað næst?“. Hinn 9. mars kom andsvar frá Ragnari Jóhannssyni, þáverandi rannsóknastjóra fiskeldis hjá Hafrannsóknastofnun, í grein í Bændablaðinu undir heitinu ,,Áhættumat erfðablöndunar útskýrt“. Það vakti síðan sérstaka athygli að málinu var fylgt eftir með fréttatilkynningu á vef Hafrannsóknastofnunar sama dag. Höfundur kom síðan með andsvar í sjö greinum í Bændablaðinu á tímabilinu 27. apríl til 7. september 2023. Skoðum nú ferli málsins frá byrjun ársins 2023 fram til dagsins í dag.

### *Fyrirhuguð endurskoðun*

Í janúar 2023 gaf Ríkisendurskoðun út skýrslu um sjókvíaeldi þar sem gerðar voru alvarlegar athugasemdir m.a. við áhættumat erfðablöndunar. Áður eða um mitt ár 2020 hafði vísindanefnd sem Alþingi hafði skipað til að rýna áhættumatið einnig komið með alvarlegar athugasemdir. Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um „Samantekt vöktunar vegna áhrifa sjókvíaeldis á íslenska laxastofna 2022“ kom fram að endurskoðun á áhættumatinu væri væntanlegt síðar á árinu 2023. Það hefur þó ekkert orðið af því og nú eru tæp fimm ár frá síðustu efnislegri endurskoðun á áhættumatinu en lög um fiskeldi kveða á um að það skuli líða mest þrjú ár á milli endurskoðana. Engin efnisleg endurskoðun á árinu 2023 þrátt fyrir alvarlegar athugasemdir vísindanefndar, Ríkisendurskoðunar og fleiri aðila.

### *Viðbragðsáætlunin*

Starfshópur matvælaráðherra um strok í sjókvíaeldi skilaði af sér skýrslu í maí 2023 og þar var gerð grein fyrir vöktun og viðbrögðum hjá Norðmönnum í tilfelli stroks. Starfshópurinn lagði m.a. til „Að kannaður verði möguleiki þess að rekköfun verði nýtt sem aðferð þegar fiskar eru fjarlægðir úr veiðivötnum“. Áður hafði áhættumat Hafrannsóknastofnunar opnað fyrir þann möguleika að fjarlægja eldislax úr veiðiám við endurskoðun á áhættumatinu á árinu 2020 í tilfelli stórra slysasleppinga eftir mikinn utanaðkomandi þrýsting. Jafnframt að gerð yrði viðbragðsáætlun vegna stórra sleppinga úr sjókvíum. Það hefur ekki komið fram hvað er átt við með stórri slysasleppingu eða nákvæmlega hvað viðbragðsáætlunin felur í sér, það hefur ekki verið kynnt svo vitað sé. Í þessu samhengi er bent á að einstökum laxeldisfyrirtækjum er gert skylt að vera með viðbragðsáætlun sem er aðgengileg starfsmönnum og þeim kynnt.

### *Slysasleppingin*

Í ágúst 2023 átti sér stað slysaslepping hjá Arctic Sea Farm í Patreksfirði sem vakti mikla athygli og olli mótmælum. Það voru tæplega 3.500 stórir eldislaxar sem sluppu og hátt hlutfall þeirra var kynþroska. Viðbrögðin við slysasleppingunni í Patreksfirði eru athyglisverð. Hinn 12. september 2023 var haldinn neyðarfundur í matvælaráðuneytinu og í framhaldinu var hvatt til veiða á eldislaxi í ám. Það koma því fyrst viðbrögð um þremur vikum eftir strokatburð, en í Noregi þar sem móðurfélagið er staðsett þá er strax gripið til mótvægisaðgerða undir stjórn opinberrar stofnunar. Fengnir voru til landsins norskir rekkafarar til að fjarlægja sjáanlegan eldislax í veiðiám. Nokkrir íslenskir aðilar fóru einnig í fjölmargar veiðiferðir til að fjarlægja eldislax úr ám. Slysasleppingin í Patreksfirði varð til þess að tillögur Hafrannsóknastofnunar fyrir áhættumat erfðablöndunar um framleiðsluheimildir sem voru til umsagnar voru dregnar til baka.

### *Nú á að gera áhættumat*

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar, „Samantekt vöktunar vegna áhrifa sjókvíaeldis á íslenska laxastofna 2023“, sem gefin var út um sumarið 2024, kemur fram að Alþjóða laxaverndunarstofnunin (NASCO), sem Ísland gekk nýlega inn í aftur, hefur lagt það til við aðildarlönd sín að útbúa áhættumat svipað því norska. Hafrannsóknastofnun stefnir að því að birta slíka greiningu á árinu 2025 þegar allt er komið í óefni. Skoðum nú um hvað áhættumat snýst og hvað norska aðferðarfræðin felur í sér.

### *Norska áhættumatið*

Í Noregi er notað áhættumat þar sem kortlögð er og greind óvissa á frekari erfðabreytingum í villtum laxi vegna innblöndunar á eldislaxi. Áhættumatið er hluti af stjórnsýslunni, grundvöllur ákvarðanatöku til að tryggja sjálfbæra þróun norsks laxeldis í samræmi við norsk og alþjóðleg sjálfbærnimarkmið. Niðurstöður áhættumatsins eru birtar í formi áhættukorts sem ætlað er að veita skilning á áhættuþáttum, áhrifum og afleiðingum erfðablöndunar. Þættir sem hafa áhrif á umfang frekari erfðablöndunar er fyrst og fremst hátt hlutfall eldislaxa á hrygningarsvæðum og viðnámsþróttur villta laxastofnsins við nýrri innblöndun (mynd 1).

### *Nú eru menn í vanda*

Yfir 400 eldislaxar voru fjarlægðir úr fjölmörgum veiðiám seinni hluta ársins 2023 sem raktir voru til slysasleppingarinnar í Patreksfirði. Hlutfall eldislaxa fór yfir sett viðmiðunarmörk í nokkrum ám og allt bendir til þess að það þurfi að minnka framleiðsluheimildir. Við þessu var varað þegar áhættumat Hafrannsóknastofnunar var lögleitt, afleiðingin yrði m.a. færri atvinnutækifæri og öllum yrði refsað fyrir ófullnægjandi frammistöðu eins rekstraraðila. Nú er Hafrannsóknastofnun í vanda. Að vísu er alltaf hægt að breyta forsendum í reiknilíkaninu og fá þá niðurstöðu sem er hagfelld og óskað er eftir af þeim sem hafa af því fjárhagslegan ávinning. Í þessu sambandi er vert að benda á að Hafrannsóknastofnun er ekki lengur í þeirri stöðu eins og við endurskoðun á árinu 2020 að hagræða forsendum eftir útgáfu skýrslna Ríkisendurskoðunar og vísindanefndar og athugasemda fleiri aðila.

### *Nú eru fleiri byrjaðir að reikna*

Landssamband veiðifélaga réði ráðgjafarfyrirtækið Arev til þess að fara yfir þann þátt áhættumats Hafrannsóknastofnunar sem lýtur að ágengni eldislax í laxveiðiám á Íslandi. Arev gerði fjölmargar athugasemdir við áhættumat erfðablöndunar í skýrslu sinni, ,,Álitsgerð um áhættumat Hafrannsóknastofnunar“, sem gefin var út í maí 2024. Í nóvember sama ár gaf Arev út ,,áhættumat Arev“ þar sem er að finna valdar veiðiár sem fóru yfir viðmiðunarmörk á árinu 2023. Nú eru aðrir byrjaðir að reikna og kemur ekki á óvart að það standi á endurskoðun áhættumatsins frá Hafrannsóknastofnun þar sem fyrirséð er að ef það á að fylgja því áfram þarf að lækka heimildir, mun það vera mjög umdeilt, ósanngjarnt fyrir marga og ekki hugnast fjölmörgum stjórnamálamönnum, sveitarstjórnarmönnum og fleirum.

### *Breytast vinnubrögðin?*

Höfundur þekkir þetta mál mjög vel og hreinlega ofbýður þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið á síðustu árum. Áhættumat Hafrannsóknastofnunar hefur valdið tjóni á íslenskum laxastofnum og engum til gagns nema erlendum fjárfestum. Það hafa verið skiptar skoðanir vísindamanna innan Hafrannsóknastofnunar og virðist nú vera kominn vísir að skynsamlegri framþróun í málinu. Vonandi verður þróunin sú að taka upp áhættumat að norskri fyrirmynd og lagt verði niður núverandi áhættumat, a.m.k. við úthlutun framleiðsluheimilda. Komið verði á skynsömum mótvægisaðgerðum til að koma í veg fyrir eða lágmarka tjón á íslenskum laxastofnum vegna laxeldis í sjókvíum. Sú jákvæða þróun hefur einnig átt sér stað að á vegum atvinnuvegaráðuneytisins er nú hópur erlendra sérfræðinga að rýna áhættumat erfðablöndunar og munu niðurstöðurnar vonandi birtast fljótlega.

### *Að lokum*

Það á ekki að vera hlutverk örfárra opinberra starfsmanna að úthluta auðlindum sem fram að þessu hafa ekki valdið hlutverki sínu. Úthlutun auðlinda á að vera verkefni stjórnmálamanna eftir að hafa fengið ráðgjöf, s.s. frá sérfræðingum frá Hafrannsóknastofnun og fleiri aðilum. Ákvarðanataka sem á fyrst og fremst að taka mið af hagsmunum Íslendinga, s.s. veiðiréttareigenda, starfsmanna fiskeldisfyrirtækja og almennings en ekki erlendra fjárfesta. Það má alltaf deila um hvort leyfa eigi sjókvíaeldi á norskum laxi á Íslandi en á meðan það er leyft þarf að sýna íslenskum hagsmunum og auðlindum landsins virðingu, stuðla að pólitískum ákvarðanatökum sem hefur náttúruvernd að leiðarljósi og að það náist sæmileg sátt um atvinnugreinina.

*Höfundur er sjávarútvegsfræðingur og sérfræðingur í fiskeldi.*






**„Til eru nokkrar tegundir af myglu, en þær skipta í sjálfu sér ekki miklu máli því skaðinn er venjulega sá sami og lausnirnar þær sömu eða svipaðar.“**
Mynd / Michael and Diane Weidner

# Myglufaraldur í húsum

**Fréttir berast reglulega um myglu í húsum, jafnvel svo útbreidda, að rífa þurfi hús til grunna.**



**Róbert Pétursson.**

Myglan væri svo mikil og víðtæk, og viðhaldskostnaðurinn svo mikill, að það borgar sig frekar að rífa húsin til grunna en að gera við þau. Myglan er eins og allir vita enn fremur skaðleg heilsu þeirra sem starfa í viðkomandi húsum. Hafa margir þurft að hætta störfum á viðkomandi vinnustað og leita sér lækninga af þeim sökum.

Mygla í húsum er ekki nýtt fyrirbæri, búin að vera til staðar frá landnámi, t.d. í torfbæjunum. Til eru nokkrar tegundir af myglu, en þær skipta í sjálfu sér ekki miklu máli því skaðinn er venjulega sá sami og lausnirnar þær sömu eða svipaðar. Myglan myndast þegar vatn eða raki mætast við lágt hitastig og almenn loftun til að þurrka rakann er ekki til staðar, eða er léleg. Almennt má segja að ef enginn er rakinn, þá myndast ekki mygla því rakinn er myglunni nauðsynlegur. Allar byggingar hafa raka- og myglu- veikleikastaði. Mikið reynir á útveggina og þök og margar eru rifurnar þar sem vatn getur smogið inn. Hárpípukrafturinn dregur rakann inn um sprungur og samskeyti við glugga og útihurðir. Innandyra getur loftrakinn í viðkomandi herbergi dugað til að mynda myglu. Sú mygla er lúmsk og oftast ósýnileg inni í útveggjum timburhúsa um langan tíma áður en hún kemur í ljós. Orsakavaldurinn er óþétt rakavarnarlag og ofþétt ytra byrði.

Flestar þær byggingar, sem eru undirlagðar af myglu, eru það vegna hönnunar- og/eða framkvæmdagalla, auk viðhaldsleysis húseiganda eða húsráðanda. Það kemur ekki á óvart að mesta tjónið er í byggingum hins opinbera, sem ekki hafa fengið nægilegt viðhald vegna langtíma ábyrgðarleysis, eftirlitsleysis, fjárleysis eða framkvæmdaleysis, reyndar oft allra þessara þátta. Skilning og vilja hefur vantað til að ráðast á mygluna um leið og hún birtist og hindra að hún breiðist út og komi aftur. Þegar allt er komið í óefni er farið fram á úttekt, og látið eins og myglan hafi birst skyndilega. Í stað rándýrra mygluúttekta, er peningunum betur varið til að vinna á myglunni. Unnt er að verjast myglu ef gengið er til verks strax og hún birtist. Myglan er nánast alltaf sýnileg, ástæður og lausnir þekktar, og skýrslur að mestu óþarfar. Það er ósættanlegt að það þurfi að rífa uppkomnar byggingar vegna myglu og til skammar þeim sem bera ábyrgðina. Eflaust þarf að tvöfalda eða þrefalda framlagið til viðhalds og mygluvarnar uns búið væri að ná tökum á vandamálunum, en því fjármagni væri vel varið. Annars breytist ekkert – endalaus sorgarsaga – mygla og heilsutjón. Best væri fyrir hið opinbera að mynda sérstakt viðhaldsteymi til að berjast gegn myglunni.

Á Íslandi hafa myndast byggingahefðir bæði góðar og aðrar miður góðar. Ýmsar góðar „erlendar“ byggingarhefðir hafa ekki þótt falla að þeirri „íslensku“.

Auðvitað eru erlendu byggingarhefðirnar byggðar á reynslu og veðurfari í viðkomandi landi og henta þar, en ekki endilega hér á Íslandi. Langflestar gera það þó og sumar eru betri en þær íslensku, enda er eðlisfræðin sú sama í öllum löndum. Uppfæra þarf byggingareglugerðina reglulega í samræmi við reynslu. Hún verður aldrei fullkomin en þar er margt sem mætti bæta, m.a. um mygluvarnir.

*Höfundur er arkitekt.*





**Fagráðstefna skógræktar 2025**
Hótel Hallormsstað 26. og 27. mars

Að ráðstefnunni standa Land og skógur, Landbúnaðarháskóli Íslands, Skógræktarfélag Íslands, Skógfræðingafélag Íslands og Bændasamtökin

26. MARS – FRÁ PLÖNTU TIL PLANKA

- Staða skógarauðlindar og timburvinnslu, gæðaviðmið um val á landi til skógræktar, staðall fyrir sjálfbæra skógrækt, staða skógarplöntuframleiðslu, jarðvinnsla og áhrif á jarðvegskolefni, grisjunar- og úrvinnslumál, síþekjuskógrækt og valhögg
- Pallborðsumræður
- Skoðunarferð í Skógarafurðir Fljótsdal og starfseminni þar kynnst

27. MARS

- Fjölbreytt erindi um skógfræðileg og skógtæknileg efni svo sem: FSC-vottun timburs, CE-vottun viðarvinnslu, kolefni og kísliðnaður, bætt skógræktarráðgöf, nám í timburflokkun, vettvangskennsla og þróun viðarvinnslu í Heiðmörk, barkarbjöllur á Íslandi og möguleg hætta af þeim
- Veggspjaldakynning

Upplýsingar og skráning á **landogskogur.is**

SKRÁNINGU LÝKUR 14. MARS

SKÓG FRÆÐINGA FÉLAG ÍSLANDS
Land og skógur
LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS




**Veitulausnir**

**MÁLMSTEYPA Þorgríms Jónssonar ehf.**
MIÐHRAUNI 6 • 210 GARÐABÆR • SÍMI 544 8900

# Úr sveit á sigurbraut

## – Systkinin úr Tröllatungu voru meðal íslenskra keppenda á Vetrarólympíuhátíð



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

**Systkinin Árný Helga og Stefán Þór Birkisbörn voru meðal keppenda á Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem fór fram í Georgíu á dögunum**

Margrét Regína Grétarsdóttir hjá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands segir keppnina hafa gengið ágætlega heilt yfir, en hátíðin hefur verið haldin í tæp þrjátíu ár og voru íslensku keppendurnir sextán talsins. Keppt var í alpagreinum, á listskautum, snjóbretti og í skíðagöngu. „Sumir voru að keppa á stórum alþjóðlegum leikum í fyrsta skiptið, sem var líka bara gaman og mikil reynsla fyrir þau að taka með sér inn í komandi framtíð í sínum keppnisgreinum,“ segir Margrét.





**Stefán Þór (t.v.) og Árný Helga tóku í fyrsta skipti þátt á hátíðinni, en þau kepptu í skíðagöngu.** Myndir / Aðsendar

### *Skíðabakterían í blóðinu*

Þau systkin, sem eru fædd árið 2007 og 2008, segja skíðabakteríuna vera í blóðinu og öll fjölskyldan dugleg í sportinu. „Faðir okkar hóf að æfa skíði um tvítugt og setti okkur strax á skíði þegar við byrjuðum að labba.“ Faðir þeirra, er sauðfjárbóndinn Birkir Þór Stefánsson. Hann hefur vakið athygli fyrir vaskleika en í Bændablaðinu fyrir um áratug segir hann í viðtali: „… Þá hef ég hlaupið nokkuð marga fjallvegi og núna erum við öll fjölskyldan mikið á skíðum. Ég legg braut fyrir skíði hér heima. Síðan fara krakkarnir á æfingar inn í Selárdal, þar sem skíðafélag Strandamanna, SFS, er með aðstöðu, og annað slagið keppni.“

### *Stefnan sett á markið*

Árný segir áhugann á skíðagöngu hafa kviknað almennilega eftir að hún tók þátt í fyrstu Andrésar andar-leikunum sínum og var strax staðráðin í að ná langt.

„Ég er þrefaldur Íslandsmeistari í hefðbundinni göngu og einfaldur Íslandsmeistari í skauti 15–18 ára kvenna, en þessi skíðagangan hefur alltaf verið númer eitt hjá mér. Ástæðan er meðal annars sú að ég var svo orkumikil og náði að nýta orkuna mína mest á gönguskíðunum þó ég hafi einnig æft aðrar íþróttir lengi. Svo er andinn í skíðafélaginu líka svo góður og gaman að keppa.“

Árný ætlar sér stóra hluti í framtíðinni. „Ég er að stefna á Ólympíuleikana, HM unglinga og einnig HM fullorðna, auk þess sem ég ætla að komast í landsliðið. Stefnan hjá mér er sett hátt og að allt gangi fyrir sig sem fyrst því ég hef mikinn áhuga á þessari íþrótt.“

Þessi duglega stúlka sér svo fyrir sér að flytjast til Svíþjóðar þegar að háskólanámi kemur, læra sjúkraþjálfun, en einnig telur hún betri tækifæri og aðstæður þar til þess að æfa skíðaíþróttina og ná enn frekari árangri í henni.



**Hluti hópsins sem fór til Georgíu, f.v. Andri Kári Unnarsson, Erla Karítas Blöndahl Gunnlaugsdóttir, Aníta Mist Fjalarsdóttir, Sara Mjöll Jóhannsdóttir, Ólafur Kristinn Sveinsson og Eyvindur Halldórsson Warén.** Mynd / Margrét Regína Grétarsdóttir

### *Dugmikill og ákveðinn*

Stefán, bróðir hennar, tekur undir að áhuginn á gönguskíðunum hafi kviknað eftir fyrstu Andrésar andar-leikanna og sú íþrótt að sama skapi hafi alltaf verið númer eitt.

„Ég æfði líka frjálsar og fótbolta með skíðunum. Sumrin fóru helst í að mæta á fótboltaæfingar en á veturna voru það gönguskíðin sem tóku yfir,“ segir Stefán sem hefur verið ansi nálægt Íslandsmeistaratitlinum sjálfur.

„Framtíðarplönin mín eru svo bara þannig að ég ætla að klára verkmenntaskólann og fara á Hvanneyri í búfræðinginn. Taka síðan við af foreldrum okkar og verða bóndi,“ segir Stefán en fjölskyldan býr á Tröllatungu í Strandabyggð.

Næsta víst er að gaman verður að fylgjast með þessum duglegu systkinum í framtíðinni svo og félögum þeirra á skíðunum.

SIXT
SÚPERDAGAR
NOTAÐIR BÍLAR Á LÆKKUÐU VERÐI!




MITSUBISHI ECLIPSE CROSS INTENSE PHEV
- Nýskráður 2022
- Bensín/rafmagn
- Sjálfskiptur
- 4x4
- Ekinn 92 þ.km.
Verð: 3.190.000 kr.
Verð áður: 3.490.000 kr.




FORD KUGA TITANIUM
- Nýskráður 2018
- Dísel
- Sjálfskiptur
- 4x4
- Ekinn 53 þ.km.
Verð: 3.150.000 kr.
Verð áður: 3.590.000 kr.




TOYOTA YARIS
- Nýskráður 2021
- Bensín
- Beinskiptur
- Framhjóladrif
- Ekinn 83 þ.km.
Verð: 1.990.000 kr.
Verð áður: 2.290.000 kr.

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á NOTAÐIR.BENNI.IS

Benni Notaðir bílar
Opið
Virka daga frá 9 til 17
Laugardaga frá 12 til 16
Bílabúð Benna
Krókhálsi 9
Reykjavík
590 2035
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.
Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463
VÉLSMIÐJA GRUNDARFJARÐAR




Bændablaðið
kemur næst út
20. mars





Gígja Heiðrún Óskarsdóttir málaði þessar þrjár ruslafötur. Myndir / Skagaströnd.is

Skagaströnd:

# Hressandi list í almannarýminu

Á Skagaströnd mega skapandi einstaklingar leggja gjörva hönd að því að hressa upp á ruslafötur í þorpinu. Ungmenni úr vinnuskólanum hafa sl. tvö sumur fengið að leika lausum hala við að myndskreyta tunnurnar sem hanga á ljósastaurum í þéttbýlinu. Gleðja þær nú augu fólks með margvíslegum leiftrandi og litríkum málverkum. Þannig vekja þær meiri athygli en ella sem gerir vonandi að verkum að fólk verði duglegra að nýta sér þær í stað þess að fleygja rusli á víðavangi. /sá




## Auglýsing um Skipulagsmál í Rangárþingi Eystra

*Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt aðalskipulagslýsing á aðalskipulagi í Rangárþingi eystra.*

**Vindás – aðalskipulagsbreyting**
Aðalskipulagslýsingin tekur til 12 ha. sem verið er að breyta úr landbúnaðarlandi (L1) og frístundarbyggð (F). Gert er ráð fyrir sjö lóðum.

*Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru eftirfarandi deiliskipulag*

**Ytri-Skógar, tjaldsvæði og bílastæði - deiliskipulagsbreyting**
Deiliskipulagstillagan nær til afþreyingar- og ferðamannasvæðis (AF53) við Ytri-Skóga. Tillagan tekur til 7,5 ha tjaldsvæðis, þar sem gert er ráð fyrir aðstöðuhúsi, bílastæðum fyrir húsbíla, leiksvæðum og salernisaðstöðu. Breytingin tekur einnig til stækkunar á lóðum við Skógarfossveg 2 til 7 (Fosstún í deiliskipulagstillögunni) auk þess að ferðþjónustulóðir sunnan við félagsheimili Fossbúðar verði felld úr gildi og í staðinn er gert ráð fyrir stækkun á núverandi bílastæði.

**Ormsvöllur og Dufþaksbraut - deiliskipulagsbreyting**
Um er að ræða breytingu á gildandi deiliskipulagi athafnasvæðis við Ormsvöll og Dufþaksbraut. Núverandi hesthúsalóðir eru víkjandi og er áformað að breyta lóðum í atvinnulóðir um leið og lóðum er fækkað og þær stækkaðar. Gert er ráð fyrir hringtorgi á gatnamótum Ormsvalla og Hlíðarvegar og hefur það áhrif á Ormsvöll 27 og Hlíðarveg 16. Hámarkshæð húsa fer úr 6 m í 7 m.

**Hvolsvegur og Hlíðarvegur - nýtt deiliskipulag**
Deiliskipulagstillagan tekur til hluta af Hlíðarvegi og Hvolsvegi og gerir ráð fyrir hringtorgi við gatnamótin á svæðinu. Með deiliskipulaginu verður hluti af mannvirkjum víkjandi en gert er ráð fyrir 8-12 íbúðum á tveimur hæðum með risi. Hámarkshæð verður 7,5 og heildarbyggingarmagn verður 1728 m². Á þegar byggðum lóðum er gert ráð fyrir byggingarreitum og nýtingarhlutfalli en einnig verður heimilt að byggja bílskúr eða aukahús allt að 50 m². Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði auglýst, kynnt fyrir lóðarhöfum og send til umsagnaraðila, *skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**Þann 13. mars verður haldinn íbúafundur í félagsheimilinu Hvolnum kl. 20:00 þar sem deiliskipulags tillaga fyrir Hvolsveg og Hlíðarveg verður kynnt fyrir íbúum.**

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 13. mars 2025 frá kl. 8:30 til 10:00.
Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur frá 17. Febrúar til og með 3. apríl 2025.

**Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.**



















# Endurlit

**Þessi peysa er endurunnin, var hönnuð fyrir nokkrum áratugum en ástæða þótti til endurhönnunar.**

Gamla uppskriftin var með lengri tungum og var gefin upp fyrir Álafosslopa eða þrefaldan plötulopa. Þessi er aftur á móti fyrir tvöfaldan lopa, sem er mun algengari þykkt á peysum nútímans. Á gömlu peysunni eru margir litir i hverri mynsturtungu, en hér er einn litur í hverri, sem gefur peysunni allt annan svip. Það er gaman að spreyta sig á að setja saman liti í þessa. Það eru gefnir upp 7 litir í mynstrið, en það má líka alveg fækka þeim í fjóra eða fimm, eftir smekk hvers og eins.

**Stærðir: S M L XL XXL**
**Yfirvídd: 88 96 105 112 120**

**Efni:** 400-400-450-450-500g Þingborgarlopi í sauðalit í aðallitinn og 4-7 litir. Slettuskjótt í mynsturliti. Prjónað er úr lopanum tvöföldum, Slettuskjótt er tvöfaldur Þingborgarlopi í 50 g dokkum. Í tvo fyrstu litina þarf 50 g af hvorum lit en minna af hinum litunum. Slettuskjótt fæst einnig í 100 g pakkningum með nokkrum litum saman.

Ef notaður er lopi frá Ístex verður að gæta að prjónfestu, ekki er sami grófleiki á honum og á Þingborgarlopanum.

Sokkaprjónar 4 og 5 mm.
Hringprjónar 4 og 5 mm 40, 60 og 80 cm langir.

**Prjónfesta:** 14 l og 22 umf í sléttu prjóni = 10 x 10 cm.

Önnur prjónastærð getur hentað, allt eftir því hvort prjónað er fast eða laust, finnið það út með því að prjóna prufu. Bolur og ermar eru prjónuð í hring. Lesið uppskriftina yfir áður er hafist er handa.

**Bolur:** Fitjið upp með aðallit 124-136-148-160-168 l á 4 mm 80 cm hringprjón og prj. stroff í hring 6-8 sm 2 sl og 2 br. Eins er hægt að hafa aðra stroffgerð að eigin vali og eins er hægt að hafa rendur í stroffi til skrauts. (Lengd á bol er smekksatriði, mælið viðkomandi og metið hvað bolur á að vera síður.)

Á dömupeysu er fallegt að gera „mitti" á peysuna með því að taka úr á bol. Setjið merki í báðar hliðar, takið úr 2 l hvoru megin, *prj. 2 l saman, prj. 1 l, prj. 2 l saman*. Fyrst er tekið úr er bolur mælist 8-12 cm og síðan 2x aftur með 5 cm á milli. Alls eru teknar úr 12 l. Prj. 5 cm, þá er aukið út aftur samsvarandi og með sama millibili og tekið var úr og endað með sama lykkjufjölda.

**Ermar:** Fitjið upp með aðallit 32-32-36-36-40 l á 4 mm sokkapjóna og prjónið stroff í hring 6-8 cm. Skiptið yfir á 5 mm sokkaprjóna þegar stroffi er lokið og aukið strax um 2 l undir miðri ermi, (1 l eftir fyrstu lykkju og 1 l fyrir síðustu lykkju í umf). Endurtakið aukningu 7-7-8-9-9 x upp ermi, með u.þ.b. 8 umf. á milli, þar til 48-48-54-56-60 l eru á prjóninum. Skiptið yfir á stutta 5 mm hringprjóninn á u.þ.b. miðri ermi. Gott er að nota prjónamerki til að merkja þar sem aukið er út. Prjónið uns ermi mælist 44-52 cm. (Mælið handlegg og metið hve ermin á að vera löng)

**Axlastykki:** Sameinið nú bol og ermar á 5 mm 80 cm langa hringprjóninn. Setjið 5-5-5-5-6- síðustu l og 5-5-5-6-6- fyrstu l á báðum ermum á prjónanælu. Setjið 10-10-10-11-12 af bol á prjónanælu þar sem umferð byrjar vinstra megin á bol. Prjónið fyrri ermina við bolinn 38-38-44-45-48 l, prjónið næstu 52-58-64-69-72 l af bol og setjið næstu 10-10-10-11-12 l á hjálparprjón. Prjónið seinni ermina við og gerið eins og með hana. Prjónið síðan 52-58-64-69-72 l af bol, þá eru 180-192-216-228-240 l á prjóninum. Prj. mynstur eftir teikningu. Notið styttri hringprjóna eftir því sem lykkjum fækkar. Þegar mynstri lýkur er tekið úr aukalega þar til u.þ.b. 64-70 l eru eftir á prjóninum, þá er skipt á 4 mm 40 cm hringprjón og prj. 6-8 sm stroff og 4 umf. slétt prjón, fellið af. Gangið vel frá öllum endum og lykkjið saman undir höndum.

**Þvottur:** Þvoið flíkina í volgu vatni með góðri ullarsápu eða sjampói. Skolið vel og vindið svo í hálfa mínútu í þvottavél. Mikilvægt er að vélin fari strax að vinda, (þær eru misjafnar að þessu leyti) en sé ekki að veltast með flíkina fyrst, þá getur hún þófnað.
Leggið peysuna á handklæði til þerris.

**Styttingar:** prj. = prjónið, l = lykkja, umf. = umferð, cm = sentímetrar, sl. = slétt, br. = brugðið, g = grömm.









Hvammur:

# Ljóðskáld á tíræðisaldri

**Ásmundur Magnús Hagalínsson hefur gefið út sína fyrstu ljóðabók, en hann er nýorðinn 94 ára gamall.**

Bókin heitir Hvammur og fjallar kveðskapurinn um atburði í lífi Ásmundar Magnúsar, sem er yfirleitt kallaður Magnús. Hann kemur inn á von og þrá, ást og trú, fjölskyldu, samferðamenn og atburði líðandi stundar og liðinna tíma. Hann fæddist 14. febrúar árið 1931 og ólst upp á Hvammi í Dýrafirði, ásamt þrettán öðrum systkinum. Í ljóðunum leitar hugur Magnúsar til Vestfjarða og birtast gjarnan í þeim myndir úr íslenskri náttúru.

Útgefandi bókarinnar er Aðalheiður E. Ásmundsdóttir, dóttir Ásmundar Magnúsar. Hún segist hafa átt frumkvæðið að því að koma kveðskap föður síns á prent. „Þetta var á sneplum hér og þar um alla íbúð og okkur langaði til að setja þetta saman í fallega ljóðabók." Hún segir hann hafa ort með ólíkum en hefðbundnum bragarháttum alla sína tíð.

Frá unga aldri tók Magnús þátt í bústörfum og sjómennsku og á unglingsárum starfaði hann í vegavinnu, á snurvoðarbát og við síldveiðar. Hann lærði málmiðn í Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar á Þingeyri og útskrifaðist sem vélstjóri frá Vélskóla Íslands árið 1957. Eftir útskrift vann hann sem vélstjóri á fjölmörgum skipum og sigldi með fisk til New York. Hann tók einnig þátt í að sækja skip til Noregs og Hollands til að fylgjast með niðursetningu og frágangi á vélbúnaði. Árið 1969 hóf hann störf hjá ÍSAL í Straumsvík, þar sem hann starfaði við viðhald og eftirlit í meira en 30 ár. /ál



Ljóðskáldið Ásmundur Magnús Hagalínsson. Mynd / Aðsend


Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar.

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.

**Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali, s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg

Aðili óskast

Golfklúbbur Hellu óskar eftir rekstraraðila veitingareksturs í golfskálanum að Strönd.




Golfskálinn er staðsettur við Suðurlandsveg á milli Hellu og Hvolsvallar.
Mikil umferð ferðamanna allt árið um kring. Talsverðar heimsóknir hópa eru í golfskálann og því miklir möguleikar fyrir réttan aðila

Nánari upplýsingar:
ghr@ghr.is
780-8833

MHG VERSLUN

Umboðsaðili Husqvarna á Íslandi

**Husqvarna ST327 snjóblásari**

9 HP, vinnslubreidd 69 cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, LED framljós, extra stór dekk, rafstart.



MHG verslun - Víkurhvarfi 8, 203 Kópavogi - S. 544 4656 - mhg.is

**CAT rafmagnslyftarar fyrir hámarks afköst og öryggi**




**Umhverfisvænir, hagkvæmir og endingargóðir rafmagnslyftarar**

Rafmagnslyftararnir frá CAT eru hljóðlátur og umhverfisvænn kostur sem henta fyrir alls kyns vörumeðhöndlun. Rafmagnslyftarar á borð við CAT EP16-20(C)N2 línuna sem er fullkominn kostur fyrir alls konar meðferð á farmi, allt frá því að lyfta vörum í og úr hillum í að flytja farm á mill svæða.

- Lyftigeta 1,6-2,0 tonn
- Lyftihæð allt að 7 metrar
- Innbyggð vigt
- Hliðarfærsla á göfflum
- Auka vökvalögn
- Strikfrí dekk

Hafðu samband við **Gunnar M. Arnþórsson**, sölustjóra, í **590 5135** eða **gma@klettur.is**, fyrir nánari upplýsingar.

KLETTUR

REYKJAVÍK — HAFNARFJÖRÐUR — AKUREYRI — 590 5100

**Bændablaðið er á Instagram & Facebook**

## Auglýsing um skipulag

**Eftirfarandi skipulagsáætlanir eru í kynningu í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 6. mars til og með 19. apríl 2025.**

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt eftirfarandi tillögur til auglýsingar:

Samþykkt til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á fundi sveitarstjórnar Borgarbyggðar þann 12. desember 2024
**Hraunsás III (L204514) – Tillaga að breytingu á aðalskipulagi.**
Mál nr. 599/2024 í skipulagsgátt með athugasemdarfresti til og með 19. apríl 2025.

Samþykkt til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á fundi sveitarstjórnar Borgarbyggðar þann 16. janúar 2025.
**Hraunsás III (L204514) – Tillaga að nýju deiliskipulagi.**
Mál nr. 233/2025 í skipulagsgátt með athugasemdarfresti til og með 19. apríl 2025.

Samþykkt til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á fundi sveitarstjórnar Borgarbyggðar þann 13. febrúar 2025.
**Íbúðarbyggð á Varmalandi – Tillaga að breytingu á deiliskipulagi.**
Mál nr. 234/2025 í skipulagsgátt með athugasemdarfresti til og með 19. apríl 2025.

Ofangreindar tillögur eru auglýstar í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is og aðgengilegar á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is undir skipulagsauglýsingar frá **6. mars 2025**. Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við auglýstar tillögur til og með 19. apríl 2025.
.

**Borgarbyggð, 06.03.2025**
**Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar**

BORGARBYGGÐ

Vélabásinn:

# Góður í dreifbýli og borg

## – Prufuakstur á Polestar 3



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

**Bændablaðið fékk til prufu nýjan rafmagnsbíl af gerðinni Polestar 3. Þessi bílategund á margt skylt með Volvo og fellur umræddur bíll í sama stærðarflokk og XC60-jepplingurinn.**

Að utan fer ekki milli mála að þetta er Polestar. Hann deilir ýmsum einkennum með Polestar 2 sem hefur náð talsverðri útbreiðslu hér á landi. Framljósin eru T-laga eins og á öðrum Polestar og Volvo og á milli þeirra er eftirlíking af grilli. Lagið á bílnum er mitt á milli langbaks og jepplings.

*Skandinavískur mínimalismi*

Þegar inn er komið blasir við innrétting sem er sérstaklega falleg og öll mínimalísk í skandinavískum anda. Hún er klædd nánast alls staðar með góðu efni og er erfitt að þefa uppi ódýrt plast. Þvert yfir mælaborðinu er listi með áláferð sem rammar inn miðstöðvaropin.

Framan við ökumanninn er lítil aksturstölva með grunnupplýsingum, eins og aksturshraða, drægni, hverjir eru í belti og hámarkshraða. Þar að auki er sjónlínuskjár sem varpar upplýsingum inn á framrúðuna. Í miðju mælaborðsins er snertiskjár og lega hans er í hæðina, ekki breiddina eins og yfirleitt í nýjum bílum. Stýrikerfið er fallegt á að líta og yfirleitt þægilegt í notkun. Neðst á skjánum er borði þar sem er alltaf hægt að komast í stillingar fyrir miðstöð, kveikja á hættuljósum og komast á heimaskjáinn.

Nokkrar villur í stýrikerfi snertiskjásins einkenndu prufuaksturinn og náði undirritaður ekki að leysa úr þeim sjálfur. Helstu vandræðin voru þau að bíllinn tengdist yfirleitt ekki sjálfkrafa við símann, önnur flýtivalmyndin neðarlega á skjánum hvarf á degi tvö og lét ekki sjá sig eftir það og stundum var eins og fjórhjóladrifið dytti út. Svo það komi fram, þá er nokkuð liðið síðan prufuaksturinn átti sér stað og samkvæmt umboðinu hefur framleiðandinn lagfært þessar villur í uppfærslum.

Bíllinn er útbúinn hljóðkerfi frá Bowers & Wilkins sem er býsna gott og fer vel með flestar tegundir tónlistar hvort sem spilað er í hárri eða lágri hljóðstillingu. Í miðjustokknum er einn stór takki og nýtist hann til að kveikja á útvarpinu eða tónlist, hækka og lækka og skipta um lag eða útvarpsstöð. Að öðru leyti eru nánast engir takkar.

*Afar góð sæti*

Framsætin eru af allra bestu gerð, bæði mjúk en samt með góðan stuðning. Sessan er breið, stuðningur til hliðanna er ágætur ásamt því að hægt er að lengja sessuna fram til að styðja frekar undir löng læri. Mjóbaksstuðningurinn er stillanlegur á marga vegu.

Í aftursætunum er ágætis pláss. Gólfið er nokkuð hátt en að öðru leyti er nóg pláss fyrir fætur, hné, höfuð og axlir á þremur farþegum. Umhverfið er bjart, þökk sé glerþaki og stórum hliðarrúðum. Á milli aftursætanna er mjúk armhvíla og fremst á henni eru glasahaldarar.

Hægt er að opna og loka skottinu á þessum bíl með því að sveifla fótunum undir stuðarann. Ólíkt því sem er í flestum öðrum bílum þá virkar þessi eiginleiki alltaf á Polestar 3. Skotthlerinn er stór og nær upp á þak. Aftursætin leggjast niður svo gott sem flöt. Gólfið flúttar við skotthlerann og undir því er gott aukahólf. Undir húddinu er geymsluhólf sem er hentugt fyrir hleðslukapla eða annað smádót.

*Sprækur í akstri*

Í akstri er bíllinn hljóðlátur og sérlega mjúkur, þökk sé loftpúðafjöðrun. Hægt er að hækka bílinn þannig að undir lægsta punkt eru 25 sentímetrar. Þó svo að Polestar 3 myndi seint teljast til fjallajeppa er hægt að fara áhyggjulaus út fyrir malbik og heflaða malarvegi.

Bíllinn er mjög kraftmikill, eða 489 hestöfl. Á meðan stöðugleikastýringin og spólvörnin eru virk dregur bíllinn verulega úr öllu afli ef hann skynjar að hann sé við það að spóla. Hægt er að slökkva að mestu leyti á þessum kerfum sem gerir bílinn ansi sprækan og skemmtilegan í lélegri færð. Á malarvegi er bíllinn rásfastur, enda fjórhjóladrifinn og finnst vel að hann skilar aflinu þar sem þess er þörf.

Akstursaðstoðin er traustvekjandi. Ökumaðurinn ýtir einu sinni á gírstöngina í akstri og þá sér bíllinn um að halda sér á miðri akrein og vera í hæfilegri fjarlægð frá næsta bíl. Hið hvimleiða hámarkshraðapíp sem er algengt í nýjum bílum virðist ekki vera til staðar í Polestar 3.

Ökumaðurinn fær hins vegar skammir ef hann fylgist ekki nógu vel með veginum.

*Að lokum*

Polestar 3 fæst í tveimur útfærslum og er bíllinn í þessum prufuakstri af þeirri ódýrari. Hún nefnist Long Range Dual Motor og kostar frá 13.490.000 krónum. Dýrari týpan heitir Long Range Dual Motor Performance og fæst á 14.490.000 kr. Akstursdrægni á fyrrnefndu týpunni er allt að 610 kílómetrar samkvæmt WLTP-staðlinum, en reikna má með að það sé talsvert minna í raunveruleikanum. Í báðum bílum eru drifrafhlöðurnar 111 kílóvattstundir og taka þær allt að 250 kílóvatta hraðhleðslu. Nánari upplýsingar fást hjá Brimborg, söluaðila Polestar. ■




Polestar 3 er svipað stór og Volvo XC60. Þetta er smekklega hannaður bíll og þökk sé loftpúðafjöðrun getur veghæðin verið allt að 25 sentímetrar. Myndir / ál



Innréttingin er mínimalísk. Snertiskjárinn er hár og mjór.



Aftursætin rúma þrjá farþega með sóma.




Lagið á bílnum er mitt á milli langbaks og jepplings.






Fjölskyldan á sólskinsdegi. Ingiríður Hauksdóttir og Haukur Marteinsson ásamt börnunum Hauki Snæ og Ríkeyju.
Myndir / Aðsendar

## Bóndinn:

# Hagræðing í stækkun

**Í Köldukinn stendur stór- og glæsibýlið Kvíaból en það var útnefnt fyrirmyndarbú ársins á deildarfundi NautBÍ á dögunum. Fjölskyldan tekur yfir Instagram-reikning Bændablaðsins á næstu dögum þar sem hægt verður að fylgjast með lífi og starfi fjölskyldunnar.**

**Ábúendur:** Haukur Marteinsson og Ingiríður Hauksdóttir og börnin Haukur Snær og Ríkey. Einnig búa á bænum foreldrar Hauks, Marteinn Sigurðsson og Kristín Björg Bragadóttir.

**Stærð jarðar:** Jörðin Kvíaból samanstendur af Garðshorni, Hóli, og Arnþórsgerði en á undanförnum áratugum hafa þessar jarðir verið keyptar undir Kvíaból. Jörðin er að heildarstærð um 500 hektarar en ræktað land í dag er um 100 hektarar en við leigjum um 40 hektara til viðbótar undir korn og grasrækt á nágrannajörðum.

**Gerð bús:** Mjólkur- og nautakjötsframleiðsla.

**Fjöldi búfjár:** Á búinu eru um 310 nautgripir. Einn Lely A5 sér um að mjólka kýrnar sem eru að jafnaði 55 mjólkandi en ásamt kúm og kvígum erum við með um 170 íslensk naut í kjötframleiðslu.

**Hvers vegna þessi búgrein?** Við veljum þessa búgrein kannski ekki síður en þessi búgrein velur okkur. Haukur hefur alltaf haft áhuga á nautgripum og ekki síður jarðvinnslu og ræktun og Ingiríður alltaf haft áhuga og ástríðu fyrir kúnum og mjólkurframleiðslunni. Við sækjumst eftir því á sama tíma og okkur býðst að kaupa bú foreldra Hauks, sem hefur gengið í gegn og þau hjálpa okkur gríðarlega mikið, bæði með vinnuna á búinu og ekki síður utan. Helsta vandamálið er að fá þau til að stoppa og „njóta lífsins“.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig?** Krakkarnir gerðir klárir í skólann, Þingeyjarskóla, og svo morgunverk á borð við eftirlit, þrif og gjafir. Síðan setjumst við yfirleitt inn í morgunkaffi og sinnum tölvuvinnu eins og bókhaldi, heimabanka, tölvupósti og öllu slíku sem er misjafnt eftir dögum. Svo göngum við í það sem þarf, skepnum sinnt, lagfæringar á vélum eða útihúsum. Talsverður munur er verkum á hefðbundnum degi að vetrarlagi eða sumri sem eru yfirleitt tileinkuð vélavinnu úti í flagi, túni eða einhverju slíku.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Öllum störfum fylgja einhver verðmæti og ánægja, kemur helst upp í hugann að leiðinlegast er þegar erfiðir burðir, súrdoði og slíkt hrjá dýrin eða þegar veðrið leikur okkur grátt.

**Hvernig er að búa í dreifbýli?** Það hefur sína kosti og galla. Það er vissulega lengra í búðina eða pitsustaðinn en félagslífið er ekki síðra ásamt frelsi til að athafna sig án mikils áreitis. Lykilatriði er að eiga góðan bíl og læra að njóta samverunnar í bílferðum.

**Hvað er það jákvæða við að vera bóndi?** Að vera bóndi er að eiga og reka fyrirtæki. Það getur verið afskaplega gaman að vera sinn eigin herra, vinna mikið og njóta ávaxta vinnu sinnar. Það er yndislegt að fylgjast með landinu sínu grænka á vorin og sjá árangur af breytingum eða lagfæringum sem gerðar eru. Nándin við dýrin og náttúruna finnst okkur gulls ígildi fyrir börnin okkar að alast upp í.

**Hverjar eru áskoranirnar?** Að hafa sig yfir erfiðu tímabilin og hafa skynsemi til að eyða ávöxtun góðu áranna vel.

**Hvernig væri hægt að gera búskapinn þinn hagkvæmari?** Ná betri tökum á kornframleiðslunni, ekki bara með aukna







Dagsverkin eru mörg og fjölbreytt á erilsömu býli.

uppskeru í huga heldur líka að auka stöðugleika milli ára en sveiflan getur verið talsverð. Við sjáum hagræðingu í því að stækka búið og komast upp í tveggja róbóta einingu ásamt nautaeldinu og einnig teljum við íslenska kúabændur ekki geta horft fram hjá hagræðingarmöguleikum í að flytja inn annað kúakyn. Það er lykilatriði fyrir íslenska mjólkurframleiðslu að bændur geti framleitt ódýrari mjólk en nú er.

**Hvernig sjáið þið landbúnað á Íslandi þróast næstu árin?** Bara vel ef stjórnvöld horfa á stóru myndina í alþjóðlegu samhengi og átti sig á mikilvægi greinarinnar. Við erum ekki að framleiða einhverja óþarfa vöru sem hægt er að skipta út. Við erum að framleiða matinn á diskana okkar.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Líklega síðasta sumar í heild sinni. Við tókum það skref að ráðast í 50 hektara skógrækt í fjallinu ofan við bæinn, mjög skemmtilegt verkefni en krefjandi um leið. Það var mjög skrítið að fylgjast með umræðum á samfélagsmiðlum þegar samtök grænfriðunga og slíkt var orðið helstu andstæðingar skógræktar. Við tókum þátt í að reisa þurrkstöð á vegum Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga sem var ræst síðasta haust og ásamt því var veðrið einstaklega leiðinlegt í nánast allt sumar. Þetta ásamt því að í tvígang biluðu tvær af þremur dráttarvélunum okkar í byrjun sláttar sem reyndi talsvert á þolrifin.














Skipulagsstofnun

**Umhverfismat framkvæmda**

Matsáætlun í kynningu

**Vindorkugarður á Þorvaldsstöðum, Borgarbyggð**

Zephyr Iceland hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats vindorkugarðs á Þorvaldsstöðum, Borgarbyggð. Kynning á matsáætlun: Matsáætlunin er aðgengileg á Skipulagsgátt, www.skipulagsgatt.is og á vef Skipulagsstofnunar.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn í gegnum Skipulagsgáttina eigi síðar en 26. mars 2025.












**Beikonsuða og egg á mismunandi stigum tilverunnar. Með og án sterkju.**

Myndir / Hari

Matarkrókurinn:

# Kjörbúðarbeikon og tvenns konar egg

Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com

**Beikon kemur í mörgum útgáfum; misþykkt, missalt, misdýrt og stundum mislukkað. Sér í lagi ef það er ekki hanterað rétt þegar heim er komið.**

Til að elda beikon, sérstaklega þunnt beikon, þarf að ná að elda kjötið á sirka sama tíma og fitan bráðnar. Svo er það bandvefurinn sem þarf líka að trosna. Vandinn er að allt þrennt gerist við mismunandi hita og tekur mislangan tíma. Við þurran hita í ofni þornar þunnt beikon og á pönnu brennur kjötið gjarnan áður en fitan nær bræðslumarki.

Þá kemur efnafræðin inn og blessað blávatnið. Vatn við suðu er 100 gráður og svínafita byrjar að bráðna við rúmlega 80 gráður og kjötið meyrnar við svipað hitastig. En töfrar vatnsins felast líka í því að draga svolítið salt úr beikoninu. Bæði matarsaltinu og nitratsaltinu sem notað er til að gera beikon að því undir sem það er.

*Beikonsuða*

Kjörbúðarbeikon, þetta sérmerkta hverri búð, er svo þunnt að það er enginn séns að halda því sléttu. Tekur því ekki að reyna. Þannig er hægt að elda heilt bréf í einu. Taka sneiðarnar í sundur, dreifa um pönnuna og hella svo köldu vatni yfir. Þarf ekki að fljóta alveg yfir en svona næstum því. Hita að suðu og halda þar í nokkrar mínútur. Þegar beikonið byrjar aðeins að krullast þarf að taka ákvörðun. Þau ykkar sem elskið salt haldið áfram að sjóða. Hinn helmingurinn, þessi með háa blóðþrýstinginn en óþrjótandi beikonþrá, hellir sirka 70% af vatninu af. Með því fer salt og alls konar jukk en eftir verður alveg mátulegt beikon sem veitir meiri sælu en brjóstsviða.

Gott að hræra stöku sinnum í pönnunni þangað til vatnið hefur allt gufað upp. Þegar vatnið er farið byrjar beikonið að steikjast. Þá er gott að lækka hitann svolítið til að ekkert brenni. Það er hægt að steikja beikon í hvaða íláti sem er en best er að nota óhúðaða pönnu. Pottjárn, karbonstál eða ryðfrítt eru allt ljómandi beikonáhöld. Teflon er betra í eggjahræruna sem kemur á eftir.

Þegar beikonið hefur náð hárréttri áferð; stökkt en ekki hart og auðvelt að tyggja en þó með smá áferð er það tekið úr pönnunni og sett á disk. Beint á disk eða grind. Ekki setja beikon á bréfþurrkur. Það tekur vissulega umfram olíu en sogar líka úr lífsviljann. Næst er það önnur stór ákvörðun þennan sunnudagsmorguninn. Hvernig á að elda eggin?!

*Að hræra eða ekki hræra*

Tæknilega eru tveir möguleikar; spælt egg eða eggjahræra. Ommiletta kemur ekki til greina. Það er staðfest! Þau sem fara spældu leiðina létthreinsa óhúðuðu pönnuna, taka fituna frá fyrst, við notum hana. Blanda til helminga með smjöri og spæla eggið við miðlungs háan hita þangað til endarnir brúnast. Passa að skafa af eggjahvítusleikjuna í kringum rauðuna eða setja á lok, þannig eldast slikjan í gufunni.

Kosturinn við spælt egg er að drekkja beikoni og ristuðu súrdeigsbrauði í fljótandi eggjarauðu. Ef pönnukökur eru á matseðlinum þarf að hræra. Amerískar pönnukökur vilja ekkert með fljótandi eggjarauður að gera. Þær vilja síróp.

Það eru margar leiðir til að hræra egg. T.d. Gordon Ramsey-aðferðin; Þar sem við kemur sýrður rjómi og graslaukur. En okkur leiðist Goggi og eggin hans draga athygli frá beikoninu. Ef við viljum fara í fræga kokka þá er betra að fara í bækur Meistara Gordons, Marco Pierre hins hvíta, en við ætlum samt ekki að gera það hér. Við förum í einfaldleikann enda er hann yfirleitt bestur.

Eggjahræra á við svipað vandamál að stríða og beikonið. Hvítan og rauðan eldast mismunandi. Aðal vesenið er þó áferðarmunurinn. Flest þenkjandi fólk kýs harða hvítu og mjúka rauðu, ekki ósvipað spæleggi. Þessi áferð næst í eggjahræru með því að elda við vægan hita og hér er best að taka fram teflonið.

Smjör, teskeið eða svo fyrir hvert egg, er brætt á pönnu eða í þykkbotna potti við miðlungs hita. Eggin fara heil á pönnuna rétt eins og þegar verið er að spæla. Hræra í hvítunni en skilja rauðurnar eftir eins og eyjur. Salt eftir smekk. Engan pipar eða annað krydd. Þegar allt eggjahvítuefnið hefur tekið hvítan lit eru rauðurnar sprengdar og hrærðar létt saman við. Passa að ofelda ekki rauðurnar.

Beikon og egg parast auðvitað best með góðri sterkju. Minnst var á súrdeigsbrauð og amerískar pönsur hér að ofan en stundum er bara til heimilisbrauð eða afgangs kartöflur. Gamlar, soðnar kartöflur steiktar upp úr beikonfitu eru ljúfmeti – já og beyglur, ekki gleyma þeim. Bara prófa sig áfram. Það eru rúmlega 40 sunnudagar eftir af árinu.

## KROSSGÁTA




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




www.bbl.is

# HUGARÍÞRÓTTIR

## Nýir Íslandsmeistarar

**Landsliðsmennirnir Sigurbjörn Haraldsson og Magnús Magnússon urðu Íslandsmeistarar í tvímenningi á dögunum þegar 35 pör öttu kappi og spiluðu til úrslita í Síðumúlanum.**



Björn Þorláksson.

Útspilsþraut: Þú átt 6432-KT4-DT75-G3 gegn þremur gröndum. Andstæðingur á hægri hönd opnaði á tígli, stökk svo í 3 grönd eftir laufsögn andstæðings þíns á vinstri hönd. Hverju viltu spila út?

Allt spilið: N/Allir

Magnús fyrrnefndur sat í suður og spilaði út sexunni, hæsta spaðanum, toppi af hundum. Byrjendur hefðu kannski spilað úr tvistinum, fjórða hæsta

| | | |
|---|---|---|
| | **Norður**<br>♠ Q108<br>♥ A53<br>♦ K984<br>♣ Q85 | |
| **Vestur**<br>♠ J7<br>♥ 962<br>♦ A<br>♣ K1097642 | | **Austur**<br>♠ AK95<br>♥ QJ87<br>♦ 10632<br>♣ A |
| | **Suður**<br>♠ 6432<br>♥ K104<br>♦ QJ75<br>♣ J3 | |



Magnús Magnússon og Sigurbjörn Haraldsson urðu Íslandsmeistarar í tvímenningi. Mynd / bþ

en Bessi og Maggi spila „Attitude“ í útspili eins og margir lengra komnir, þar sem lágt útspil lofar einhverju bitastæðu í litnum.

Eins og lesendur sjá liggur spaðinn vægast sagt vel fyrir sagnhafa sem endaði með að fá fjóra spaðaslagi eftir útspilið. Spaðafimman reyndist gull eftir útspil Magnúsar! En samgangsvandi og fumlaus vörn Íslandsmeistaranna leiddi eigi að síður til þess að sagnhafi fór tvo niður og gaf 200-kallinn fyrirtaks skor fyrir Íslandsmeistarana.

### *Mjög góð þátttaka í nýliðabridds*

Bridgesamband Íslands býður nýliðum þessar vikurnar upp á að mæta stökum eða með makker öll miðvikudagskvöld klukkan 19 og spila bridds í höfuðstöðvunum, Síðumúla 37.

Þátttaka hefur verið gríðarlega góð og var spilað á 11 borðum í síðustu viku.

Allir eru velkomnir að sögn Matthíasar Imsland, framkvæmdastjóra Bridgesambands Íslands. Hann segir briddsáhuga almennings í hæstu hæðum þessi misserin. Vakningin er ekki síst meðal kvenna og yngri spilara.

Ókeypis er fyrir 20 ára og yngri í nýliðabriddsinn. Aðrir greiða aðeins krónur 1.500 fyrir kvöldið. Að sögn Matthíasar er ekki eftir neinu að bíða fyrir þá sem vilja taka ný eða stærri skref í þessari mögnuðu og stórskemmtilegu hugaríþrótt. „Bara að mæta. Um að gera að drífa sig. Það verður tekið vel á móti fólki,“ segir Matthías. Við þetta má bæta að opið hús er alla föstudaga í Síðumúlanum milli klukkan 16 og 19 þar sem briddskennari veitir ráðgjöf í einu og öðru er varðar spilið.

*Umsjón: **Björn Þorláksson,***
*bjornthorlaksson@gmail.com*

## Fjölnir Íslandsmeistari skákfélaga 2025

**Íslandsmóti skákfélaga lauk um liðna helgi í Reykjavík. Skákdeild Fjölnis varð Íslandsmeistari með fáheyrðum yfirburðum, en þeir unna alla sína andstæðinga og enduðu mótið með fullt hús stiga.**



Hermann Aðalsteinsson.

Þetta var annað árið í röð sem Fjölnir vann titilinn en félagið hafði aldrei unnið titilinn áður þar til í fyrra.

Íslandsmót skákfélaga er deildarskipt keppni og tefla sterkustu skákfélög landsins í úrvalsdeild. Síðan er teflt í 1., 2., 3. og 4. deild. Næststerkustu liðin eru í 1. deild og síðan koll af koll niður í 4. deild. Liðin geta unnið sig upp í næstu deild fyrir ofan eða fallið niður í næstu deild fyrir neðan ef illa gengur, eða svipað og í t.d. fótbolta.

Það eru þó krýndir meistarar í öllum deildum og Víkingaklúbburinn, Taflfélag Reykjavíkur-c sveit, Dímon og Skákfélag Íslands urðu hlutskörpust í 1. til 4. deild. Fjölmennustu skákfélög landsins eiga nokkur lið í keppninni og sum þeirra eiga eitt eða jafnvel fleiri lið í öllum deildunum.

Langflest félögin/liðin koma af höfuðborgarsvæðinu en skákfélög utan af landi eru að sjálfsögðu líka með. Skákfélag Akureyrar mætti með 4 lið, Taflfélag Vestmannaeyja og Goðinn í Þingeyjarsýslu mættu til leiks með 3 lið hvort félag. Skákfélag Selfoss og nágrennis kom með tvö lið, og Taflfélag Snæfellsbæjar, Skákfélag Sauðárkróks, Grindavík og Skáksamband Austurlands komu með eitt lið hvert félag. Taflfélag Snæfellsbæjar var t.d. hársbreidd frá því að vinna sig upp úr 4. deildinni en endaði í 3. sæti.

Skákmenn sem taka þátt í Íslandsmóti skákfélaga eru af öllum stærðum og gerðum og á öllum aldri eins og meðfylgjandi mynd ber með sér.




**Rúnar Ísleifsson t.v. og Pétur Úlfar Ernisson t.h., sem er bara 9 ára gamall og þegar orðinn mjög sterkur skákmaður miðað við aldur, mættust á mótinu. Á myndinni sést ágætlega hve fjölbreyttur hópur skákmanna er og aldur og stærð skipta engu máli. Rúnar vann skákina eftir mikla baráttu.**
Mynd / Hallfríður Sigurðardóttir.

Ef lesendur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.

***Umsjón: Hermann Aðalsteinsson,*** *lyngbrekku@simnet.is*



Erfinginn:

## Óskar Örn

**Nafn:** Óskar Örn Rikardsson.

**Aldur:** 5 ára.

**Stjörnumerki:** Pikachu.

**Búseta:** Seltjarnarnes.

**Skemmtilegast í leikskólanum:** Perla.

**Áhugamál:** Pokémon.

**Tómstundaiðkun:** Handbolti.

**Uppáhaldsdýrið:** Hundur.

**Uppáhaldsmatur:** Pasta carbonara.

**Uppáhaldslag:** Pokémon-lagið.

**Uppáhaldslitur:** Gulur.

**Uppáhaldsmynd:** Grinch.

**Fyrsta minningin:** Leika við Filip á Fögrubrekku.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Kaupa Eevee-bangsann minn.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór:** Pokémon-þjálfari eða vinna í Pokémon-búðinni.




**Viltu taka þátt? Hafðu samband.**
**sigrunpeturs@bondi.is**

# SUDOKUÞRAUTIR

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 5 | | | 4 | 2 | | 6 |
| 9 | 2 | 4 | | | | | | 7 |
| | | | 7 | 2 | 1 | | | 9 |
| | 9 | | 2 | 7 | | 4 | | |
| 4 | | 6 | | | 5 | 7 | | |
| | | 2 | | 6 | 8 | 1 | | |
| 3 | 4 | | | | | 9 | 5 | |
| | | | 3 | 8 | 2 | | 7 | |
| | 6 | | 5 | | | 8 | 3 | |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | | | | | | |
| | | | 1 | 2 | | 3 | | |
| | | | 6 | | 4 | | 9 | 2 |
| | 9 | 7 | | | | 4 | | |
| | 3 | 2 | | 5 | | 7 | | |
| | | 4 | | | | | 8 | |
| | 8 | | | | 1 | | | |
| 9 | 1 | | | | | | 6 | |
| | | | 2 | | | | 5 | 8 |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | | | | | 4 | 7 |
| | | | | | 3 | | | 6 |
| | 8 | | 9 | 5 | | | | |
| | | | | 7 | 8 | | | |
| | | | 3 | | 9 | | | |
| | 7 | | | 6 | | | | |
| | | 1 | | | 4 | | | |
| | 6 | | 5 | | | | 8 | 4 |
| 3 | | | | | | 9 | 1 | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 4 | 1 | | |
| | 4 | | 9 | | | | 6 | |
| 1 | | | 3 | 8 | | | 5 | |
| | | 6 | | | | | | 2 |
| | | | 1 | | 3 | | 4 | 5 |
| | | | | | | | 9 | |
| | | 8 | | | 7 | | | |
| 2 | | | | 9 | | 7 | | |
| 6 | | | | 5 | | | | 4 |

**Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

# Stjörnuspá

**Vatnsberinn** kemur sterkur inn í næstu vikur. Hann þarf að nýta krafta sína vel og jafnvel plana sumarfríið svolítið hvort sem er frí eða aukavinnu. Vatnsberinn þarf svo að vera duglegri við að anda að sér fersku lofti og líta inn á við því batnandi manni er best að lifa. Happatölur 3, 14, 56.

**Fiskurinn** skilur ekki alveg hvers vegna hann er stundum við það að gefast upp. Það er þó ekki flóknara en svo að hann þarf hvíld og muna að setja sjálfan sig í fyrsta sæti. Fiskurinn ætti einnig, á tilvonandi hvíldardögum, að skrifa niður það sem amar að og finna lausnir, eða sleppa takinu. Happatölur 6, 45, 90.

**Hrúturinn** er líkt og fiskurinn í einhvers konar híði ef svo má segja. Hann þarf að rífa sig í gang og jafnvel fara í stutta göngutúra. Ferskt loft gerir gæfumuninn og getur mögulega ýtt undir betri heilsu. Einhver veikindi eru í kortunum og því nauðsyn að hlúa að sér. Happatölur 1, 12. 78.

**Nautið** á von á einhverju stóru ef svo má segja. Annaðhvort í formi peninga, ástúðar eða matar þó að sérstakt sé, en stjörnurnar standa þannig - að það sem nautnaseggurinn nautið þráir hvað helst finnur sér leið til hans. Nú má Nautið aldeilis bíða spennt.
Happatölur 8, 17, 62.

**Tvíburinn** hefur sjaldan verið á betri stað – ef hann staldrar nú við og lítur yfir líf sitt. Á næstu dögum mun greiðast úr ýmsum hnökrum sem hafa verið á vegi hans sl. tvö ár og honum ráðlagt að grípa öll þau tækifæri sem bjóðast. Dugur og þor eru hér einkunnarorðin. Happatölur 15, 46, 89.

**Krabbinn** er eitthvað að velta fyrir sér hvort hann eigi að taka af skarið og láta eftir sér gamlan draum í málum hjartans. Eitthvað mun þó sá draumur geta dregið dilk á eftir sér og krabbinn þarf að gera sér grein fyrir hvort hann sé tilbúinn að taka á þeim málum. Happatölur, 4, 88, 12.

**Ljónið** finnur að eitthvað er að kitla það. Nýr lífshringur þess gekk í garð við nýtt tungl nú í lok febrúar – sem ýtir almennt undir yfirráð, frægð og frama, svo sterkt sé til orða tekið, og þarf ljónið því enn og aftur að tileinka sér lítillæti og auðmýkt.
Happatölur 6, 65, 17.

**Meyjan** er óviss um hvort hún eigi að taka af skarið í vissu máli. Hún þarf að vita að ef afstaða verður ekki tekin nú, þá mun verða nokkur bið á að næsta tækifæri gefist. Meyjan þarf þó ekki að óttast og ætti að ýta undir framgang þeirra mála sem liggja á henni. Það mun verða til góðs. Happatölur 5, 61, 12.

**Vogin** á von á jákvæðri þróun í málum hjartans og má treysta því að ef hún fer að öllu með ró munu draumar hennar rætast. Asi og óræðar væntingar munu ekkert gefa af sér og vogin skal því hafa skýra sýn og standa keik við stjórnvöl lífs síns.
Happatölur 15, 16, 25.

**Sporðdrekinn** þarf að gæta sín á að fara ekki fram úr sér eða brenna brýr sem annars gætu orðið honum til heilla. Hann ætti ekki að taka neinar afdrifaríkar ákvarðanir næstu tvær vikur því þótt febrúartunglið sé vægast sagt tungl sterkra gjörða þá á það ekki við um merki sporðdrekans. Happatölur 4, 2, 1.

**Bogmaðurinn** ætti að leyfa sér alla þá sérhlífni sem honum hugnast þessa dagana og njóta þess sem hann getur. Lukka í peningamálum verður honum til góðs á næstunni og ætti hann einungis að nýta þann fjársjóð í sjálfan sig.
Happatölur 89, 88, 40.

**Steingeitin** þreyði þorrann og nú góuna og hefur stundum litla trú á bjartari tímum. Þeir koma þó í lok apríl þegar skýrari sýn verður á framgangi mála sem koma við rót hjarta hennar. Hún ætti að minna sjálfa sig á að hvorki hún sjálf né aðrir eru fullkomnir.
Happatölur 23, 25, 15.




**Í kringum árið 1980 tóku sjö bændur í Austur-Landeyjum sig saman um að rækta korn á alls ellefu hektara svæði. Var það Magnús Finnbogason, frá bænum Lágafelli, sem bar fram tillöguna á búnaðarfélagsfundi þá um veturinn og tóku þeir Ragnar Guðlaugsson á Guðnastöðum, Þorsteinn Þórðarson á Sléttubóli, Hlöðver Diðriksson í Litlu-Hildisey, Eiður Hilmisson á Búlandi, Guðlaugur Jónsson, Votmúlastöðum, og Guðmundur Pétursson, Stóru-Hildisey, vel undir.**

**Magnús hafði svo umsjón með að panta fræ og fá leigða þreskivél auk þess að semja við Jóhann Franksson de Fontenay, framkvæmdastjóra Stórólfsvallabúsins, um þurrkun og kögglun fóðursins, en korninu var blandað við grænfóður og ætlunin að fóðra helst mjólkurkýr með þessu kjarnmikla fæði. Í tímaritinu Frey, í ársbyrjun 1982, segir frá því að uppskera kornsins varð afar breytileg hjá þeim félögunum, eða frá þremur upp í 28,5 tunnur á hektara. Af sjö kornræktarmönnum voru fimm með yfir ellefu tunnur á hektara en meðaluppskeran var 13,5 tunnur á hektarann.**

**Myndin sýnir Jóhann við stýrið á Massey Fergusson þreskivél við kornskurðinn árið 1961, þeirrar einu sem til var á þeim tíma. Kemur fram í Þjóðviljanum sama ár að hann sé búfræðikandidat að mennt, sonur franska sendiherrans de Fontenay sem var mikill Íslandsvinur alla tíð.** *Isp* Mynd / Bbl

## Tíska:

# Nauðsyn samvinnu

**Árið 2025 ýtir úr vör þungum róðri tískuiðnaðarins þar sem nýsköpun og sjálfbærni eru mikilvægari en nokkru sinni fyrr. Blasa við bæði gríðarleg verkefni og tækifæri til umbreytinga.**

Skófatnaður, eða efni í skó, hefur verið í mikilli þróun síðastliðin ár og tilraunir gerðar m.a. með vinnslu þörunga, sveppaleðurs eða ávaxta, þá bæði í það sem mætti kalla striga- eða leðurskó. Þrátt fyrir ágætis þróun í þessum málum standa skóframleiðendur enn frammi fyrir ýmsum áskorunum þegar kemur að ferli hringrásarhagkerfisins í hönnunarferlinu. Hefðbundin skósmíði sem byggir oftar en ekki á flóknum efnablöndum og límkvoðum hefur lengi hindrað endurvinnslu svo eitthvað sé nefnt. Þó glittir í frekari framrás og byltingu sjálfbærra efna og framleiðslutækni og gaman að segja frá því að þar standa fremst rótgrónir leikmenn til jafns við djörf sprotafyrirtæki. Í sameiningu eru þessir ástríðufullu skóhönnuðir að endurskilgreina hvað er mögulegt og hvað ekki, auk þess að ryðja brautina enn frekar fyrir hringrásarkerfi skófatnaðar.



**Óskað hefur verið eftir markmiðum um minnkun textílúrgangs og frekara eftirlits með útflutningi notaðrar vefnaðarvöru.** Mynd / Maite Onate

### *Lengri líftími í kortum*

Efnisstrangar eru í auknum mæli framleiddir úr endurunnum fatnaði, afskurðum og úr hinum ýmsu tilraunum með gjafir nátttúrunnar (þá á borð við efni sem verið er að þróa í skógerðinni).

Svæðisbundnar innkaupa- og endurvinnslustöðvar eru að verða lykilatriði við uppbyggingu vefnaðariðnaðarins, enn og aftur með hringrásarkerfið í huga. Auk þess eru þau skref sem fyrirtæki stíga í átt að öflugum aðfangakeðjum að verða sífellt áþreifanlegri og uppfylla fleiri og fleiri kröfur löggjafans sem og væntingar neytenda um sjálfbærni.

Til viðbótar er lögð enn frekari áhersla á að hönnun og framleiðsla sé með þeim hætti að hægt sé að endurnota og gera við vöruna til að lengja líftíma hennar.

Með það í huga er áhugavert að samkvæmt Umhverfisstofnun Evrópu eru aðeins eitt prósent af notuðum fötum endurunnin.



**So iLL strigaskór sem voru framleiddir í takmörkuðu upplagi úr þörungum.**

### *Losun og takmörkun úrgangs*

Staðan í dag er ekki þannig að um háleitan metnað sé að ræða þegar kemur að losun og takmörkun úrgangs, heldur nauðsyn. Strangari löggjöf hefur ýtt á og ýtir nú enn fastar á að tískuiðnaðurinn takist á við áskoranir sínar þegar kemur að úrgangi.

Forsvarsmenn vefnaðar og tísku hafa eitthvað tekið við sér að undanförnu og hefur heyrst af víðtækri endursölu varnings, gervigreindarknúinni flokkunartækni og öllu þar á milli.

Þegar iðnaðurinn glímir við að reyna að koma málum sínum og markmiðum áfram eru sameiginlegar aðgerðir og góð samvinna nauðsyn. Þar koma inn í hinir ýmsu þættir, allt frá aðbúnaði bænda sem framleiða bómull, hör eða annað til vefnaðar, umhverfisvæn framleiðsla og vaxandi þrýstingur á birgja til að flýta fyrir grænum umskiptum.

Fjárfestingar koma einnig sterkar inn og reglur þegar kemur að áhættufjármögnun munu kalla á aukinn aga meðal sprotafyrirtækja sem þurfa að geta sannað sig og velferð sína þegar kemur að umhverfissjónarmiðum.

### *Nýleg stefna Evrópusambandsins*

ESB lagði fram hugmyndir um breytingar á reglum um textílúrgang í mars 2024. Þar var ákveðið, við endurskoðun tilskipunar um úrgang, að tekin yrði upp aukin ábyrgð framleiðenda.

Þetta þýðir að framleiðendur vefnaðarvöru, svo sem fatnaðar, skótaus, fylgihluta, auk annarra fyrirtækja sem setja slíkar vörur á innri markað Evrópu, þurfa að standa straum af kostnaði við sérsöfnun, flokkun og endurvinnslu.

Einnig hefur verið óskað eftir markmiðum um minnkun textílúrgangs og frekara eftirlits með útflutningi notaðrar vefnaðarvöru. Síðast en ekki síst hefur verið kallað eftir betri innviðum fyrir sérsöfnun vefnaðarvöru og skilvirkari flokkun á sorpi frá sveitarfélögum á heimsvísu, þannig að hlutir á borð við textíl sem hægt er að endurvinna séu dregnir út áður en þeir eru sendir til brennslu eða urðunar.

*/sp*

# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is



Lækkað verð. KABOO WOLF KING GT rafskutla til sölu. Tveir 2.000w. mótorar, max 8.400w. Mjög kraftmikið, með samtals 5 hraðastillingar, 72v 35ah batterí. Tvö hleðslutæki fylgja, ásamt hjálm og öryggislás úr stáli. Hjólið er keyrt 2.000 km. Verð kr. 320.000 stgr. Allar nánari upplýsingar í s. 858-1503.



Leitum að hæfileikaríkum matreiðslu-meistara, kokki, á lítið sveitahótel nú í sumar. Ef þú ert með hæfileika, menntun, reynslu til að elda og framreiða frábæran mat þá leitum við að þér til vinnu í sumar frá 15. maí til og með 15. september. Húsnæði á staðnum. Erum á sunnanverðum Vestfjörðum. Áhugasamir hafi samband við Karl í s. 825-0025 og endilega senda inn umsókn með ferilskrá á karl@latrabjarg.com



Spónakögglar erlendir premium í 15 kg pokum. 60 pokar á brettinu. Tilboð á heilum brettum kr. 96.000 m/vsk. Takmarkað magn. Brimco ehf. Efribraut 6, Mosf. s. 894-5111 opið frá kl.13-16.30 nema fös. til kl.16.00.



Lyngur.is – Byrjuð að taka vorpantanir á garð- og útihúsgögnum. 20% opnunartilboð. Borðbekkur, Áningarbekkur. Víkingasett og Ásdís borðsett. www.lyngur.is



Við erum tveir ábyrgir unglingar úr Langholtsskóla í Reykjavík og viljum komast í sveit fyrir lokaverkefni 10. bekkjar. Við erum í leit að bæ sem er tilbúinn að taka okkur að sér í vor í u.þ.b. fjóra daga, þar sem við getum hjálpað til við ýmis verk á bænum og lært meira um sveitastörf. Við höfum sérstakan áhuga á að taka þátt í sauðburði og viljum einnig vera á bæ þar sem öll helstu húsdýr Íslands eru. Dúa hefur áður farið í sveit og er því með reynslu af sveitastörfum. Við erum opin fyrir öllum staðsetningum á landinu, svo ef þú hefur áhuga eða þekkir einhvern sem getur hjálpað okkur, endilega heyrðu í okkur í síma eða sendu okkur línu á dua. brynjarsdottir@gmail.com eða jonasf0519@gmail.com eða í síma, Dúa: s. 821-0943 eða Jónas: s. 680-9414. Meðmæli: Hjalti Halldórsson, grunnskólakennari og rithöfundur, og Guðlaug Bjarnadóttir, deildarstjóri Langholtsskóla, s. 411-6600.



Til sölu SsangYong Tivoli DLX XLV, fjórhjóladrif, dísil, árgerð 2017, sjálf-skiptur, ekinn 118.000 km. Verð kr. 1.750.000 – notadir.benni.is s. 590-2035.



Vantar þig tæki í sveitina? Aukið úrval, lægra verð og kaupauki þegar keypt er grafa, dráttarvél eða liðléttingur. Það er nóg til og meira til frammi. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is s. 555-6520.



Eigum á lager iðnaðarhurðir, allt að 4.000 x 4.500. Verð frá kr. 390.000.- án vsk. Húsvís ehf. Grímseyjargötu 1, 600 Akureyri S. 853-9300.



Klaufskurðarbásar frá Póllandi. Margar útfærslur á mjög góðum verðum. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163. Netfang- hak@hak.is




Gröfur og önnur tæki á frábærum verðum hvort sem það er í sumarbústaðinn eða í sveitina. Risasending að koma í vor. www.ljardalur.is



Volvo XC70 árgerð 2004 til sölu, ekinn 185.000 km. Mikið endur-nýjaður bíll í góðu standi. Upplýsingar í s. 891-9215.



Til sölu Göteneds-beygjuvél. Beygir 2,5 mm í 2,5 m. Til sýnis í Völuteig 21, Mosfellsbæ. Uppl. í s. 896-6800.



Skipstjórastólar með fjöðrun til sölu, fáir eftir. Klæddir með sterku gervileðri. Uppl. í s. 865-9700 eða axelm1991@gmail.com Verð kr. 150.000 án/vsk.



Til sölu Toyota Hiace árgerð 1995. Ekin 299.000 km. Útlit gott. Góð sumardekk á felgum fylgja, engin skipti - tilboð, s. 867-6752, Guðbjörn.



Vélakerra til sölu. Burðargeta er 3,5 tonn. Er nýskoðuð og lítið notuð. Upplýsingar í s. 892-3639.



Manitou ULM 412H lyfta til sölu. Lyftigeta 1.250 kg. Lyftihæð 4,3 m. 400l skófla fylgir ásamt brettagöfflum. Keyrð aðeins um 70 tíma. Alltaf geymd inni. Verðhugmynd kr. 6.200.000 +vsk. Upplýsingar í s. 892-3639.

**Jesús sagði:**
„Guð sendi ekki soninn í heiminn til að dæma heiminn heldur til þess að frelsa hann."
*Jóh. 3.17*
biblian.is



Fallegt sófasett frá Heimahúsinu, samanstendur af einum þriggja manna sófa og tveimur eins sæta sófum. Settið er í mjög góðu ástandi. Verð kr. 180.000. S. 892-0378.



Til sölu vel með farinn JCB 527-58 skotbómulyftari. Árgerð 2014 Notaður 4.500 tíma. Lyftigeta 2,7 tonn Nett vél: hæð 2 m., breidd 2 m., lengd 4,5 m. Fylgir snúningsgaffall með hliðarfærslu og skófla, breidd 2,2 m. um 2m³. Er á lélegum dekkjum. Verð kr. 6.500.000 +vsk. Nánari upplýsingar gefur Páll í s. 894-3906.



Gámatilboð! Skriðstýrðar vélar á beltum eða dekkjum. Þyngd: 890/940 kg. Verð kr. 890.000 +vsk. Frekari upplýsingar inná www.ljardalur.is Allar tegundir aukabúnaðar í boði.



Til sölu, Hera MAT 4 mm beygjuvél, 3 metra löng. Vél í góðu standi. Verð kr. 2.800.000 +vsk. Frekari upplýsingar fást á smidaferill@smidaferill.is



LANDSTÓLPI

STORTH
EXPERTS IN SLURRY MANAGEMENT
SCRAPE IT - PUMP IT - STORE IT - MIX IT - APPLY IT



STORTH- Haugdælur
- 6" dælur með þrítengi
- Stillanleg lengd, 2,7-3,6m
- Að fullu galvaniseraðar

Frá: 1.430.000 kr. + vsk.



STORTH- Haughrærur
- Tvær lengdir: 4,6m og 6,1m
- 650mm skrúfa

4,6m: 770.000 kr. + vsk.
6,1m: 815.000 kr. + vsk.

McCAULEY TRAILERS MAC TRAILERS



2.590.000 kr. + vsk.

MCCAULEY- Taðvagn
- Galvaniseruð skjólborð
- Upphækkanir
- Kornlúga
- Framlenging og stoppari fyrir rúllur, með ljósum, 1,2m



3.490.000 kr. + vsk.

MCCAULEY- Malarvagn
- 14 tonna
- 550/45x22.5 dekk
- 8mm hardox í botni
- 5mm hardox í hliðum og að framan
- Fjaðrandi beisli

TILBOÐ!



2.990.000 kr. + vsk.

SULKY - DX30+
- **Verð áður:** 3.790.000 kr. + vsk.
- Tvöföld upphækkun og lok
- Vigt og jaðarbúnaður
- QUARTS 600 tölva

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is



Ný innkeyrsluhurð frá W með mótor og fjarstýringum. Stærð 400x400 cm. Litur koxgrár RAL7016. Vindstyrkingar á öllum flekum. Verð kr. 500.000 +vsk. H. Hauksson ehf.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf., Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Bátur Theri 385 og kerra. Mercury 6hp, á hjólstandi. Garmin dýptarmælir, fisksjá og sjókort, rafgeymir og hleðslutæki. Þrír flotgallar notaðir en í góðu lagi. Báturinn er húðaður með Rhino linings-heitklæðningu, árar fylgja. Selst í einu lagi. Verð kr. 800.000. Upplýsingar í s. 888-1485.



Trúlega bestu palllok í heimi. Eigum nú á tilboði Diamondback palllok HD (800 kg burður). Verð kr. 499.000 +vsk. SE lok (200 kg burður) Verð kr. 420.000 +vsk. Á eftirfarandi bíla með stuttum palli: HD lok á Ford 08-16. SE lok á Ford 08-16. SE lok á Ram 09-22. Einnig getum við útvegað fleiri tegundir og erum stöðugt að flytja inn lok á nýju týpurnar af GMC, RAM og FORD. Endilega sendu okkur mail á kallakallar@kallakallar.is eða hringdu í s. 663-3551.



Til sölu 344 fm af nýrri 100 mm PIR kjarna-yleiningum, litur grár RAL 9006. Verð kr. 1.700.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.




Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. https://www.sipma.pl/produkt/zgniatacze-ziarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Rúllugreip með keflum og spjótum. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 247.000 m/vsk. (kr. 199.000 +vsk) H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunar-þjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111. www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Argo-Watt) með AVR-spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg stór kúabú eru með þennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



FAÐMGREIP. Rúllugreip fyrir endastöflun. Ásoðnar Eurofestingar og slöngur fylgja. Verð kr. 235.000 m/vsk. (kr. 189.500 +vsk) H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang-hak@hak.is



Fjárhúsmottur/járnristar á tilboði í marsmánuði. Verð áður kr. 12.900 m/vsk. - Tilboð kr. 11.900 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Háþrýstidælur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísil. Margar stærðir, allt að 700 bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í s. 527-2600.



Gámarampar á lager. Heit-galvaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163. www.hak.is



Traktorsskóflur FK Machinery. Breidd 220 cm. Verð kr. 197.000 +vsk. Breidd 240 cm. Verð kr. 209.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Til sölu MG EHS Luxury Plug-In Hybrid, bensín/rafmagn, árgerð 2021, sjálfskiptur, ekinn 85.000 km. Tilboðs verð kr. 2.890.000. Verð áður kr. 3.490.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Rafmagnslyftari Battery: 72V260Ah Lyftigeta: 3 tonn. Lyftihæð: 3 metrar. Fullt verð kr. 2.890.000 +vsk. Tilboðsverð kr. 2.690.000 +vsk. Hafið samband við sölumann í s. 849-3480 eða arnar@ljardalur.is



Sjálfsogandi neyðardælur (Trash) 2", 3", 4". Öflugur búnaður með mikla dælugetu, fyrir mjög óhreint vatn og einnig skolp, soghæð allt að 8 m dæluhæð allt að 30 m. Þessar dælur henta mjög vel til að eiga sem neyðardælur ef von er á miklum vatnsveðrum með tíheyrandi flóðum í kjallara o.fl. Tilvalinn búnaður fyrir sveitarfélög, slökkvilið, hjálparsveitir, verktaka o.fl. Getum skaffað dælubarka á góðu verði. Vélarnar eru af gerðinni Honda með smurolíuöryggi. Framleiðandi: Koshin í Japan. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



HT10. Þyngd: 1.000 kg. Vél eins cylendra koop. Loftkældur, afl: 7,6 kw/3.600 rpm. Eldsneyti: dísil, búnaður: Breikkanlegur undirvagn, mekaniskt hraðtengi, þumall og 40 cm. skófla. Verð kr. 1.590.000 +vsk. Arnar@ljardalur.is s. 849-3480.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól úr kopar og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang - hak@hak.is - s. 892-4163. www.hak.is



HT16 Væntanleg eintök í apríl! Þyngd: 1.600 kg. Vél: Tveggja cylendra Koop loftkældur með forhitara Afl: 16,5kw/3.600 rpm. Eldsneyti: dísil. Búnaður: sveigjanleg bóma. Breikkanlegur undirvagn, hraðtengi, 40 cm skófla og þumall verð kr. 1.990.000 +vsk. Arnar@ljardalur.is s. 849-3480.



Sliskjur úr áli, fyrir lyftara og brettatjakka. Fyrir lyftara: L 100 cm x B 42 cm. par. Burðargeta á par: 7.200 kg. Fyrir brettatjakka: L 100 cm x B 70 cm. 1 stk. Burðargeta: 2.000 kg. Hákonarson ehf. s. 892-4163. netfang: hak@hak.is www.hak.is



Brettagafflar með vökvafærslu. Burður 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 263.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is

ÍSLENSKT
STAÐFEST

# Tryggir að þú fáir íslenskt þegar þú velur íslenskt




**Íslenskt staðfest** er upprunamerki fyrir matvörur og blóm sem framleidd eru á Íslandi. Merkið er svar við óskum neytenda, en allar kannanir segja okkur að yfirgnæfandi meirihluti þeirra vill velja íslenskt og vill skýrar upplýsingar til að hjálpa sér við valið.

**Kynntu þér merkið og notkun þess á stadfest.is**



**Hilltip Icestriker 900–1600L**
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



**Hilltip Icestriker 380–550L**
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.



**Hilltip Icestriker 600 TR**
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



**Hilltip Snowstriker VP**
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



**Hilltip Snowstriker SP**
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



**Hilltip Fjölplógur MVP**
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957

**A Wendel ehf.**
**Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,**
**S:551 5464 - wendel@wendel.is**
**www.wendel.is**



Athugið kæru bændur, smiðir, málarar, blikkarar og aðrir iðnaðarmenn/konur, hér er hlutur sem ykkur vantar. Er með þessa glæsilegu vinnupalla kerru til sölu á 2,2 m. Allt eins og nýtt. 30,7 m langur stillans eða 15,35 m tvær hæðir. 140 fm vinnuflötur. Sendið mér línu um vangaveltur og ég svara um hæl á steinberg.arnarson@gmail.com S. 762-9916.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L 170 cm x B 200 cm x hæð-21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is



Til sölu 206 fm af nýrri rauðristálklæðningu með trapisu-prófíl. Verð alls. kr. 420.000 m/vsk. H. Hauksson ehf - S. 588-1130.



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is



Erum með 2 beltabörur á lager! HT500 Burðarþyngd: 500 kg. Frábærar vélar sem moka upp á sig sjálfar! Verð kr. 890.000 +vsk. Arnar@ljardalur.is s. 849-3480.




Til sölu SsangYong Rexton HLX,fjórhjóladrif, dísil, árgerð 2020, sjálfskiptur, ekinn 63.000 km. Verð kr. 7.190.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3–4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. www.hak.is Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt-1,9 m. Stærð á skrúfu 48 cm. Rotor 12 kW. Glussaflæði 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi 2 m. Burðarvirki Heitgalv./SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra kr. 4.000 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.



Sveitarfélög og verktakar. Mjög öflugur búnaður fyrir stífluhreinsun í skolprörum. Háþrýstidælur frá www.comet-spa.com. Margar útfærslur í flæði og þrýstingi. Bensín, dísil, glussadrif eða drifskaft. Skaffum allan slöngu- og spíssabúnað fyrir rörahreinsun. Gerum föst tilboð, mjög hagstæð verð og góð þjónusta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Rúllugreip með keflum og spjótum. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 247.000 m/vsk. (kr. 199.000 +vsk) H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is






Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Dísilhitarar 5kw. 12 til 24 volt. Verð kr. 53.900 - Orkubóndinn.is Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.

## Atvinna

Ég er 45 ára karlmaður frá Sýrlandi með dvalarleyfi á Íslandi og tala ágæta ensku. Ég hef áhuga á því að taka þátt í störfum á íslenskum bóndabæ, bæði til að kynnast lífinu í sveitinni og læra íslensku. Höskuldur Machusian, s. 691-7209.

Ég heiti Garðar í Hólmi og mig vantar aðstoð til við gegningar út marsmánuð. Áhugasamir hafi samband í s. 692-3763.

## Húsnæði

Reglusamur, 56 ára, karlmaður óskar eftir framtíðarstarfi með húsnæði á góðu sveitaheimili, sem er bæði kúabú og fjárbú. Er með vinnuvélaréttindi. Upplýsingar í s. 788-0745.

Par með tvö börn óskar eftir langtíma leiguhúsnæði í kringum Selfoss og nágrenni. Skoðum allt. Hafið samband á framtidarheimili@gmail.com

## Matvörur

Óska eftir nauta- og eða lambakjöti í skiptum fyrir fisk. T.d. ýsu, þorsk, lúðu. Upplýsingar sendist á: Kjotfyrirfisk@gmail.com

## Jarðir

Fjárbú í rekstri á Austurlandi er til leigu/sölu. Um er að ræða rúmlega 300 kinda bú, ásamt fullvirðisrétti, og helstu tæki og tól til heyskapar geta fylgt auk heyfyrninga. Áhugasamir geta sent fyrirspurn á netfangið fjarbu.austur25@gmail.com. Frestur til fyrirspurna er til mánaðamóta apríl-maí.

## Til leigu

Kaupi vínylplötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Suzuki AC50 hjóli eða pörtum til uppgerðar. Skoða líka önnur hjól. S. 896-0158 valur@heimsnet.is

Óska eftir amerískum bílum, jeppum, pallbílum. skoða allt og á alls konar verðum. Tækin mega þarfnast einhverra lagfæringa. Sms eða símtal í s. 774-4441.

Situr þú uppi með úreltan ljósmyndabúnað í skúffum og skápum? Ég skal kaupa hann af þér. AstvaldurL@gmail.com s. 822-5269.

Vantar einnar hásinga sturtuvagn við dráttarvél, um 5 tonn. Má vera í misjöfnu ástandi. S. 893-0935.

## Til leigu

Fullbúin gróðurhús eða hluti af gróðurhúsi í nágrenni höfuðborgarinnar til leigu, frá 200 til 2.000 fm. Leiguverð kr. 400 pr. fm. Leigutímabil frá 15. mars til 15. sept. 2025. Áhugasamir sæki um á sophusdahl@gmail.com

## Til sölu

Til sölu Honda CR-V hybrid, 4x4 árgerð 2022 á götuna í nóv. Dökkblár, ekinn aðeins 12.500 km. Er í Rvk. Verð kr. 6.700.000. Bein sala. Upplýsingar í s. 849-1813.

Til sölu er stór járnsög, skrúfstykki, tekur 22 cm. Verð kr. 350.000. Telwin tg 222 suðuvél fyrir ál, rústfrítt og járn, verð kr. 150.000 Uppl. í s. 894-4082.

## Þjónusta

Þakmálun. Tek að mér þakmálun, sérhæfi mig í háum og bröttum þökum. Geri verðtilboð og kem hvert á land sem er. Sendið tölvupóst á magnussongudmundur40@gmail.com

Trjáfellingar. Fellum tré á höfuðborgarsvæðinu gegn hóflegu gjaldi. Besti tíminn er núna. Hafið samband í s. 692 -1322 eða á nonni7888@gmail.com

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



# STÁLGRINDARHÚS

## Sérpöntun / sérsniðin að þínum þörfum

**BYKO hefur á boðstólum allt efni sem þarf til að byggja glæsileg stálgrindarhús.**

Ef þú ert með hugmynd um að byggja vélaskemmu, verkstæði, skrifstofu-eða verslunarhúsnæði þá byrjarðu hjá BYKO og við vinnum saman í því að láta hugmyndina verða að veruleika. BYKO hefur áratuga reynslu af sölu stálbygginga af ýmsum toga.

Hafðu samband við **Hallgrím** í síma 821-4137 eða **Halldór** í síma 821-4186. Einnig getur þú sent fyrirspurn á ***bondi@byko.is.***



### FULLBÚIN HEILSÁRSHÚS

Í BYKO færðu fullbúin heilsárshús í mörgum stærðum. Húsin koma fullkláruð að utan sem innan og koma þau með eldhúsi og baðherbergi (15 m² húsið kemur ekki með eldhúsi). Húsin fást í mismunandi stærðum og gerðum, en afhendast án húsgagna.

Afhendingartími er 18 til 22 vikur frá staðfestum framleiðslu-teikningum.



### STÖÐLUÐ STÁLGRINDARHÚS

BYKO selur stöðluð stálgrindarhús í 4 stærðum: 80m², 150m², 250m² og 350m². Afhendingartími frá því að húsið er pantað er um það bil 10-12 vikur.



### KLÆÐNINGAR

Í BYKO er fjölbreytt úrval þak og veggjaklæðninga, ásamt undirkerfa frá Stac Bond, Swisspearl og Lunawood svo eitthvað sé nefnt. Hvert sem verkefnið er, stórt sem smátt, þá erum við með lausnina fyrir þig.

# AFLVÉLAR

## VALTRA ER HÖNNUÐ FYRIR NORRÆNAR AÐSTÆÐUR!

**Söluhæsta dráttarvélamerkið 2024 í flokki véla yfir 100hö.***

## VALTRA Q LÍNAN
## 230-305 HÖ

reddot winner 2023

FARM MACHINE 2023

MADE IN FINLAND




Q línan er draumur ökumannsins. Fullkomið jafnvægi milli krafts, nákvæmni og afkasta. Q stendur fyrir gæði (Quality).



**VALTRA A LÍNAN 75-135 HÖ**

A línan er lítil vél, létt og lipur. Gott pláss fyrir ökumanninn.



**VALTRA G LÍNAN 105-135 HÖ**

G línan er fyrsta vélin í 5. kynslóðinni, frábær vél fyrir ámoksturstæki. 5,7fm gler í húsi veitir gott útsýni.



**VALTRA N LÍNAN 135-201 HÖ**

N línan er öflug og lipur og er kölluð "lipri vinnuhesturinn" í VALTRA fjölskyldunni.



**VALTRA T LÍNAN 155-271 HÖ**

T línan er vinnuhestur með 6 strokka vél og getur unnið með öll tæki. Mikið afl.

Framúrskarandi fyrirtæki 2018-2024

**SELFOSSI | AKUREYRI | GARÐABÆ | sími 480-0000 | www.aflvelar.is**

* skv. gögnum Samgöngustofu yfir nýjar innfluttar dráttarvélar 2024